

**Öryggis- og eftirlitshandbók
fyrir íþróttahús**

**Menntamálaráðuneytið
2003**

Efnisyfirlit

1. Inngangur og reglur um öryggi í íþróttahúsum.
2. Viðauki og skýringar.
3. Búnaður til skyndihjálpar í íþróttamannvirkjum.
4. Aðstaða til að hlynna að slösuðum. Yfirlit yfir námsefni á skyndihjálparnámskeiði.
5. Eyðublöð vegna skráningar slysa.
6. Dæmi um : Neyðaráætlun og öryggiskerfi, sem segir fyrir um viðbrögð ef slys ber að höndum
7. Dæmi um: Rýmingaráætlun fyrir áhorfendasvæði í samræmi við byggingarreglugerð nr. 441/1998.
8. Dæmi: Reglur um umgengni í íþróttahúsum.
9. Dæmi um: Gátlista (eftirlitslista) vegna eftirlits með húsi og búnaði íþróttahúsa.
10. Dæmi um : Skriflegt samkomulag um framkvæmd gæslu og ábyrgðar með ábyrgðaraðila og leigutaka íþróttahúss
11. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.
12. Dæmi um : Hreinlætisáætlun húsnæðis og búnaðar í íþróttahúsum.
13. Íþróttalög nr. 64/1998.
14. Önnur gögn.

Inngangur

Í janúar 1993 skipaði menntamálaráðherra nefnd um öryggismál í íþróttamannvirkjum, sem síðan var endurskipuð haustið 1996. Í framhaldi af góðum viðtökum við útgáfu reglna um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar, hóf nefndin á árinu 1999, að vinna að tillögum að reglum um öryggi í íþróttahúsum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá eftirtöldum aðilum:

Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Vinnueftirliti ríkisins,

Hollustuvernd ríkisins,

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins,

Árvekni og

menntamálaráðuneytinu.

Reglur þessar eru samdar í nánú samráði við þá aðila sem eiga fulltrúa í nefndinni auk margra annarra aðila sem starfa að íþróttamálum. Reglum þessum er fyrst og fremst ætlað að taka til íþróttahúsa og íþróttasala sem ætlaðir eru til kennslu í íþróttum í almenna skólakerfinu og til æfinga á vegum íþróttafélaga. Í reglunum er vísað til öryggis- og eftirlitshandbókar, en gefa á út slíka handbók samhliða reglunum og þarf hún að vera aðgengileg öllum starfsmönnum íþróttahúsa.

Í íþróttahúsum geta leynst margvíslegar hættur og er það siðferðileg skylda eigenda þeirra að draga úr þeim svo sem kostur er. Ábyrgð þeirra er byggja og reka íþróttahús er mikil og miklu varðar að öryggi íþróttaiðkenda og gesta íþróttahúsa sé sem best tryggt á hverjum tíma. Forstöðumenn íþróttahúsa hafa óskað eftir samræmdum öryggisreglum til að vinna eftir og er með setningu þessara reglna verið að koma til móts við þær óskir og jafnframt að auka öryggi í íþróttahúsum frá því sem nú er.

Reglur af því tagi sem hér eru settar draga á engan hátt úr ábyrgð einstaklinga á sjálfum sér. Íþróttaiðkendur og gestir íþróttahúsa þurfa eftir sem áður að gæta að öryggi sínu og ganga vel um íþróttahús og þann búnað sem þar er að finna. Reglur þessar draga hins vegar saman þau öryggisatriði sem forstöðumenn íþróttahúsa þurfa að tryggja að séu til staðar og séu í lagi.

Sveitarstjórnir og aðrir eigendur íþróttahúsa eru eindregið hvattir til að samþykka að farið verði eftir þeim reglum sem hér eru settar og hrindi í framkvæmd úrbótum í öryggismálum í samræmi við þær. Einnig er nauðsynlegt að allir starfsmenn íþróttahúsa kynni sér reglurnar vel og hagi störfum sínum samkvæmt þeim. Þannig ætti öryggi íþróttaiðkenda og gesta íþróttahúsa að vera eins vel tryggt og kostur er.

Reglur þessar eru settar af menntamálaráðuneytinu með vísun til 14. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 en þar segir: „Menntamálaráðherra hefur forgöngu

um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttaáhöld og annan búnað.“

Reykjavík, október 2002

f.h. menntamálaráðuneytisins

f.h. Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Tómas Ingi Olrich,
menntamálaráðherra

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
formaður

Reglur um öryggi í íþróttahúsum

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til hvers konar íþróttahúsa og áhorfendaaðstöðu þeim tilheyrandi, leikfimis- og íþróttasala og búnaðar tengdum starfsemi þessara mannvirkja.

Reglur þessar taka ekki til líkamsræktar- eða þreksala sem eru óviðkomandi starfsemi íþróttahúsa.

2. gr.

Skilgreiningar.

Ábyrgðaraðili: Með ábyrgðaraðila skv. reglum þessum er átt við forstöðumann íþróttahúss. Ábyrgðaraðili sér um að öryggisbúnaður sé í lagi og að öryggiseftirliti sé framfylgt. (sjá 7. gr.)

Öryggis- og eftirlitshandbók: Með öryggis- og eftirlitshandbók sem vísað er til í reglum þessum er átt við handbók sem geymir eyðublöð og annað efni sem viðkemur framkvæmd reglna þessara. Þar eru nánari skýringar á einstökum greinum reglnanna. Handbókin er gefin út samhliða útgáfu reglnanna.

Kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur: Með kennurum, þjálfurum og leiðbeinendum skv. reglum þessum er átt við þá kennara, þjálfara og leiðbeinendur sem reglulega starfa í viðkomandi íþróttahúsi og á vegum viðkomandi sveitarfélags.

3. gr.

Búnaður til skyndihjálpar og aðkoma að íþróttahúsi.

Í íþróttahúsum skal vera tiltækur búnaður til skyndihjálpar af viðurkenndri gerð þ.m.t. súrefnistæki og sjúkrabörur. Sjá búnaðarlista í öryggis- og eftirlitshandsbók. Starfsfólk, kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur skulu árlega fá leiðsögn í notkun þessara tækja.

Í íþróttahúsum skal vera aðstaða til að hlynna að slösuðum. Sjá nánar í öryggis- og eftirlitshandbók um búnað, gerð og staðsetningu á aðstöðu. Aðkoma sjúkrabifreiða að íþróttahúsi skal vera trygg og greinilega merkt.

Tryggja þarf hálkuvarnir og að öll aðkoma að íþróttahúsi sé sem hindranaminnst.

4. gr.

Neyðaráætlun og öryggiskerfi.

Í íþróttahúsum skal vera ákveðin neyðaráætlun og öryggiskerfi sem segir fyrir um viðbrögð ef slys ber að höndum. Skrá skal öll óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð. Sjá dæmi um eyðublöð í öryggis- og eftirlitshandbók. Einnig skal vera til staðar rýmingaráætlun fyrir áhorfendasvæði í samræmi við byggingarreglugerð.

Árlega skal ábyrgðaraðili fara yfir neyðaráætlun og æfa neyðarviðbrögð með starfsmönnum íþróttahúss. Kynna skal þessar áætlanir og viðbrögð fyrir nýju starfsmönnum í upphafi starfs.

5. gr.

Um framkvæmd eftirlits.

Ábyrgðaraðili skal samkvæmt gátlistum færa í öryggis- og eftirlitshandbók hvenær reglulegt eftirlit með húsi og búnaði fer fram. Skrá skal hverjir framkvæma eftirlitið, ástand búnaðar þegar eftirlit fer fram svo og hvenær aðgerðir til úrbóta eru framkvæmdar ef þeirra er talin þörf. Gátlistar og færslur í öryggis- og eftirlitshandbók eru hluti af innra eftirliti íþróttahúss.

6. gr.

Um gengnisreglur fyrir íþróttahús.

Ábyrgðaraðili setur umgengnisreglur. Reglur þessar skal setja upp á áberandi stöðum. Þær eru hluti af leiguskilmálum hússins ef ekki er um annað samið. Í reglunum skal koma fram hver sé eigandi og ábyrgðaraðili mannvirkisins.

Í umgengnisreglum skal kveðið á um eftirfarandi þætti:

- *Almenna umgengni notenda.*
- *Starfssvið starfsmanna eða forsvarsmanna hópa.*
- *Viðurlög við brotum á reglum um umgengni, húsakynni, áhöld og búnað.*
- *Ábyrgð á fatnaði og lausamunum.*

7. gr.

Gæsla.

Gæslu í íþróttahúsi skal haga í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram hverju sinni.

Gæsla í íþróttahúsi er á höndum ábyrgðaraðila og þeirra sem starfa í mannvirkinu, starfsmanna íþróttahússins, kennara, þjálfara og leiðbeinenda eftir því sem við á. Skilgreina ber í umgengnisreglum starfssvið einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa.

Ábyrgðaraðili íþróttahúss og framkvæmdaraðili (leigutaki) viðburða, svo sem íþróttamóta, æfinga, skemmtana, listviðburða eða sýninga skulu gera með sér skriflegt samkomulag um framkvæmd gæslu og ábyrgðar.

8. gr.

Starfsmenn íþróttahúsa.

Starfsmenn íþróttahúsa skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttahúsa.

Um öryggi og aðbúnað starfsmanna í íþróttahúsum skal fara eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Kennsla, þjálfun og námskeið.

Kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess, í samvinnu við starfsmenn íþróttahúsa, að nemendur og iðkendur fari ekki í íþróttasal á undan þeim. Kennarar, leiðbeinendur eða þjálfarar skulu ekki víkja úr sal fyrir en allir eru farnir til búnings- eða baðklefa.

Kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur skulu í samvinnu við starfsmenn íþróttahúss fara árlega yfir vinnutilhögun í tengslum við kennslu og þjálfun þar sem fyllsta öryggis nemenda og iðkenda verði gætt.

Í upphafi skólaárs eða við upphaf hvers námskeiðs skulu kennarar ásamt starfsfólki fara með nemendum yfir þær umgengisreglur sem gilda og gera þeim grein fyrir mögulegum hættum.

10. gr.

Ræsting og hreinlæti.

Við hreingerningar og þrif skal fylgja skriflegri hreinlætisáætlun húsnæðis og búnaðar sem skal vera aðgengileg fulltrúa heilbrigðiseftirlits og er hluti af innra eftirliti íþróttahússins.

Öll ræstiefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstum klefa eða geymslu sem starfsmenn einir hafa aðgang að.

11. gr.

Frágangur auglýsinga.

Auglýsingar sem komið er fyrir við hliðarlínur valla eða endalínur og festar eru á standa eða bókka skulu þannig gerðar að þær falli undan álagi. Slíkar auglýsingar mega ekki hindra flóttaleiðir (rýmingarleiðir) eða neyðarútganga.

Uppsetning auglýsinga er óheimil án samráðs við ábyrgðaraðila.

12. gr.

Meðferð búnaðar, kennslu- og íþróttahalda.

Lausan búnað, svo sem mörk, körfuboltagrindur og ýmis fimleikataeki er óheimilt að nota án festinga.

Greinargóðar leiðbeiningar skulu vera við lyftinga- og þrektæki um notkun og mögulega slyshættu. Sérstaklega á þetta við um tæki sem eru með lausum lóðum og handlóð.

Fyrirkomulag í geymslu fyrir íþróttabúnað skal vera þannig að ekki stafi hættu af áhöldum. Festingar skulu vera fyrir búnað sem hættu getur stafað af.

Fara skal reglulega yfir allan lausan og fastan búnað í íþróttahúsi.

13. gr.

Hiti og loftræsing.

Hiti í íþróttahúsi skal vera hæfilegur miðað við þá starfsemi sem þar fer fram. Við kennslu skólaíþróttu skal hitastig að jafnaði vera um +20°C. Við íþróttæfingar og kappleiki skal hitastig að jafnaði vera um +16°C og loftræsing góð.

Fylgjast skal reglulega með loftræsikerfi, lofthreinsun/síum og afkastagetu lofthreinsibúnaðar.

14. gr.

Hitastig vatns og steypiböð.

Vatn í steypiböðum skal ekki vera heitara en 55°C þegar það er tekið til blöndunar með köldu vatni og skal það tryggt með viðurkenndum búnaði.

Þar sem kennsla í skólaíþróttum barna fer fram skal hiti á vatni í steypiböðum vera fastsettur á bilinu 34-38°C.

Fljótandi sápa skal vera til staðar á steypiböðum. Gæta skal þess að útbúa vörn við því að sápa drjúpi á gólf úr sápuskömmturum.

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum í 14. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 og öðlast þegar gildi.

Viðauki og skýringar við reglur um öryggi í íþróttahúsum

Inngangur

Öryggisreglur þessar eru samdar af starfshópi sem settur var á fót að tilhlutan menntamálaráðherra í janúar 1993 og síðan endurskipaður haustið 1996. Í viðauka þessum er vísað til einstakra greina í reglum um öryggi í íþróttahúsum og gefnar nánari skýringar á þeim.

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar taka til íþróttahúsa, íþróttasala og rýma þeim tengdum, sem ætluð eru til hvers konar líkamsþjálfunar, íþróttakeppni og kennslu í íþróttum. Einnig ná þær til þrekæfingasala og fangbragðasala og búnaðar þeim tengdum sem ætlaður er til þjálfunar, keppni og kennslu. Fyrst og fremst er hér átt við mannvirki sem ætluð er til kennslu í almenna skólakerfinu og á vegum íþróttafélaga.

Reglur þessar taka ekki til aðstöðu á endurhæfingarstofnunum eða aðstöðu sem ætluð er til einkanota. Þó að reglur þessar taki ekki til líkamsræktarstöðva, sem eru í einkarekstri, má ætla að hollustu- og heilbrigðiseftirlitsaðilar með slíkum rekstri hafi þær til hliðsjónar.

2. gr.

Skilgreiningar

Ábyrgð forstöðumanns íþróttahúss er í þessum reglum skilgreind með sama hætti og gert er í lögum nr. 46/1980 um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum. Í 12 gr. laganna segir að framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga. Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni.

3. gr.

Búnaður til skyndihjálpar og aðkoma að íþróttahúsi

Í íþróttahúsum þarf að vera staður til geymslu tækja og gagna til skyndihjálpar og aðstaða til að veita skyndihjálp. Þessi aðstaða verður að vera aðgengileg. Sjá nánar öryggis- og eftirlitshandbók. Eftir að reglur þessar hafa öðlast gildi er gert ráð fyrir að starfsfólk íþróttahúsa sækji námskeið í skyndihjálpar og verður horft til þess hvort þörf sé á sérstöku námsefni í því skyni. Skýrar umgengnisreglur verða að vera á hverjum stað, hverjir hafi aðgang að sjúkragögnum íþróttahúss, t.d. hvort íþróttþjálfarar í einstökum greinum hafi aðgang að sjúkragögnum í öllum tilfellum og þá sérstaklega kæli- og þrýstiumbúðum. Sjálfsagt er að hver staður hafi ákveðnar

reglur um umgengni búnaðar til skyndihjálpar. Regluleg athugun samkvæmt gátlista á innihaldi sjúkrakassa á að vera sjálfsgöð þannig að heilbrigðisfulltrúi geti staðfest eftirlit með sjúkragögnum. Í öryggis- og eftirlitshandbók er listi yfir þann búnað sem á að vera til staðar.

4. gr.

Neyðaráætlun og öryggiskerfi

Með neyðaráætlunum er hér átt við að viðbrögð sérhvers starfsmanns við óhöppum og slysum skulu vera mörkuð og hlutverk hans fyrirfram ákveðið þannig að allur ferill sé skýr. Svo getur viljað til að aðeins tveir einstaklingar séu að störfum þegar óhapp á sér stað, kennari eða þjálfari og starfsmaður íþróttahúss. Við slíkar kringumstæður er nauðsynlegt að sérhver starfsmaður verði þess albúinn að veita aðstoð og þekkja hlutverk sitt. Nauðsynlegt er að kennarar og þjálfarar viti hvert hlutverk starfsmanns íþróttahússins er ef óhapp ber að höndum og hvernig verkaskiptingu er háttað. Dæmi um neyðaráætlun er að finna í öryggis- og eftirlitshandbók.

Í byggingarreglugerð eru ákvæði um neyðarútganga og neyðarlýsingu og er opinbert eftirlit haft með því að þessum ákvæðum sé fullnægt. Það er engu að síður á ábyrgð eiganda að þessir þættir séu í fullkomnu lagi og heyri undir innra eftirlit mannvirkisins.

Sama gildir um merkingu rýmingarleiða í þeim húsum sem það á við. Starfsmenn eiga að geta brugðist rétt við ef til rýmingar kemur.

5. gr.

Um framkvæmd eftirlits

Í þessari grein eru þær kröfur til eigenda/forráðamanns íþróttahúss að farið sé reglulega yfir allan búnað, þar með talinn fastan og lausan búnað sem ætlaður er til kennslu og þjálfunar. Ef rekja má óhapp með einhverjum hætti til bilunar eða vanhirðu búnaðar er leitað eftir því hvenær og með hvaða hætti búnaður var skoðaður og yfirfarinn. Vanræksla við eftirliti eru á ábyrgð eigenda. Sjá nánar gátlista í öryggis- og eftirlitshandbók.

Ennfremur lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, IV kafla 12. gr. sé um opinberan rekstur að ræða o.s.frv.

6. gr.

Umgengnisreglur fyrir íþróttahús

Þegar unnið var að gerð þessara reglna var tekin sú ákvörðun að semja ekki algildar umgengnisreglur íþróttahúsa. Íþróttahús eða salir geta verið með mjög margvíslegu móti og því ekki talið gerlegt að setja samræmdar reglur sem alls staðar eiga við. Þess í stað er brugðið á það ráð að gera kröfur til þess að reglur verði settar um ákveðin grundvallaratriði. Ennfremur að reglur séu öllum sýnilegar og aðgengilegar og viðurlög kunn við brotum á reglunum.

Sérstaklega skal bent á ábyrgð og varðveislu á fatnaði og lausamunum.

Eins og bent er á í öðrum lið 7. greinar bera allir ábyrgð sem starfa í mannvirkinu, á framkvæmd reglnanna og því er áriðandi að starfsfólk íþróttahúss, kennarar og þjálfarar vinni vel saman við framkvæmd og eftirfylgni umgengnisreglna.

7. gr.

Gæsla

Gæsla í íþróttahúsi er á ábyrgð forstöðumanns/eiganda nema sérstaklega sé um annað samið. Þegar meta á þörf mannafla við gæslu ber að taka tillit til eftirfarandi þátta :

- *Íþróttakennslu í grunnskóla, þ.m.t. íþróttaskóla barna á leik- og grunnskólaaldri.*
- *Íþróttakennslu við framhaldsskóla.*
- *Íþróttæfingar barna og unglinga á grunnskólaaldri.*
- *Íþróttæfingar fullorðinna á vegum íþróttafélaga.*
- *Íþróttatíma einstaklinga eða hópa á eigin vegum.*
- *Íþróttamót og skal gæslu hagað í samræmi við nánari skilgreiningu:*

Fjölliðamót.

Minni háttar mót eða keppni.

Landsleikir og áhættuleikir.

Eins og áður er fram komið er gæsla á ábyrgð eigenda/forstöðumanns og metur hann þörf fyrir gæslu hverju sinni. Í þessum reglum er bent á nokkra þætti sem eru afgerandi þegar metin er þörf mannafla við gæslu. Einnig er bent hér á að skýrar línur verða að vera milli eigenda/forráðamanns og framkvæmdaraðila viðburðar um ábyrgðarhlutverk og ábyrgðardreifingu, t.d. um gæslu, dyravörslu og vöktun áhorfendasvæðis.

Nokkuð hefur verið um að börn fylgi foreldrum sínum á æfingar í íþróttahúsum. Gera verður hlutaðeigendum ljóst að starfsfólk íþróttahússins getur ekki ábyrgst gæslu þessara barna. Forráðamaður íþróttahúss verður að bregðast við slíkum aðstæðum með einhverjum hætti. Ekki er verjandi að börn séu gæslulaus á áhorfendapöllum, búningsherbergjum eða áhaldageymslum. Telja verður að forráðamaður íþróttahúss hafi heimild til að meina öðrum aðgang að íþróttæfingum en félögum viðkomandi deildar eða liðs.

8. gr.

Starfsmenn íþróttahúsa

Forráðamaður íþróttahúss er ábyrgur fyrir þeirri starfsemi sem þar fer fram og getur hann meinað hópi aðgang að íþróttaaðstöðu hafi ekki ábyrgur aðili stjórn hans með höndum. Vafasamt verður að teljast að yngri einstaklingur en 18 ára geti talist ábyrgðarmaður. Samkvæmt barnaverndarlögum er barn nú skilgreint sem einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Vafasamt verður því að telja að barn geti verið ábyrgðarmaður fyrir hópi barna. Ekki er ástæða til að gera athugasendir við það að aðstoðarfólk sé yngra en það getur aldrei orðið fullgildur ábyrgðaraðili og ber forráðamanni íþróttahúss að gera aðilum grein fyrir því.

Við gildistöku þessara reglna ber forráðamönnum að sjá til þess að starfsfólk íþróttahúsa fái námskeið í skyndihjálp. Samið verður sértækt námsefni fyrir starfsmenn íþróttahúsa og ennfremur ákveðið hvernig upprifjun verði háttað. (Ath. sérstakt námsefni vegna eineltis).

Þegar gerður er ráðningarsamningur við starfsmenn getur atvinnurekandi farið fram á að lagt sé fram heilbrigðisvottorð og sakarvottorð. Avinnurekandi, getur ennfremur við gerð ráðningarsamnings kafið menn sagna um heilbrigði og hvort sakarvottorð sé hreint. Ef umsækjandi leynir slíkum upplýsingum fyrir atvinnurekanda getur það leitt til uppsagnar án frekari fyrirvara.

9. gr.

Kennsla, þjálfun og námskeið

Í þessum kafla er áhersla lögð á að allir sem vinna í íþróttahúsi hafi um það góða samvinnu að fyllsta öryggis sé gætt og að starfsmenn geti ekki firrt sig ábyrgð. Sjálfsagt er að starfsmenn fari yfir öryggisreglur íþróttahúss í sínum vinnutíma.

Almennt er talið að hæfilegur fjöldi nemanda í íþróttatíma í grunnskóla sé ein bekkjardeild enda litið þannig á að um tiltölulega einsleitan hóp sé að ræða sem kennari leggur fyrir verkefni sem ráðast af aldri og þroska nemenda.

Þegar kemur að því að ákveða hvað telst hæfilegur eða viðráðanlegur fjöldi í íþróttatíma/íþróttæfingu er málið erfiðara viðfangs. Hvort tveggja er að ekki er alltaf um einsleita hópa að ræða, meiri aldursdreifingu svo og að annað hafi þar áhrif svo sem skortur á æfingatímum og eða leiðbeinendum.

Að sjálfsögðu ræðst það af aldri iðkenda hvað telst hæfilegur/viðráðanlegur fjöldi iðkenda á æfingu.

Almennt má segja að við mat á eftirlits- og umönnunarskyldum þeirra sem fyrir starfsemi standa, skipti aldur barnanna sem taka þátt miklu máli. Eru vitaskuld gerðar ríkari kröfur í þessu efni eftir því sem börnin eru yngri.

Eðlilegt verður að teljast að hvert félag/deild setji sér vinnureglur í þessu efni og takmarki fjölda barna í hópum við þann fjölda að leiðbeinandi geti sinnt eftirlits- og umönnunarskyldu svo fullnægjandi megi teljast.

Umsjónarmanni/starfsmanni ber skylda til þess að koma á framfæri athugasemdum við forráðamenn félags eða deildar meti hann ástand á þann veg að eftirlits- og umönnunarskyldu sé áfátt og getur forráðamaður Íþróttahúss að undangenginni viðvörðun stöðvað íþróttæfingu sé öryggi iðkenda áfátt að hans dómi.

10. gr.

Ræsting og hreinlæti

Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit. Innra eftirlit skal taka mið af umfangi starfseminnar. Í innra eftirliti felst m.a. að:

- *Tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvæga eftirlitsstaði, s.s. varðandi hitastig vatns og heilbrigðisvottorð starfsfólks.*
- *Gera skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, viðhald loftræstikerfa, þrif og gerileyðingu.*
- *Skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks og gera grein fyrir réttindum þeirra.*
- *Skrá óhöpp, slys og úrbætur.*
- *Skrá viðhald tækja og búnaðar eftir því sem við á.*

Ennfremur felst innra eftirlit í hreinlætisáætlun sem tekur til daglegra þrifa á húsnæði, þrifa á leiktækjum og áhöldum. Þá skal innra eftirlit taka til eftirlits með öryggisþáttum og búnaði. Í því felst m.a. að athuga slit, fúa burðarþol, festingar og annað það sem máli skiptir.

11. gr.

Frágangur auglýsinga

Megintilgangur þessarar greinar er að koma í veg fyrir að uppsetning auglýsinga auki á slyshættu í mannvirkinu. Með þessari grein er undirstrikað að ekki er heimilt að koma fyrir auglýsingum án samþykkis eigenda/forráðamanns. Þegar samþykki er gefið er sjálfsagt að taka fram þann tíma sem auglýsing skal standa og að auglýsandi fjarlægi auglýsingu þegar sá tími er liðinn og annist hreinsun nema um annað sé samið. Undanfarin ár hefur tíðkast að líma auglýsingar á gólf íþróttahúsa í kappleikjum. Slys hafa hlotist af slíkum auglýsingum þegar húsið er í annarri notkun vegna þess að viðnám auglýsingarflatarins er annað en gólfsins.

12. gr.

Meðferð búnaðar, kennslu –og íþróttahalda

Þessi grein þarfnast ekki ítarlegrar skýringar en megintilgangur er að festa í sessi umgengnisreglur um þann margvíslega búnað sem tilheyrir kennslu, þjálfun og keppni. Því miður hafa hlotist af því alvarleg slys á undanförunum árum að umgengni um þennan búnað er ekki sem skyldi. Rétt er að merkja sérstaklega þennan búnað. Þess er vænst að með þessum reglum komist á góðar venjur varðandi umgengni, og á forráðamaður íþróttahúss þess kost að beita viðurlögum sé umgengnisreglum ekki framfylgt. Vert er ennfremur að benda á að gerð er krafa um frágang í tækjageymslum og æskilegast er að þær séu læstar. Einnig á að vera sjálfsagður hlutur að búnaður sé ekki skilinn eftir svo nálægt leikvelli, hliðarlínunum eða endalínunum, að iðkendum geti stafað hættu af honum. Í Öryggis og eftirlitshandbók er eftirlitslisti sem forstöðumönnum ber að fara eftir við skoðun á föstum búnaði. Ekki ber þó að líta svo á að þessi listi sé tæmandi.

13. gr.

Hiti og loftræsing

Þau viðmiðunarmörk sem hér eru sett um hitastig í íþróttahúsum og taka mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram hverju sinni eru almennir staðlar í Evrópu. Hér er fyrst og fremst átt við íþróttasali. Í annarsskonar mannvirkjum sem eru ætluð sem aðstaða til iðkunar "útiíþróttar" að vetrarlagi svo sem knattspyrnuhús, reiðhallir o.s.frv. er yfirleitt ekki gert ráð fyrir sömu hitastýringu eða hitastigi og í íþróttasölum. Þar hlýtur það að vera ábyrgð kennarans eða þjálfarans að leiðbeina iðkendum um viðeigandi íþróttar- og hlífðarfatnað.

Sama má segja um lofthraða. Þar er fyrst og fremst átt við íþróttasali þegar lofthraðinn fer yfir 2m á sek. skynjar einstaklingurinn hann sem kælingu.

Lögð er áhersla á að reglulega sé fylgst með loftræsikerfi og búnaði þess og skipta skal reglulega um síur. Æskilegt er að samið sé um reglulegt eftirlit. Skrá á eftirlit og lagfæringar í handbók.

14. gr.

Hitastig vatns og steypiböð

Hér er verið að samræma kröfur sem gerðar eru í steypiböðum, sundlaugum og í íþróttahúsum.

Búnaður til skyndihjálpar í íþróttamannvirkjum

Í reglum um öryggi í íþróttahúsum í 3. gr. kemur fram að í íþróttahúsum skuli vera tiltækur búnaður til skyndihjálpar af viðurkenndri gerð þ.m.t. súrefnistæki og sjúkrabörur. Í eftirfarandi upptalningu er einungis um lágmarksbúnað að ræða. Forst-öðumenn íþróttamannvirkja ákveða hvort auka þurfi magn eftir stærð mannvirkis og aðsóknar.

A. Sjúkrakassi innihaldslýsing. (lágmarksbúnaður)

Skyndihjálparbók (mikilvægt að hún sé endurnýjuð í hvert skipti sem ný bók er gefin út af RKÍ)

Naglaklippur

Skæri

Flísatöng

Öryggisnælur 1 pk

Vasaljós (auka rafhlöður)

Hitamælir

Augnskolbrúsi

Einnota hanskar 1 kassi (100 stk)

Sárabindi 10 stk. 5 cm breið

Sárabindi 10 stk. 10 cm breið

Teygjubindi 10 stk. 5 cm

Teygjubindi 10 stk. 8 cm

Teygjubindi 4 stk. 8 cm

Teygjubindi 10 stk. 10 cm

Teygjubindi 10 stk. 15 cm

Kælipokar (einnota) 10 stk.

Kælipokar (margnota) 10 stk.

Gifsbómull 10 rúllur 15 cm breiðar

Grisjur (dauðhreinsaðar) 10 stk. 5x5 sérpakk. 1 stk. í pk.

Grisjur (dauðhreinsaðar) 10 pk. með 5 stk. 5x5

Grisjur (dauðhreinsaðar) 10 stk. 10x10 sérpakk. 1 stk. í pk.

Þríhyrnur (einnota) 5 stk.

Plástrar:

Heftiplástur	2 rúllur 2,5 cm breiður
Ofnæmisplástur	2 rúllur 2,5 cm breiður
Skyndiplástur (tau)	4 pk. 4 cm lengja
Skyndiplástur (tau)	4 pk. 6 cm lengja
DuoDerm v/hælsæri	3 stk.
Saltvatn (Natríumklóríð 0,9%)	2 brúsar 160 ml.
Mild fljótandi sápa	
Mýkjandi áburður td. A+D ointment	
Vasilín	
Þrúgusykur	2 pk.

B. Búnaður til aðhlyningar og flutninga.

Sjúkrabörur	
Teppi	
Hálskrasett (eða 1 stillanlegur)	
Sandpokar	
Stífar spelkur	
Sam spelkur	4 stk.

Sjúkraherbergi

Aðstaða til að hlynna að slösuðum

Sjúkraherbergi skal vera 12-20 m² og þannig staðsett að aðgangur að salerni sé auðveldur. Í herberginu skal vera handlaug.

Dyr að sjúkraherberginu skulu greinilega auðkenndar. Sími eða annar boðskiptabúnaður skal vera í herberginu.

Í sjúkraherberginu á að vera skoðunarbekkur/hvildarbekkur, borð og stóll. Þar á að vera veggfastur skápur til geymslu á sjúkravörum/sjúkrakassi, sjúkrabörur og flytjanleg súrefnistæki til endurlifgunar. (Sjá lista um sjúkragögn).

Staðsetning sjúkraherbergis skal vera sem næst íþróttasal og hafa sem best aðgengi bæði frá íþróttasal svo og að aðkomu sjúkrabifreiða.

Þar sem ekki er unnt að koma fyrir sérstöku sjúkraherbergi skulu sjúkragögn (sjá búnaðarlista) varðveitt með þeim hætti að starfsmenn hafi auðveldan aðgang að þeim, kennarar og þjálfarar samkvæmt ákvörðun forstöðumanns. Sjúkragögn skulu undir engum kringumstæðum vera aðgengileg börnum.

Þar sem sjúkraherbergi er ekki til staðar er samt sem áður æskilegt að hafa fyrirfram ákveðinn stað, t.d. starfsmannaaðstöðu, þar sem unnt er að sinna slösuðum án utanaðkomandi truflana.

Markmið námskeiðsins

Að þátttakendur öðlist færni í að þekkja og bregðast við hinum ýmsu áverkum.

Viðfangsefni

Kynning

Yfirlit námskeiðs, hópefli, kynning á Rauða krossinum og skyndihjálpi.

Aðgerðir á vettvangi

Grundvallarreglur skyndihjálpar, sálræn skyndihjálpi, smitvarnir.

Skoðun og mat

Frumskoðun, líkamsskoðun.

Endurlífgun

Meðvitundarleysi, hliðarlega, blástursaðferð, hjartahnoð, aðskotahlutur í öndunarvegi (fullorðnir, börn og ungbörn).

Blæðing og lost

Útvortis og innvortis blæðing.

Beina-, liðamóta- og vöðvaáverkar

Beinbrot, tognanir, liðhlaup, blóð undir nögl.

Höfuð-, háls- og hryggáverkar

Sár á höfuðleðri, höfuðkúpabrot, áverkar á heila, augnáverkar, nefáverkar, tannáverkar, háls- og hryggáverkar.

Brjóst-, kvið- og mjaðmagrindaráverkar

Rifbeinsbrot.

Spelkun útlíma

Tegundir spelkna og notkun.

Inntökuskilyrði

Þátttakendur séu 18 ára eða eldri.

Lengd námskeiðs

12 kennslustundir.

Námsmat

Frammistaða er metin samfelt í gegnum allt námskeiðið.

Viðurkenning

Eftir að hafa setið námskeiðið fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossi Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Rauði kross Íslands mælir með endurmenntun annað hvert ár.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er fyrir starfsmenn íþróttahúsa sem vilja öðlast öryggi, færni og heildræna þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum.

» Leiðbeinendur á námskeiðum hafa leiðbeinendaréttindi frá Rauða krossi Íslands.

» Frekari upplýsingar um námskeið veitir aðalskrifstofa Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9, sími 570 4000.

Skýrsla vegna slysa í íþróttahúsum

Nafn íþróttahúss _____

Nafn slasaða _____

Fæðingardagur og ár _____

Heimilisfang _____ Sími _____

Dagsetning slyss _____ Tími slyss _____

Slysstaður

- | | | |
|---|--|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Anddyri | <input type="checkbox"/> Í sturtuklefa | <input type="checkbox"/> Tegund tækis |
| <input type="checkbox"/> Á göngum | <input type="checkbox"/> Í tækjasal | _____ |
| <input type="checkbox"/> Snyrting | <input type="checkbox"/> Í íþróttatæki | <input type="checkbox"/> Annað |
| <input type="checkbox"/> Í búningsklefa | <input type="checkbox"/> Fyrir utan íþróttahús | _____ |
| <input type="checkbox"/> Í sturtu | <input type="checkbox"/> Í íþróttasal | _____ |

Slysavaldur, tegund slyss

- | | | |
|------------------------------------|---|--------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Högg | <input type="checkbox"/> Eitrun | <input type="checkbox"/> Annað |
| <input type="checkbox"/> Bruni | <input type="checkbox"/> Búnaður /tæki | _____ |
| <input type="checkbox"/> Fall-hras | <input type="checkbox"/> Áverki frá öðrum | _____ |

Skaddaður líkamshluti

- | | | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Höfuð | <input type="checkbox"/> Grindarbotn | <input type="checkbox"/> Fótleggur |
| <input type="checkbox"/> Háls | <input type="checkbox"/> Handleggur | <input type="checkbox"/> Annað |
| <input type="checkbox"/> Hryggssúla | <input type="checkbox"/> Hönd | _____ |
| <input type="checkbox"/> Brjóst | <input type="checkbox"/> Lærleggur | _____ |
| <input type="checkbox"/> Kviður | <input type="checkbox"/> Hné | |

Meiðsl

- | | | |
|---------------------------------------|------------------------------------|--------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Skrámur- Mar | <input type="checkbox"/> Klemmdist | <input type="checkbox"/> Annað |
| <input type="checkbox"/> Skurður | <input type="checkbox"/> Tognun | _____ |
| <input type="checkbox"/> Bruni | <input type="checkbox"/> Brot | _____ |

Meðferð hjá

- | | | |
|---|--|--------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Starfsmanni
íþróttahúss | <input type="checkbox"/> Slysadeild Fossvogi | <input type="checkbox"/> Annað |
| <input type="checkbox"/> Kennara | <input type="checkbox"/> Heilsugæslustöð | _____ |
| <input type="checkbox"/> Þjálfara | <input type="checkbox"/> Augnlæknir | _____ |
| | <input type="checkbox"/> Tannlæknir | |

Stutt lýsing á slysi: (Vinsamlegast takið fram hvort slysið varð í keppni, á íþróttæfingu eða í íþróttakennslu.)

Dags. Undirskrift starfsmanns _____

HEILSUGÆSLA Í SKÓLUM

Skólaslys

Skóli		
Nafn		Fæðingardagur ár
Heimilisfang		Bekkur
Slys/dagsetning	Klukkan	Klukkustundir frá byrjun skóladags

Slysstaður

<input type="checkbox"/> Skólastofa <input type="checkbox"/> Leikfimissalur <input type="checkbox"/> Handavinnustofa <input type="checkbox"/> Skólaeldhús <input type="checkbox"/> Skólagangur <input type="checkbox"/> Skólalóð/leikvöllur	<input type="checkbox"/> Á leið úr/í skóla <input type="checkbox"/> Heimahús <input type="checkbox"/> Íþróttir f. utan skólatíma <input type="checkbox"/> Að leik f. utan skólatíma <input type="checkbox"/> Skiðaferðalag <input type="checkbox"/> Annað:
--	---

Slysa Valdur

<input type="checkbox"/> Högg af/við hiut <input type="checkbox"/> Fall/hras <input type="checkbox"/> Umferðaslys <input type="checkbox"/> Áverki frá öðrum	<input type="checkbox"/> Bruni – hiti – kildi <input type="checkbox"/> Vélar <input type="checkbox"/> Eitrun <input type="checkbox"/> Íþróttir <input type="checkbox"/> Annað:
--	--

Hvaða líkamshluti skaddaðist

<input type="checkbox"/> Höfuð <input type="checkbox"/> Háls <input type="checkbox"/> Handleggur <input type="checkbox"/> Hönd <input type="checkbox"/> Hnéskel	<input type="checkbox"/> Brjóst – kviður – grindarbotn <input type="checkbox"/> Hryggsúla <input type="checkbox"/> Lærleggur <input type="checkbox"/> Fótleggur <input type="checkbox"/> Annað:
---	---

Meiðsli

<input type="checkbox"/> Skrámur/mar <input type="checkbox"/> Brot <input type="checkbox"/> Skurður	<input type="checkbox"/> Bruni <input type="checkbox"/> Tognun <input type="checkbox"/> Annað:
---	--

Meðferð hjá

<input type="checkbox"/> Skólahjúkrunarfræðingi <input type="checkbox"/> Slysavarsstofu Borgarspítalans <input type="checkbox"/> Heilsugæslustöð <input type="checkbox"/> Öðrum:

Var barnið fjarverandi frá skóla vegna slyssins

<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Veit ekki

Var barnið lagt inn á sjúkrahús

<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Veit ekki

Viðbragðsáætlun/Neyðaráætlun íþróttahúsa

Markmið *Viðbragðsáætlunar* er að tryggja að öll viðbrögð við slysum eða óhöppum verði markviss og örugg og stuðla með þeim hætti að lágmörkum afleiðinga þeirra.

Skilyrði þess að neyðaráætlun komi að tilætludum notum er kunnátta og þjálfun starfsmanna.

Verkefni starfsmanns/starfsmanna skv. viðbragðsáætlun.

- *Gera sér eins nákvæma grein fyri því eins og unnt er hversu alvarlegt slysið er.*
- *Hafa samband við neyðarlínu ef þess er þörf. Símanr.: 112*
- *Koma með neyðarbúnað á slysstað.*
- *Aðstoða við umönnun og flutning til sjúkrarýmis.*
- *Halda áhorfendum (börnum) frá slysstað og reyna að skapa ró kringum hinn slasaða.*
- *Taka á móti sjúkraflutningaliði, opna dyr og greiða þrim leið.*
- *Koma boðum til aðstandenda í samvinnu við kennara, þjálfara, leiðbeinenda.*
- *Hafa samband við vinnueftirlit þegar það á við.*
- *Ganga frá slysaskýrslu.*
- *Hafa samband við lögreglu.*

Þessum verkum skal forstöðumaður skipa með sínum starfsmönnum og hafa um það samráð við kennara, leiðbeinendur og þjálfara hvernig verkaskiptingu skal háttað.

Neyðaráætlun

Í reglunum um "Öryggi í íþróttahúsum" er gerð krafa um neyðaráætlanir, það er að segja að brugðist verði við slysum eða óhöppum á markvissan hátt eftir fyrirfram ákveðnu ferli.

Þau þrjú dæmi sem hér eru sett upp miðast við hina mismunandi notendahópa í mannvirkinu. Í fyrsta lagi "áætlun A" sem miðast við að notandi sé grunnskóli og þá undir stjórn kennara og tveir starfsmenn mannvirkis. Í öðru lagi "áætlun B" sem miðast við að notandi sé íþróttahópur undir stjórn þjálfara eða leiðbeinanda og einn starfsmaður mannvirkis. Í þriðja lagi er síðan "áætlun C" sem miðast við ýmsa aðra notendahópa og síðan íþróttamót.

Neyðarviðbrögð

Áætlun A.

- Kennari hefur samband við starfsmenn og starfsmaður I aðstoðar kennara við aðhlynningu og kemur með þann sjúkrabúnað sem við á. Aðstoðar ennfremur kennara við flutning hins slasaða á aðhlynningarstað þegar og ef kennari álitur slíkan flutning ráðlegan.
- Kennari tekur ákvörðun um hvort leitað skuli eftir aðstoð "Neyðarlínu" eða skólahjúkrun sem starfsmaður I síðan framkvæmir.
- Starfsmaður II tekur við stjórn nemenda, róar þau og heldur þeim frá slysstað og beinir þeim til búningsklefa. Ennfremur greiðir hann leið sjúkraflutningamanna, tekur á móti sjúkrabifreið, heldur dyrum opnum og vísar þeim leið.
- Kennari hefur samband við aðstandendur eða skólastjórn.
- Kennari gengur frá slysaskýrslu, það er að segja slysaskýrslu skóla og er afrit varðveitt í mannvirkinu ásamt öðrum slysaskýrslum.
- Ef forsakir óhapps má rekja til galla í mannvirkinu eða bilunar í búnaði getur verið nauðsynlegt að gera Vinnueftirliti viðvart sem metur það hvort þörf er á skoðun.

Verði slys eða óhapp í búnings- eða baðklefum er ferlið hið sama nema hvað þá er það starfsmaður mannvirkisins (baðvörður) sem hefur samband við kennara.

Meginregla er að þegar um er að ræða óhapp sem gerist við kennslu í grunnskóla eða framhaldsskóla er það kennari sem er frumkvöðull allra aðgerða.

Áætlun B.

- Þjálfari/leiðbeinandi hefur samband við starfsmann sem kemur á slysstað og kemur með þann búnað til aðhlyningar sem við á og aðstoðar við aðhlyningu. Aðstoðar við flutning hins slasaða á aðhlyningarstað ef áverkki er með þeim hætti að flutningur sé hafinn yfir efa.
- Starfsmaður hefur samráð við þjálfara/leiðbeinanda um að kalla til aðstoð "Neyðarlínu" sem starfsmaður framkvæmir síðan. Athugið að það að óska eftir aðstoð Neyðarlínu getur verið sjálfstæð ákvörðun starfsmanns.
- Starfsmaður reynir að skapa ró í kringum hinn slasaða, heldur öðrum frá slysstaðnum og greiðir leið sjúkraflutningamanna, opnar dyr og vísar þeim leið.
- Þjálfari/leiðbeinandi kemur boðum til aðstandenda ef barn á í hlut.
- Þjálfari/leiðbeinandi gerir slysaskýrslu í samráði við starfsmann. Ef orsakir óhapps má með einhverjum hætti rekja til annars einstaklings er nauðsynlegt að nafn hans komi fram í slysaskýrslu.
- Ef orsakir óhapps má rekja til galla í mannvirkinu eða bilunar í búnaði, getur verið nauðsynlegt að hafa samband við Vinnueftirlit sem metur það hvort þörf er á skoðun.

Verði slys eða óhapp í búnings- eða baðklefum er ferlið hið sama nema hvað að þá er það starfsmaður mannvirkisins sem hefur samband við þjálfara/leiðbeinanda.

Megin regla er að þegar um er að ræða óhapp sem gerist á æfingu íþróttafélags eða íþróttahópa er það íþróttþjálfari eða leiðbeinandi sem er frumkvöðull aðgerða.

Áætlun C.

Frjálsir hópar, fullorðnir einstaklingar.

- Þegar leitað er aðstoðar, kemur starfsmaður með sjúkrabúnað og aðstoðar við eða annast þá umönnun sem við á.
- Kallar á aðstoð "Neyðarlínu" í samráði við þann sem fyrir óhappinu varð. Athugið að einnig getur verið um að ræða sjálfstæða ákvoðun starfsmanns.
- Starfsmaður gengur frá slysaskýrslu.
- Ef orsakir óhapps má rekja til galla á mannvirkinu eða bilunar í búnaði er nauðsynlegt að Vinnueftirliti sé gert viðvart til úttektar á búnaði.

Íþróttamót. Mótshaldari er hinn ábyrgi aðili íþróttamóta, bæði er varðar íþróttafólk og áhorfendur. Hlutverk starfsmanns íþróttahúss er því:

- Veita aðgengi að þeim sjúkragögnum sem til staðar eru.
- Veita aðstoð við umönnun ef þess er þörf og óskað er eftir því.
- Greiða aðgengi sjúkraflutningamanna.
- Aðstoða við að halda ró í kringum hinn slasaða og aðstoða við að halda áhorfendum frá slysstað.
- Sjá til þess að slysaskýrsla sé gerð.
- Ef orskir óhapps má rekja til galla á mannvirkinu eða bilunar í búnaði er nauðsynlegt að Vinnueftirliti sé gert viðvart til úttektar á búnaði.

Eins og fram hefur komið eru þessar neyðaráætlanir aðeins dæmi sem hver og einn getur nýtt sér og sniðið að aðstæðum eftir því sem á við á hverjum stað.

Skipulögð viðbrögð við brunaviðvörðun.

Markmið

Markmið með skipulögðum viðbrögðum við brunaviðvörðun er:

- *Að koma með öllum tiltækum ráðum í veg fyrir líkamstjón gesta og starfsmanna.*
- *Að koma í veg fyrir og draga úr tjóni á munum og mannvirkjum eftir því sem unnt er.*

Að ráða niðurlögum elds er verk fagmanna. Fyrstu viðbrögð eru ávallt að koma í veg fyrir líkamstjón, því næst að forða tjóni á munum eða mannvirki með því að koma í veg fyrir útbreiðslu þar með talið að slökkva eld án þess þó að leggja sig í hættu.

Framkvæmd

Brunaviðvörðun eða munnleg boð. Samreynið boðin og hafið þegar samband við forstöðumann eða þann aðila á vinnustað sem forstöðumaður hefur tilgreint sem stjórnanda brunaviðbragða. Forstöðumaður eða sá sem hann hefur tilnefnt tekur ákvörðun um til hvaða stigs viðbragðsáætlunar er gripið.

Viðbrögð:

Hættustig I:

Takmarkaður eldur eða ofhitnun í rými sem gestir hafa ekki aðgang að og þar sem er takmarkaður eldsmatur. Tilkynna neyðarlínu. Ganga úr skugga um að eldhólf sé lokað og mannlaut. Aðeins þeir starfsmenn sem samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sinni framkvæmdum við slökkvistarf og hindra útbreiðslu á brunasvæðinu. Tilkynning til gesta.

Hættustig II.

Takmarkaður eldur laus í rými sem gestir, áhorfendur, hafa aðgang að og eldsmatur er til staðar. Tilkynning til neyðarlínu. Ganga úr skugga að eldhólf sé lokað og tæmt af fólki. Aðeins þeir starfsmenn sem fengið hafa þjálfun og samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sinni aðgerðum við slökkvistörf og hindra útbreiðslu. Aðeins þeir starfsmenn sem til þess hafa fengið þjálfun sinni starfi í eldhólfinu. Tilkynning til gesta og skipulögð rýming staðarins.

Hættustig III. Hættuástand.

Eldur laus í gestarými eða áhorfendarymi. Tilkynning til neyðarlínu. Flýttirýming í öllu mannvirkinu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun. Aðeins þeir starfsmenn sem fengið hafa til þess þjálfun sjá til þess að að öll eldhólf séu mannlaut og lokað.

Hlutverk forstöðumanns vegna brunavarna.

- *Sjá til þess að þjónustusamningur brunavarnarkerfis sé virkur og eintak af honum til staðar í mannvirkinu. Ennfremur gerð viðbragðsáætlunar.*
- *Hafa eftirlit með endurnýjun og viðhaldi slökkvibúnaðar. Gerð og endurnýjun viðhaldssamnings með slökkvibúnaði.*
- *Eftirlit, endurnýjun og viðhald öryggisbúnaðar og þátta s.s. neyðardýra, útiljósa og merkinga.*
- *Uppsetning og frágangur á leiðarvísingum um flóttaleiðir í brunahólfum.*
- *Gerð viðbragðsáætlunar ásamt hjálfun starfsfólks og skipan starfsfólks í hlutverk samkvæmt viðbragðsáætlun.*
- *Halda dagbók um atriði viðkomandi brunavörnum s.s. dagsetningu samninga, komu eftirlitsaðila, dagsetningu úrbóta og viðhalds, tíma hjálfunar starfsfólks, ábyrgðaraðila viðbragðsáætlunar á hverri vakt ásamt tékklistum.*

15 Ráðstafanir við brunavörnum. Björgunaráætlun.

- 15.1 Öryggið, sem fæst með sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi, minnkar stórlega sé það ekki tryggt að viðvörðunin skiljist á réttan hátt, og slökkvistarfi geti hafist án tafar. Sérhvert fyrirtæki ætti að gera sína eigin björgunaráætlun sem miðast við þarfir þess.

Slík áætlun skal greina í hvaða röð aðgerðir eru gerðar t.d.

- *aðvara þá sem eru í hættu*
- *reyna að slökkva eldinn sé það mögulegt*
- *gera ráðstafanir til að draga úr útbreiðslu eldsins, t.d. með því að loka hurðum*
- *kalla á slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp*
- *greiða leið slökkviliðsins að húsinu, og gefa því tiltækar upplýsingar um staðsetningu eldsins og annað sem máli skiptir s.s. sérstakar hættur í húsinu*

16 Viðurkenning á brunaviðvörðunarkerfi.

- 16.1 Byggingarfulltrúi/Brunamálastofnun getur samþykkt sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi sé eftirfarandi atriðum fullnægt:
- 16.2 Hönnun kerfisins sé unnin af aðila sem hefur löggildingu ráðherra til að gera raflagnateikningar skv. 48. og 49. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- 16.3 Uppsetning kerfisins sé gerð af aðila sem hlotið hefur viðurkenningu BR.
- 16.4 Til sé úttektarvottorð frá viðurkenndum eftirlitsaðila um að kerfið sé fullfrágengið og prófað.
- 16.5 Til sé yfirlýsing frá hönnuði og rafvirkjameistara sbr. gr. 53.3b í byggingarreglugerð, sjá fylgiblað 8.
- 16.6 Gerður hafi verið þjónustusamningur um kerfið, sjá fylgiblað 7.
- 16.7 Viðurkenningarskyldur búnaðar í kerfinu sé viðurkenndur af BR. Sjá reglur þar að lútandi í kafla 6.

DÆMI I

Reglur um umgengni í íþróttahúsum

1. grein Nemendur skulu mættir til íþróttaiðkana á réttum tíma, enda er húsinu lokað í byrjun hverrar kennslustundar.
2. grein Útiskó skal skilja eftir á gangi í þar til gerðum hillum.
3. grein Að loknum íþróttæfingum fari skólanemendur án tafar í bað, þurrki sig, klæðist og yfirgefi síðan húsið. Kennari getur veitt undanþágu frá baðskyldu ef þörf þykir.
4. grein Til íþróttaiðkana er skylt að hafa sérstaka búninga sem kennari ákveður.
5. grein Í salnum má aðeins nota fimleikaskó, þó ekki með sólum sem hætt er við að liti eða rispi gólfið.
6. grein Öll háreysti, átök eða hringingar í búnings- og baðklefum eru stranglega bannaðar.
7. grein Fara skal varlega með öll áhöld í fimleikasal. Í lok hvers tíma skal kennari/þjálfari sjá um, að nemendur gangi snyrtilega frá öllum áhöldum á sama stað og þau voru tekin.
8. grein Engin ábyrgð er tekin á verðmætum sem ekki er komið til geymslu hjá húsverði.
9. grein Reykingar og notkun tyggigúmmis er stranglega bönnuð í búningssklefum og sal.
10. grein Notkun harpix er aðeins leyfð í samráði við forstöðumann.
11. grein Baðverðir og þjálfarar íþróttafélaganna skulu sjá um að gengið sé snyrtilega um búningssklefa og böð.
12. grein Enginn flokkur má fara inn í fimleikasal fyrr en kennari eða þjálfari er mættur í sal.
13. grein Hver sá er brýtur þessar reglur og veldur skemmdum skal bæta þær að fullu. Umráðamenn/þjálfarar hóps er tjóni veldur bera fulla bótaskyldu. Þá er forstöðumanni heimilt að víkja viðkomandi einstaklingi/flokki úr húsinu við ítrekuð brot.

DÆMI II

Reglur um umgengni í íþróttahúsum

1. grein Nemendur skulu mættir til íþróttaiðkana 10 mín. áður en kennslustund á að hefjast, enda sé íþróttahúsinu lokað í byrjun hverrar kennslustundar.
2. grein Áður en nemendur ganga inn í búningsherbergi, skulu þeir fara úr skóm og koma þeim fyrir á stað, sem baðvörður eða kennari vísar þeim á.
3. grein Notkun tuggugúmmís er stranglega bönnuð, enn fremur öll háreysti. Þá er og bönnuð notkun harpíx í íþróttasalnum.
4. grein Umgengni skal vera snyrtileg, öll föt hengd á snaga í þar til gerðum fatabásum. Að loknum fataskiptum skal handklæði breitt yfir fötin.
5. grein Nemendur fari án tafar í bað að loknum íþróttæfingum, þurrki sér í bað- eða þurrkherbergi, klædist og yfirgefi samstundis íþróttahúsið. Kennari getur veitt nemendum undanþágu frá baðskyldu, ef þörf þykir. Sé um endurteknar undanþágubeiðnir að ræða, er rétt að kennari ráðgisti við þá eða þann, sem sér um heilsugæslu í viðkomanandi skóla.
6. grein Gæta skal þess að skola jafnan niður úr salernum eftir notkun, einnig að loka vatnshönum (krönum).
7. grein Stranglega er bannað að hafa í frammi hrekki og átök í búnings-, þurrk- og baðherbergjum.
8. grein Til íþróttæfinga er nemendum skylt að hafa sérstaka búninga, sem kennari ákveður.
9. grein Í íþróttasal má ekki nota aðra skó en fimleikaskó, með sólum, sem ekki lita gólfið, né heldur skó með svo grófgerðum sólum að þeir rispi lakkid á gólfinu eða geti valdið meiðslum.
10. grein Fara skal varlega með öll áhöld í íþróttasal. Sérstakrar varúðar skal gæta við færslu á slám og köðlum. Í lok hvers tíma skal kennari sjá um, að nemendur gangi snyrtilega frá öllum áhöldum á sama stað og þau voru tekin og dregið yfir gólfið með gólfþvegli.
11. grein Öll kennsla og æfingar í íþróttasal skulu vera undir eftirliti kennara. Ef baðvörður er eigi í íþróttahúsinu, eða er af einhverjum ástæðum fjarverandi og kennari getur eigi algjörlega litið eftir nemendum, meðan þeir baða sig, þurrka sér og kæðast, skal trúnaðarnemendi úr hverri bekkjardeild annast umsjón og gæslu. Kennari skal velja slíka trúnaðarnemendur.
12. grein Hver sá nemandi skólans, sem brýtur þessar reglur og veldur skemmdum, skal bæta þær að fullu verði, eftir mati skólastjóra.
13. grein Enginn flokkur má fara inn í íþróttasal, fyrr en íþróttakennari eða viðurkenndur æfingastjóri er mættur í sal. Fræðsluráð,

skólanefnd eða skólastjóri í þeirra umboði, viðurkennir æfingastjóra.

14. grein Fyrir hönd ungmenna- og íþróttafélaga, sem óska eftir að fá afnot af íþróttasal, skulu stjórnir félaganna semja við viðkomandi skólastjóra og raða niður í samráði við hann þeim tímum, sem félagið eða félögin, geta fengið til sinna afnota. Stjórnir ungmenna- eða íþróttafélaga gefa fræðsluráði, skólanefnd og skólastjóra upp nöfn íþróttakennara eða æfingastjóra þeirra, sem stjórnna eiga íþróttæfingum hvers tíma.
15. grein Umráðamenn flokks, félags eða stofnunar utan skólans, er tjóni veldur, bera fulla bótaskyldu á skemmdarverkum hans og missir flokkurinn, félagið eða stofnunin jafnframt afnotarétt sinn, þar til viðgerð hefur farið fram og allar bætur eru að fullu greiddar.
16. grein Þurfi íþróttakennari eða æfingastjóri íþróttaflokks að koma fyrir í salnum eigin áhöldum, skal hann semja við skólastjóra um geymslu þeirra.

Innra eftirlit – eftirlitslistar / gátlistar

Eins og fram kemur m.a. í 5. gr reglna um Öryggi í íþróttahúsum skal vera virkt innra eftirlit í íþróttamannvirkjum og er forstöðumaður mannvirkis ábyrgur fyrir slíku eftirliti. Með innra eftirliti er m.a. átt við að fylgst skuli reglulega og markvisst með ástandi húsakynna, ástandi búnaðar, ræstingu og almennri umgengni.

Til að innra eftirlit sé markvisst er auðveldast að gerðir séu eftirlitslistar, gátlistar, fyrir hvert mannvirki og fylgja tveir slíkir eftirlitslistar með í þessari útgáfu, annar er viðkemur búnaði en hinn mannvirkinu.

Það skal undirstrikað að þessir listar eru aðeins dæmi og mörg atriði í þeim eiga ekki við ákveðin mannvirki og annað þess eðlis og að full þörf er á eftirliti þó svo að það sé ekki á þessum listum. Því er það nauðsynlegt að hvert mannvirki geri sína eigin gátlista þar sem tiltekin eru þau atriði sem við eiga á hverjum stað.

Tekið skal fram að opinberir eftirlitsaðilar svo sem Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlit ríkisins skulu hafa aðgang að gátlistum.

Við gerð reglugerðar um öryggi í íþróttahúsum voru tekin til umfjöllunar ýmis atriði varðandi hönnun íþróttahúsa er varða öryggi notenda. Til glöggvunar fyrir þá aðila sem ætlað er að gera gátlista fyrir sín mannvirki fylgja hér atriði sem sérstaklega var rætt um.

Hönnun:

Öll hönnun skal vera í samræmi við byggingarreglugerð. Varast skal alla stóra glerfleti, t.d í hurðum og of þungar hurðir fyrir börn. Gera skal ráð fyrir að börn nái með góðu móti í fatasnaga o.fl. Áhaldageymslur skulu ekki vera minni en 70m² á hverja 1000m² í húsi. Yfirsýn yfir anddyri, íþróttasali og ganga skal vera eins og best verður á kosið. Nauðsynlegt er að öll blautgólf séu upphituð. Öryggisniðurföll skulu vera staðsett í ræstirými og gangi fyrir framan. Staðsetja skal ofna og fleira sem er á vegg það ofarlega að ekki hindri eðlileg þrif (gólfþvottavélar). Rafdrifnar rennihurðir eru heppilegastar sem útihurðir.

- *Forðast skal allar hvassar brúnir og horn í íþróttasal, bæði í byggingu og búnaði. Ef ekki er hjá þeim komist skulu slíkir staðir varðir eftir því sem kostur er á og reglur leyfa.*
- *Setlaugar, sauna og eimböð skulu hönnuð og starfrækt í samræmi við gildandi reglur. Veitingasala skal hönnuð og starfrækt í samræmi við gildandi reglur.*
- *Aðkoma sjúkrabifreiða að íþróttahúsi skal vera trygg og greinilega merkt.*
- *Allar merkingar í mannvirkinu svo og á búnaði skulu vera í samræmi við gildandi reglur og staðla.*
- *Gólf skulu vera fjaðrandi og í samræmi við viðurkennda staðla og taka mið af meginnotkun hússins.*
- *Hringstiga skal ekki nota þar sem vænta má umferðar áhorfenda.*
- *Forðast skal að nota gler í íþróttasölum nema þar sem það er talið nauðsynlegt og þá aðeins merkt öryggisgler.*

Mannvirki, eftirlitslisti/gátlisti

Byggingarhluti	Atriðaskrá	Ástand		
		gott	sæmilegt	þarfnast lagfæringa dags.
Aðkoma	útilýsing			
	tröppur			
	rampur			
	handriði, sjá byggingarr.			
	hellulögn/yfirborðsefni			
	merkingar			
	hálkuvarnir/snjóbræðsla			
Aðkomudyr innri og ytri				
	handföng			
	hurðapumpur			
	hurðastopparar			
	hurðagler			
	merkingar á gleri			
	læsingar			
	sjá ath.um merkingar			
Gluggar og opnanleg fög				
	stormjárn			
	krækjur			
	festingar			
	kastvarnir			
	merkingar (rúður v.inngang)			
Hurðir almennt inni				
	hurðarhúnar			
	læsingar			
	lamir			
	hurðastopparar			
	hurðapumpur			
	hurðabremsur			
	merkingar			
Gangar og önnur rými				
	gólfefni (v/hálku)			
	snagar			
	hillur			
	merkingar			
búningsklefar				
	speglafestingar			
	snagar			
	bekkir			
	skápar			
	hillur			
	gólfefni			
Steypihöð				
	sturtuleggir			
	kranar, spindlar			
	festingar á lögnum			

	veggflisar, fúgur og brot			
	gólflisar, fúgur og brot			
	sápuskammtarar			
	sjá ath. vegna flisa			
Lýsing almennt				
	lampahlífar			
	festingar			
	upphengjur			
	sjá ath. Um lýsingu			
Iþróttasalur				
	hvöss horn og brúnir, hlífar			
	hlífar á ljósum, klukkum, gleri			
	sjá nánar búnaðarlista			
Áhorfendasvæði				
	handrið			
	sæti			
	aðgengi			
	merkingar			
Áhorfendabekkir, útdraganlegir				
	handrið			
	sæti			
	festingar			
	boltar og rær			
	liðamót			
	aðgengi			
	merkingar			

Búnaður íþróttahúsa eftirlitslisti

Ástand

Búnaður	Dags. eftirl.	Gott	Viðunandi	Slæmt	Athugasemdir	Kvittun
Slár						
1. Athugið lofta og veggfestingar. Athugið bolta og trissur, ásamt festiboltum fyrir þær á brautinni. Smyrjið öxla og rennu.						
2. Athugið brautina út að sláarstólpum og læsibúnaðinn. Sjáið til þess að boltar og rær séu vel hertar. Smyrjið öxla.						
3. Athugið hreyfanleika sláarstólpans og festingar hans við hjólin.						
4. Athugið festingar veggstólpans við vegginn.						
5. Athugið trissur og smyrjið þær.						
6. Opnið eftirlitslok á sláarstólpum, ath. þyngingar og stöðvunarklossa fyrir þær.						
7. Skoðið slárvíra (bönd) og festingar við slá.						
8. Athugið lárétta stillingu slárinnar, gengur sláin auðveldlega í raufina á sláarstólpanum. Stemma augu á sláarstólpa við augu á slá.						
9. Skoðið gólfrestingar (lása) og gólfgöt, smyrjið lása og hreinsið upp úr götum.						
10. Athugið allt tréverk í slám og stólpum, flísar, bresti og brot.						
11. Skoðið festingar fyrir sláarpinna og trékíla.						
Kaðlar						
1. Athugið lofta og veggfestingar.						
2. Athugið alla bolta, rær, skrúfur og trissu (hjól). Smyrja þarf brautir þar sem kaðlar eru útdraganlegir.						
3. Skoðið festingar á rennu (braut) og athugið hvort komið er fram slit. Eins hvort slit sé í rennunni sjálfri og hjól geti farið úr sporinu.						
4. Skoðið splitti og læsingar.						

	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
Búnaður						
5. Smyrjið rennuna.						
6. Prófið útdráttinn ásamt læsingum.						
7. Athugið dráttarbönd.						
8. Skoðið lása (stoppara).						
Handboltamörk						
1. Athugið mörkin, stöðugleika og yfirborð marksúlna og þversláa.						
2. Athugið gólfestingar og net.						
3. Athugið veggfestingar þar sem það á við og smyrjið hreyfanlegar festingar og lása.						
Badminton, tennis og blaksúlur						
1. Hreinsið gólf hulstur og festingar í gólfi.						
2. Athugið gólflok.						
3. Athugið strekkibúnað víra og neta.						
Bekkir						
1. Athugið yfirborð jafnvægisláa, fætur, (klossa), vinkla og járnhök.						
2. Athugið stöðugleika.						
3. Leitið eftir flisum og brestum.						
4. Athugið gúmmifætur og lista.						

	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
Búnaður						
Kistur						
1. Athugið yfirborð, flisar og bresti. Skoðið áklæði og festingar þess.						
2. Athugið hornfestingar (samsetningar).						
3. Skoðið hjólabúnað.						
Kubbar						
1. Athugið klæðningu (leður).						
2. Skoðið fætur, gúmmípúða og læsibúnað.						
3. Skoðið hæðarstillibúnað.						
4. Athugið rúlluhjól, öxla og lagera. Smyrjið						
Hestar						
Sama og kubbar						
Dýnur						
1. Athugið yfirborð, sauma og áklæði. Slitin eða skemmd dýna er slysgildra.						
2. Skoðið kósa og upphengibúnað dýnnar.						
Stökkbretti						
1. Skoðið rimla, leitið eftir flisum og brestum.						
2. Athugið áklæði.						
3. Athugið festibúnað og undirstöður (fætur).						

Búnaður	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
Hringir						
1. Athuga vegg- og loftfestingar.						
2. Athuga trissur og öxla fyrir hjól.						
3. Skoða hringina, með tilliti til flísa eða bresta.						
4. Athuga bönd og festingar.						
5. Athuga keðjur og keðjulása.						
6. Athuga lyftibúnað, smyrja hjól.						
Rimlar						
1. Athugið veggfestingar og undirstöðufætur.						
2. Athugið rimlana með tilliti til bresta og flísa (pússa og lakka)						
3. Athugið skrufur og herðið.						
Körfuboltaspjöld						
Föst á vegg						
1. Athugið festingu grindar sem heldur körfuspjaldinu frá veggnum við vegg.						
2. Skoðið grindina með tilliti til samsetninga (suðu).						
3. Athugið hringnet og spjald						
4. Athugið höggvara á körfuspjaldi.						
5. Skoðið körfu dempara.						

	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
Búnaður						
Körfur upphengdar í loft						
1. Athugið festingar í vegg og loft.						
2. Athugið stögin og festiramma á körfuspjaldinu.						
3. Athugið öxla og samskeyti á lyftubúnaði. Smyrjið.						
4. Athugið festikróka, festingu körfuhrings og net.						
5. Athugið hlekki (keðju) og festingar þeirra.						
6. Skoðið lyftivindu og festingar fyrir hana.						
7. Mælið lárétta og lóðrétta stöðu spjaldsins og stillið ef með þarf.						
8. Athugið höggvara á körfuspjaldi.						
9. Skoðið körfu dempara.						
10. Yfirfara víra og fallöryggisbúnað						
Færanlegar körfur (á hjólum)						
1. Athugið hæðarstillingu.						
2. Athugið mótvægi (skv. reglum)						
3. Athugið öxla og samskeyti, smyrjið þar sem við á.						
4. Mælið lárétta og lóðrétta stöðu spjaldsins og leiðréttið ef með þarf.						
5. Skoðið höggvara og púða á körfuvagninum (skv. reglugerð)						
6. Athugið höggvara á körfuspjaldinu.						
7. Skoðið körfudempara.						
Tvíslá						
1. Þvoið og hreinsið slárnar, olíuberið ef með þarf.						
2. Athugið undirstöður.						

<u>Búnaður</u>	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
3. Athugið uppstöður, hæðarstillingar og lása. Smyrjið.						
4. Athugið klæðningu.						
5. Athugið vagna.						
Jafnvægisslá						
1. Skoðið slánna, leitið eftir flisum og ójöfnum, slíðið ef með þarf.						
2. Athugið fætur (uppistöður) og læsingar.						
Skiptibúnaður sala, skiptiveggir og net						
1. Athuga festibúnað, trissur, víra og fallbremsur						
2. Smyrja og liðka trissur og hjól						
Hástökksstólpar						
1. Skoðið uppistöður og ráarfestingar.						
2. Skoðið lása.						
3. Skoðið rár.						
Lyftingastandar						
1. Skoðið uppistöður, suðu og samsetningar.						
2. Skoðið lóð gúmmihlífar.						

	<u>Dags. eftirl.</u>	<u>Gott</u>	<u>Viðunandi</u>	<u>Slæmt</u>	<u>Athugasemdir</u>	<u>Kvittun</u>
Búnaður						
3. Skoðið lása (festingar)						
4. Skoðið uppstöður fyrir lóð (rekka) athuga suður og festingar.						
Stökkplankar fyrir atrennulaus stökk						
1. Athugið stöðugleika og festingar við gólf.						
Trambolín						
1. Athugið fætur og festingar.						
2. Athugið dúka og yfirstigshlífar.						
3. Athugið gorma og krækjur.						
Gólf						
1. Skoðið parketgólf með tilliti til flísa og sprungna						
2. Skoðið gerviefnisgólf með tilliti til sprungumyndanna og los.						
3. Athugið allar festingar í gólfum.						

Þessir listar eru ekki tæmandi fyrir búnað íþróttahúsa. Allan búnað ber að skoða þó svo að hann sé ekki á þessum lista. Forráðamönnum hvers mannvirkis ber að útbúa sína eigin lista og bæta við eða fella út af þessum það sem ekki á við.

Samningur, dæmi I

Samkomulag um notkun íþróttamannvirkja

Leigusali Kt:..... annars vegar og leigusali.....
Kt:..... hinsvegar gera með sér svofellt samkomulag um afnot leigutaka af íþróttamannvirkjum í eigu leigusala er varðar réttindi, skyldur, þjónustu, ábyrgð og búnað. Samkomulag þetta tekur til íþróttahúsa, sundlauga og valla eftir því sem við á og fram kemur í samkomulagi þessu.

Samkomulag:

1. Leigutaki skuldbindur sig til að fara í einu og öllu eftir þeim reglum um umgengni og háttarni sem kynntar eru notendum í hverju mannvirki "Umgengnisreglum". Einnig þeim öryggisreglum sem við eiga það er "Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar" og "Reglur um öryggi í íþróttahúsum".
2. Leigutaki er ábyrgur fyrir framkomu og hegðun þeirra einstaklinga, iðkenda, leiðbeinenda eða þjálfara meðan þeir dvelja í mannvirkinu á hans vegum og er jafnframt ábyrgur fyrir þeim spjöllum sem þeir kunna að valda og ekki teljast til eðlilegrar notkunar og umgengishátta hvort sem er á mannvirki eða lausum munum.
3. Fyrirkomulag gæslu s.s. húsvörslu, baðvörslu eða laugarvörslu. Leigusali leggur til einn starfsmann í íþróttahúsum á venjubundnum íþróttæfingum. Á opinberum sundstöðum er laugar- og baðvarsla með venjubundnum hætti fari sundæfing fram á þeim tíma sem laug er í almennum rekstri. Fari sundæfing hinsvegar fram utan almenningstíma er einn starfsmaður að störfum, húsvörður. Breytingar á venjubundinni starfsemi, það er æfingum svo sem íþróttamót þar með talin fjöllidamót eða kappleikir, sem eftir hlutarins eðli útheimta aukna gæslu, ber hlutadeigandi að tilkynna það forstöðumanni með minnst viku fyrirvara.
4. Ef mannvirkið er leigt eða lánað til annarrar starfsemi en íþróttæfinga eða móta svo sem til sýninga, samkomuhalds eða skemmtana, ber að gera um það skriflegan samning þar sem skilgreind er ábyrgð og gæsla húseiganda/leigusala og ábyrgðaraðila leigu eða lántaka.
5. Búnaður sem fylgir íþróttamannvirki er allur fastur búnaður mannvirkisins svo sem mörk, körfur, blaknet og fimleikáhöld o.s.frv. ásamt tímatöku- og hljóðbúnaði þar sem hann tilheyrir föstum búnaði mannvirkisins. Almennt fylgir ekki með í leigu

búnaður sem ætlaður er til almennrar skólakennslu, undantekningar eru þó dýnur vegna fimleikaæfinga og búnaður vegna íþróttaskóla barna. Reglur um frágang skulu vera skýrar. Æskilegt er að gerður sé sérstakur búnaðarlisti fyrir hvert mannvirki.

6. Öll boðskipti eða áréttingar vegna þessa samkomulags, verklag starfsmanna eða annara þátta skulu fara fram við forstöðumann ekki við einstaka starfsmenn. Með sama hætti skulu athugasemdir starfsmanna mannvirkisins vegna framkomu eða verklags leigutaka vera við forstöðumann mannvirkisins.

staður, dags.....

Leigusali

Leigutaki

1980 nr. 46 28. maí

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Tóku gildi 1. janúar 1981. Breytt með l. 15/1986 (tóku gildi 12. maí 1986), l. 61/1990 (tóku gildi 31. maí 1990), l. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), l. 52/1997 (tóku gildi 1. okt. 1997), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003) og l. 68/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003).

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

■ **1. gr.** Með lögum þessum er leitast við, að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,

b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

■ **2. gr.** Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

□ Undanþegin lögum þessum eru:

a. siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin [Siglingastofnun Íslands],¹⁾ sbr. lög nr. 51/1970²⁾ og lög nr. 12/1976 um kafarastörf.³⁾ Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verkisvið [Siglingastofnunar Íslands],¹⁾ þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,

b. loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir.⁴⁾ Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verkisvið flugmálastjórnar,

c. . . .⁵⁾

¹⁾ L. 7/1996, 7. gr., sbr. 30. gr. ²⁾ Nú l. 6/1996. ³⁾ Nú l. 31/1996. ⁴⁾ Nú l. 60/1998. ⁵⁾ L. 68/2003, 1. gr.

■ **3. gr.** Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

□ Lög þessi ná einnig til feringar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

□ Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð,¹⁾ að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

¹⁾ Rgl. 453/1991 (um vélknúin leikæki í skemmtigörðum). Rgl. 497/1994 (um notkun persónuhlífa). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlífa). sbr. 690/1998 og 584/1999. Rgl. 503/1994 (um lyfi- og flutningabúnað). Rg. 34/1995 (um skráningu, eftirlit og umsjón með lyfum og lyftubúnaði). Rg. 357/1995 (um eftirlit með framkvæmd heitumats í iðnaðarstarfsemi). Rgl. 98/1996 (um údabúnað). Rgl. 99/1996 (um einföld þrýstihylki). Rgl. 108/1996 (um tæki sem brenna gasi). Rgl. 571/2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 696/2001 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyfnum færanglegra véla). sbr. 280/2003. Rgl. 761/2001 (um vélar og tæknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um færanglegan þrýstibúnað). Rg. 668/2002 (um togbrautarbúnað til fólksflutninga). Rgl. 279/2003 (um hávadamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhústs). Rg. 341/2003 (um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur).

II. kafli. Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja. Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

■ **4. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, í nánu sam-

starfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

■ **5. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

■ **6. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætlunum notum.

□ Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna, sbr. 1. mgr. 4. gr., og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vanda-
mál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

■ **7. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

¹⁾ Rg. 77/1982. ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **8. gr.** Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

□ Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu [og heilsumvernd starfsmanna].¹⁾ Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, og þeir, sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

□ Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afa sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

¹⁾ L. 68/2003, 3. gr.

■ **9. gr.** Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljóta.

□ Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

■ **10. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

III. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 4. gr.

IV. kafli. Almennar skyldur.

a. Skyldur atvinnurekenda.

■ **12. gr.** Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, sbr. 90. gr. laga þessara.

□ Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

□ Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

□ Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfsemi, og skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu hver það er.

■ **13. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til:

- V. kafli um framkvæmd vinnu,
- VI. kafli um vinnustaði,
- VII. kafli um vélar, tækjabúnað og fleira,
- VIII. kafli um hættuleg efni og vörur,
- XI. kafli um áhættumat, heilsuvernd og heilsufars-skoðanir.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 5. gr.

■ **14. gr.** Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kenslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hættu af.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni um-sögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins,¹⁾ um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessara greinar.

¹⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **15. gr.** Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

■ **16. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafli þessara laga, geti orðið sem best, og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

■ **17. gr.** Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni um-sögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins,²⁾ um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessara greinar skuli fyrir komið.

¹⁾ Rg. 77/1982. ²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **18. gr.** Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægja ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

■ **19. gr.** Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafli og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinnslu úr þeim skýrslum krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um:

- fjöldi starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
- vélar, vélahluta, geyma, ílát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,

c. sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni, d. aðrar upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

b. Skyldur verkstjóra.

■ **20. gr.** Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

■ **21. gr.** Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefur umsjón með.

■ **22. gr.** Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafli laga þessara.

■ **23. gr.** Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

□ Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

c. Skyldur starfsmanna.

■ **24. gr.** Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu. [Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 6. gr.

■ **25. gr.** Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafli laga þessara.

■ **26. gr.** Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

□ Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

■ **27. gr.** Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilvarandi vegna viðgerðar eða niðurstningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

■ **28. gr.** Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna. *d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vél- ar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.*

■ **29. gr.** Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, ílát, katla, húseiningar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnurekstur, skal tryggja, að það, sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- eða sjúkdóms- hættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

□ Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

□ Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

□ Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mælingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **30. gr.** Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn, eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar, og þegar við á, hver sé innflytjandi- inn.

■ **31. gr.** Sá, sem tekur að sér að setja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

□ Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

□ Verði sá, sem setur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

■ **32. gr.** Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., framleiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

□ Fylgja skal þeim lögum og reglum,¹⁾ sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

¹⁾ Rgl. 500/1994 (um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnarefirlit starfsmanna).

■ **33. gr.** Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

■ **34. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um þau atriði, sem um er fjallað í 29.–33. gr.

□ Ákvæðin í 29.–33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ Rgl. 491/1987 (um varnir gegn lofmenngun við málsuðu). Rgl. 90/1989 (um garðslátuvélar o.fl.). Rgl. 453/1991 (um vélknúin leiktæki í skemmtigörðum). Rgl. 503/1994 (um lyfti- og flutningabúnað). Rgl. 98/1996 (um úðabrisa). Rgl. 99/1996 (um einfild þrýstihylki). Rgl. 377/1996 (um þrýstihylki). Rgl. 379/1996 (um asbest). Rgl. 380/1996, 382/1996 og 383/1996 (um gashylki). Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 154/1999 (um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum), sbr. 917/2001. Rgl. 371/2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 696/2001 (um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreftum fjaranlegra véla), sbr. 280/2003. Rgl. 761/2001 (um vélar og tæknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um fjaranlegan þrýstibúnað). Rgl. 279/2003 (um hávaðamengun). Rg. 341/2003 (um fólkslyftir og fólks- og vörulyftur).²⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **35. gr.** [Félagsmálaráðherra getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ sem víkja frá kröfunum í 29.–33. gr. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

¹⁾ Rg. 571/2000, rg. 696/2001, sbr. 280/2003; rgl. 761/2001, rgl. 762/2001. ²⁾ L. 68/2003, 7. gr.

e. *Skyldur verktaka og fleiri.*

■ **36. gr.** Ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu.

□ Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaðila sem atvinnurekenda samkvæmt lögum þessum.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins]¹⁾ um þessi atriði.

¹⁾ L. 68/2003, 8. gr.

V. *kafi. Framkvæmd vinnu.*

■ **37. gr.** Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **38. gr.** [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem:

a. um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluáðferðir, t.d. til þess að koma í veg fyrir hrún, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, óðauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags [eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða]³⁾ og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,

b. um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðum,

c. um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,

d. um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishjálma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislun, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalin. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfnast hans við vinnu sína,

[e. um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum]³⁾

¹⁾ Rgl. 491/1987 (um varnir gegn loftmengun við málnsúðu). Rgl. 90/1989 (um garðsláttuvélar). Rgl. 453/1991 (um vélknúin leikæki í skemmtigörðum). Rgl. 497/1994 (um notkun persónuhlífa). Rgl. 498/1994 (um skjávinnu). Rgl. 499/1994 (um öryggi og höllustu þegar byrðar eru handteknar). Rgl. 500/1994 (um hávaðavarnir á vinnustöðum o.fl.). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlífa). Sbr. 690/1998 og 584/1999. Rgl. 503/1994 (um lyfti- og flutningabúnað). Rgl. 578/1995 (um meðhöndlun á fjátandi köfnunarefni). Rgl. 581/1995 (um húsnæði vinnustaða). Rgl. 698/1995 (um vinnu með blý og blysólt). Rgl. 699/1995 (um vinnu með vinyklórídeinliðu). Rgl. 707/1995 (um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum). Rgl. 98/1996 (um úða-brúsa). Rgl. 99/1996 (um einföld þrjástihylki). Rgl. 108/1996 (um tæki sem brenna gasi). Rgl. 377/1996 (um þrjástihylki). Rgl. 382/1996 og 383/1996 (um gashylki). Rgl. 547/1996 (um aðbúnað, höllusuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum). Sbr. 504/1999. Rgl. 552/1996 og 553/1996 (um öryggisráðstafanir við jarðefnanám). Sbr. 349/2003. Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 154/1999 (um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum). Sbr. 917/2001. Rgl. 602/1999 (um öryggisleiðbeiningar vegna efnanothunar). Rgl. 684/1999 (um sprengiefni). Rgl. 571/2000 (um þrjástibúnað). Rgl. 696/2001 (um mengandi lofttegundir frá brunahreyfjum faranlegra véla). Sbr. 280/2003. Rgl. 761/2001 (um vélar og tæknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um færanlegan þrjástibúnað). Rgl. 764/2001 (vernd gegn líffræðilegum skaðvöldum). Rgl. 765/2001 (vernd gegn efnafraðilegum skaðvöldum). Rgl. 98/2002 (vernd gegn heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu). Rgl. 279/2003 (um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss). Rgl. 341/2003 (um fólkslyfir og fólks- og vörulýtur). ²⁾ L. 68/2003, 2. gr. ³⁾ L. 68/2003, 9. gr.

■ 39. gr. Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, [skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um að]¹⁾ hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðir.

□ Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

¹⁾ L. 68/2003, 10. gr.

■ 40. gr. [Félagsmálaráðherra setur reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],¹⁾ um:

a. að störf, sem í kann að vera falin veruleg hætta á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lokið hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldri,

b. ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bækln þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,

c. takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,

d. vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldriflytja fólk, og stjórnenda þeirra véla og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, sbr. 58. gr. laga þessara,

e. önnur hlíðstæð tilvok ótalin.

¹⁾ L. 68/2003, 11. gr.

VI. kafli. Vinnustaður.

■ 41. gr. Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

■ 42. gr. Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og höllustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, höllustuhætti og öryggi.

■ 43. gr. [Félagsmálaráðherra setur reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m.a. fjalla um:

a. húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, vegg, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, vami gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,

b. aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,

c. neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,

d. annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, höllustuháttum og öryggi.

¹⁾ Rg. 500/1994. Rg. 581/1995. ²⁾ L. 68/2003, 11. gr.

■ 44. gr. Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, [setur félagsmálaráðherra sérstakar reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um, að áætlanir og hönnunargögn vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsetningu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði skuli lagðar fyrir Vinnueftirlit ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetning er gerð.

¹⁾ Rg. 581/1995. ²⁾ L. 68/2003, 12. gr.

VII. kafli. Vélar, tækjabúnaður og fleira.

■ 45. gr. Afívil merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

□ Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin afívil.

□ Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af afívil og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

□ Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í sinn farandvél og vinnuvél.

□ Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

■ 46. gr. Vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og höllustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, höllustuhætti og öryggi.

■ 47. gr. [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um gerð og notkun véla, tækja og annars búnaðar, sem nota á við atvinnurekstur, svo sem um:

a. gerð, útfærslu, uppsetningu, tilkynningarskylda og prófanir,

b. á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlit til umsagnar eða samþykktar áætlanir eða önnur gögn um gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,

c. notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

¹⁾ Rgl. 475/1985 (um hefðbyssur). Rgl. 476/1985 (um naglabyssur). Rgl. 153/1986 (um dráttarvélar og hlífabúnað við afflutning frá þeim). Sbr. 424/1987, 561/1987 og 580/1995. Rgl. 90/1989 (um garðsláttuvélar). Rgl. 453/1991 (um vélknúin leikæki í skemmtigörðum). Rgl. 500/1994 (um hávaðavarnir á vinnustöðum o.fl.). Rgl. 501/1994 (um gerð persónuhlífa). Sbr. 690/1998 og 584/1999. Rgl. 503/1994 (um lyfti- og flutningabúnað). Rgl. 98/1996 (um úða-brúsa). Rgl. 99/1996 (um einföld þrjástihylki). Rgl. 108/1996 (um tæki sem brenna gasi). Rgl. 377/1996 (um þrjástihylki). Rgl. 380/1996, 382/1996 og 383/1996 (um gashylki). Rgl. 164/1997. Rgl. 431/2003 (um notkun tækja). Rgl. 140/1998 (um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki). Rgl. 609/1999 (um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar). Sbr. 236/2001. Rgl. 571/

2000 (um þrýstibúnað). Rgl. 696/2001 (um mengandi lofttegundir frá brunahreyfingum faranlegra véla, sbr. 280/2003. Rgl. 761/2001 (um vélar og tæknilegan búnað). Rgl. 762/2001 (um faranlegan þrýstibúnað). Rgl. 279/2003 (um hávadamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss). Rg. 341/2003 (um fólkslyfyr og fólks- og vörulyfyr).¹⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ **48. gr.** [Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formaskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru samkvæmt lögum þessum, sérreglum sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndum stöðlum er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um kröfur sem tegund véla, tækja eða annars búnaðar verður að uppfylla til þess að teljast örugg og þær aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi tegundar við settar reglur.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 13. gr.

■ **[48. gr. a.** Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

□ Telji Vinnueftirlit ríkisins tegund véla, tækja eða annars búnaðar sérstaklega hættulega getur það krafist afturköllunar allra eintaka hennar. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af slíkri afturköllun.

□ Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi og heilsu fólks eða eigna stafi hætta af einhverri tegund véla, tækja eða annars búnaðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar tímabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þótt tegundin uppfylli formaskilyrði laga þessara og viðkomandi sérreglna. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hefja rannsókn á öryggi tegundar án ástæðulauss dráttar. Þá er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna tegundar sem eru til rannsókna. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

□ Þegar Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað tegund skv. 1.–3. mgr. er því heimilt að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök tegundar með öruggum hætti eða skylda þá, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra tegundina þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda sams konar tegund vélar, tækis eða annars búnaðar eða endurgreiða andvirði hennar.

□ Torveldi atvinnurekandi, framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn og skoðun Vinnueftirlits ríkisins á viðkomandi tegund eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar er stofnuninni heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar.

□ Þegar tegund er ekki í samræmi við settar reglur skal framleiðandi eða fulltrúi hans bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 14. gr.

■ **49. gr.** Hvers konar vélar, tæki og búnað, sem getið er

um í 46. gr., nema bifreiðar og vélar, sem lúta öðrum lögum, skal skrá og skoða samkvæmt nánari fyrirmælum í reglum,¹⁾ [sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, og í samráði við forstjóra].²⁾

□ [Félagsmálaráðherra setur gjaldskrá, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og lyftubúnaðar, rúllustiga, geyma, þrýstihylkja og katla, þar á meðal um aukaskoðun sem þarf að gera ef vanbúnaður kemur í ljós við reglubundna skoðun og aukaskoðun vegna uppsetningar, breytinga eða viðgerða á framangreindum vélum, tækjum eða öðrum búnaði sem eru með gilda reglubundna skoðun.]²⁾

□ [Félagsmálaráðherra setur reglur,³⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],²⁾ um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í öðrum lögum.

¹⁾ Rgl. 153/1986, sbr. 424/1987, 561/1987 og 580/1995. ²⁾ L. 68/2003, 15. gr. ³⁾ Rg. 198/1983 (um réttindi til að stjórna vinnuvélum), sbr. 300/1995, 24/1999, 816/2000 og 883/2002.

VIII. kafli. Hættuleg efni og vörur.

■ **50. gr.** [Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnaúrgangur eða spilliefni, þar með talin sprengifim efni, eldfim efni og sprengiefni, eru notuð eða kunna að vera notuð skal atvinnurekandi gæta þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum.

□ Þegar áhættumat skv. 65. gr. a gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin vegna hættulegs efnis, efnavöru, efnaúrgangs eða spilliefna skal atvinnurekandi sjá til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við hættuleg efni eða efnavörur.

□ Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Hann skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfsmanna, að nota efni eða efnavörur sem teljast hættulaus eða síður hættuleg heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem þau eru notuð.

□ Mengun á vinnustað skal ekki fara yfir gildandi mengunarmörk efnis. Þegar mengun stafar frá fleiri en einu efni eða efnavöru skal tekið tillit til samverkandi áhrifa.

□ Efni eða efnavara sem stofnar eða getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skal vera í öruggum umbúðum á vinnustöðum. Hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skulu geymd með öruggum hætti á vinnustað.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 16. gr.

■ **51. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem við framkvæmd vinnu nota að staðaldrí eiturefni eða efnavörur sem flokkast sem eiturefni að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr. Í eiturefnaleyfi skal tilgreina þau efni sem leyfið nær til. Þetta ákvæði á ekki við um eiturefnaleyfi fyrir varnarefni, nagdýra- og skordýraeitur. Vinnueftirlit ríkisins skal árlega láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um leyfishafa og um hvaða eiturefni leyfið á við.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að merkingar, notkun, geymsla og flutningur efnis og efnavöru á vinnustöðum fullnægi gildandi lögum, reglum og viðurkenndum stöð-

um. Vinnueftirlitinu er heimilt að banna framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavara á vinnustöðum þegar það þykir sýnt að heilsu manna er hættu búin. Sama á við um efni þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

□ Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsógn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning efna og efnavöru á vinnustöðum og notkun þeirra sem geta stofnandi heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum.²⁾

¹⁾ Rgl. 578/1995 (um meðhöndlun á fjótandi káfnunarefni). Rgl. 698/1995 (um vinnu með blý og blýsölt). Rgl. 379/1996 (um asbest). Rgl. 154/1999 (um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum), sbr. 917/2001. Rgl. 602/1999 (um öryggisleiðbeiningar vegna efnatöskunar). Rgl. 764/2001 (vernd gegn ljófræðilegum skaðvöldum). Rgl. 765/2001 (vernd gegn efnafraðilegum skaðvöldum). Rgl. 98/2002 (vernd gegn heilsufjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða sláðkryfingu). ²⁾ L. 68/2003, 17. gr.

■ [51. gr. a. Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hættu fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt og að nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á slysi, sbr. 1. mgr., hafi verið gerðar.

□ Félagsmálaráðherra skal skipa sérstaka fjögurra manna samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði að fengnum tilnefningum frá Brunamálastofnun, Almannaáhrifum ríkisins, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

□ Hlutverk nefndarinnar er að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys í iðnaði ber að höndum.

□ Félagsmálaráðherra setur reglugerð um varnir gegn og viðbrögð við slíkum slysum á vinnustöðum að fenginni umsógn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 18. gr.

IX. kafli. [Hvildartími, fridagar og hámarksvinnutími.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [52. gr. Í kaffa þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími*: Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.

2. *Hvildartími*: Sá tími sem ekki telst til vinnutíma.

3. *Næturvinnutími*: Tímabil sem ekki er skemmta en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

4. *Næturvinnustarfsmaður* er:

a. starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða

b. starfsmaður sem sætast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

5. *Vaktavinna*: Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.

6. *Vaktavinnustarfsmaður*: Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [52. gr. a. Ákvæði þessa kaffa gilda ekki um:

1. þá sem starfa við flutning á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvildartíma ölkumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,

2. lækna í starfsnámi, sbr. þó 53., 53. gr. a, 54., 57. og 58. gr.,

3. æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,

4. sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannaþjónu og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarna.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [53. gr. Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

□ Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

□ Heimilt er að vikja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruaflla, slysa, orkuskort, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvandandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

□ Sé daglegur hvíldartími stuttur skv. 2. eða 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [53. gr. a. Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [54. gr. Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan fridag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.

□ Ef sérstök þörf er á vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir fridagar á hverjum tveimur vikum.

□ Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvandandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fjótt og við verður komið.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [55. gr. Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

□ Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnu- markaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

□ Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnu- markaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarks- vinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

□ Einungis vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarks- orlof samkvæmt lögum og veikindaförföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [56. gr. Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

□ Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnu- markaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglu- legastur.

□ Um viðmiðunartímabil og viðmið við útreikning á með- alvinnutíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

□ Næturvinnustarfmenn sem gegna sérstaklega áhættu- sömum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustund- ir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

□ Félagsmálaráðherra skal setja reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvað teljist sérstaklega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [57. gr. Næturvinnustarfmenn sem eiga við heilsufars- vandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

■ [58. gr. Atvinnurekendur er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 19. gr.

X. kafli. Vinna barna og unglínga.

■ 59. gr. [Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kafans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrir- tækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

□ Ungmennir merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 2. gr.

■ 60. gr. [Börn má ekki ráða til vinnu.

□ Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsingastarfsemi. Sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afa leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.

b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttara garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa.¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 3. gr.

■ 61. gr. [Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafa þessum.¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 4. gr.

■ 62. gr. [Óheimilt er að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

a. Vinnu sem líklega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.

b. Vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.

c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.

d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglíngar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.

e. Vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.

[f. Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorón- um.¹⁾

□ Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauð- synlegt vegna starfsnáms unglínga.²⁾

¹⁾ L. 68/2003, 20. gr. ²⁾ L. 52/1997, 5. gr.

■ 63. gr. [Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukku- stundir.

c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skól- inn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukku- stundir á viku.

d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

□ Virkur vinnutími unglínga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.

□ Ef daglegur, virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglíngur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfelld ef kostur er.¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 6. gr.

■ [63. gr. a. Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.

Óheimilt er að láta unglínga vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglíngnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta unglíng vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglíngarnir fái hæfilegan uppþótarhildartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnunum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.

□ Unglíngar eiga, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 7. gr.

■ [63. gr. b. Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglíngar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

□ Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglíngar fá minnst tveggja daga hildartímabil sem skal vera samfelt ef kostur er. Lágmarkshildartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglíngarnir fái hæfilegan uppþótarhildartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrahöfnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 8. gr.

■ [63. gr. c. Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað er heimilt að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hildartíma unglínga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglíngarnir fái samsvarandi uppþótarhildartíma á næstu þremur vikum.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 9. gr.

■ [63. gr. d. Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 10. gr.

■ [63. gr. e. Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Síni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu.]¹⁾

¹⁾ L. 52/1997, 11. gr.

■ [63. gr. f. Ráðherra skal [að fenginni umsögn]¹⁾ stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur²⁾ um leyfisveitingar skv. a-lið 2. mgr. 60. gr., heimild til að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skv. b-lið 2. mgr. 60. gr., hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin skv. c-lið 2. mgr. 60. gr., skilyrði og takmörk vegna fráviks skv. 3. mgr. 63. gr., frávik skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. a og 2.–4. mgr. 63. gr. b og um framkvæmd 62. gr., 63. gr. c og 63. gr. e.]³⁾

¹⁾ L. 68/2003, 21. gr. ²⁾ Rg. 426/1999. ³⁾ L. 52/1997, 12. gr.

XI. kafli. [Áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 30. gr.

■ 64. gr. Rækja skal atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um heilbrigðisþjónustu í samvinnu við heilbrigðisyriföld.

■ 65. gr. [Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu, sbr. 65. gr. a, og áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin vera aðgengileg hjá atvinnurekanda fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.

□ Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum hennar.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um skipulag eftirlitsins.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 22. gr.

■ [65. gr. a. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum. □ Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi gripa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um áhættumat að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, þar á meðal um áhættumat fyrir sérstaka áhættuþætti og gerð og frágang skjala sem tengjast því.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 23. gr.

■ 66. gr. [Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggð er á áhættumati, sbr. 65. gr. a, þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal um aðgerðir sem gripa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

□ Markmið heilsuverndar er að:

a. stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,

b. stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,

c. draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa

með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað,

d. stuðla að andlegri og líkamlegri velliðan starfsmanna.

□ Í áætlun um forvarnir skal koma fram lýsing á hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum. Skal leggja áherslu á almennar ráðstafanir áður en gerðar eru ráðstafanir til verndar einstökum starfsmönnum.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur,¹⁾ að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um heilsuvernd, þar á meðal um heilsuvernd sem tekur mið af sérstökum áhættuþáttum, forvarnir með hliðsjón af eðli starfa, stærð vinnustaða og gerð og frágang skjala sem tengjast áætlun um heilsuvernd.²⁾

¹⁾ Reg. 931/2000 (öryggi og heilbrigði kvenna sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti), ²⁾ L. 68/2003, 24. gr.

■ [66. gr. a. Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunnur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Enda þótt atvinnurekandi njóti þjónustu slíkra aðila ber hann engu að síður ábyrgð á að áætlunin sé gerð og henni fylgt eftir.

□ Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.

□ Þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skal hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi þekkingu á heilbrigðissviði, í félagsvisindum, á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði þannig að þeir séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra, vistfræðilegra og sálfræðilegra þátta. Að öðrum kosti er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að takmarka viðurkenningu skv. 2. mgr. við ákveðna tegund starfsemi.

□ Þjónustuaðila er heimilt að gera samninga við aðra aðila um einstaka þætti vegna þjónustu skv. 3. mgr. Skulu þeir aðilar uppfylla skilyrði þau sem sett eru fyrir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Samningar þessir skulu liggja fyrir þegar óskað er eftir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins skv. 2. mgr.

□ Þjónustuaðili skal gæta trúnaðar í starfi sínu. Hann skal fara með allar upplýsingar sem hann kemst að í starfi sínu og varða persónuleg málefni og einkahagi starfsmanna sem trúnaðarmál. Sama gildir um upplýsingar er tengjast fyrirtækjum er hann starfar fyrir.

□ Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi

sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað skulu fullnægja.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 25. gr.

■ 67. gr. [Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættr störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

□ Í reglum¹⁾ sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fölgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli gerðar að teknu tilliti til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.²⁾

¹⁾ Regl. 500/1994. ²⁾ L. 68/2003, 26. gr.

■ 68. gr. [Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérþekkingu er tengist starfinu.]¹⁾

□ Verkefni hans er:

a. að vera tengiliður Vinnueftirlits ríkisins við heilbrigðisvirkvöld,

b. að veita forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild, sbr. 73. gr. laga þessara,

c. að sjá um, að haldin sé skrá yfir atvinnusjúkdóma, vinnuslys og eitranir, sbr. 78. gr., staftíð f og 81. gr. laga þessara,

d. að vinna að þeim málum öðrum, er snerta heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, eftir nánari ákvörðun [forstjóra]¹⁾ Vinnueftirlits ríkisins.

¹⁾ L. 68/2003, 27. gr.

■ 69. gr. Atvinnurekandi skal tryggja, að heilsuverndar- eftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna.

□ Starfsmönnum og fyrirverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim,¹⁾ sem gilda á hverjum tíma.

¹⁾ Regl. 500/1994.

■ 70. gr. [Félagsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],¹⁾ um læknisskoðun barna og unglinga undir 18 ára aldri, þegar þau hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skólalæknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

¹⁾ L. 68/2003, 28. gr.

■ 71. gr. Ef einstakir starfsmenn eða hópar manna vinna við skilyrði, er talist geta varasöm heilsu þeirra eða öryggi, skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um, að jafnframt eftirliti með starfsmönnum sé veitt aukin fræðsla um þá slysa- og/eða sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starfsumhverfi þeirra, sbr. 14. gr. og 78. gr., staftíð e, laga þessara.

■ 72. gr. Séu af hálfu þeirra aðila, sem fara með gæðaeftirlit á vinnustöðum vegna matvælaframleiðslu, gerðar aðrar kröfur en þær, sem Vinnueftirlit ríkisins gerir um læknisskoðun og aðrar rannsóknir með tilliti til heilbrigðis starfsmanna, [skal Vinnueftirlit ríkisins]¹⁾ taka tillit til slíkra sérþarfa við ákvörðun á umfangi læknisskoðunar og annarra rannsókna.

¹⁾ L. 68/2003, 29. gr.

XII. kafli. Vinnueftirlit ríkisins.

■ **73. gr.** [Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 31. gr.

■ **74. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnarsýslu og eftirlit á því sviði er lögin ná til.

□ Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni.

□ Kostnaður af starfsemi stofnunarinnar skal greiddast með hlutdeild í tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, og af öðrum tekjum stofnunarinnar.

□ Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og inniloftspáttum, skoðun á leiktækjum og verkpöllum, átaksprófanir, námskeið og próf, útgáfu skirteina og leyfa og útgáfu- og fræðsluefni samkvæmt gjaldskrá sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 32. gr.

■ **75. gr.** [Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara,

b. veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf,

c. veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., leiðbeiningar í störfum þeirra,

d. afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,

e. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað,

f. veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,

g. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,

h. vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar,

i. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,

j. sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,

k. annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,

l. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 33. gr.

■ **76. gr.** [Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi háskólanna, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tvo tilnefnda af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og er félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum.

Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um mál er heyra undir lög þessi.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 34. gr.

■ **77. gr.** [Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina, að fenginni rökstuddri tillögu stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í því skyni að vinna að tillögum um úrbætur í málum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum innan viðkomandi starfsgreinar.

□ Samtök aðila vinnumarkaðarins innan tiltekinnar starfsgreinar tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið og velja þeir sér sjálfir formann og varaformann. Félagsmálaráðherra ákveður skipunartíma sérhvers ráðs sem þó skal aldrei vara lengur en fjögur ár í senn. Vinnuverndarráð starfsgreina skulu senda tillögur sínar til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sem fjallar sérstaklega um þær og veitir félagsmálaráðherra umsögn um þær.

□ Kostnaður af starfsemi vinnuverndarráða starfsgreina skal greiddast af tekjum Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 3. mgr. 74. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 35. gr.

■ **78. gr.** [Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

□ Vinnueftirlit ríkisins, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu hafa aðgang að skránni.

□ Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa, óhappa og sjúkdóma.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 36. gr.

■ **79. gr.** [Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

□ Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

□ Læknir, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlits ríkisins.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum sem henni berast.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um tilkynningu slysa að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.]²⁾

¹⁾ Rg. 612/1989. ²⁾ L. 68/2003, 37. gr.

■ **80. gr.** [Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.

□ Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

□ Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hættu búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.

□ Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hættu er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 38. gr.

■ **81. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins skal rannsaka orsakir slysa, óhappa og mengunar sem tilkynnt er um skv. 79. og 80. gr. í þeim tilgangi að stuðla að því að komið sé í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á vinnustöðum.

□ Þegar Vinnueftirliti ríkisins hefur borist tilkynning skulu starfsmenn þess fara á staðinn án ástæðulauss dráttar til að hefja vettvangskönnun. Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða áður en vettvangskönnun hefur farið fram. Telji Vinnueftirlitið ekki þörf á sérstakri vettvangskönnun skal það tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 39. gr.

■ **82. gr.** [Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með að atvinnurekendur, er lög þessi taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtækin til þess að sinna eftirlitslutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Skulu þeir enn fremur sinna markaðsgæslu og markaðseftirliti í eftirlitsheimsóknnum sínum. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu sýna skilríki um starf sitt.

□ Í eftirlitsheimsóknnum skulu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans og þá aðila sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og skulu þeir gefa allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið. Enn fremur er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt að krefja aðra starfsmenn sem eru í vinnu eða hafa verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjú mánuði um sömu upplýsingar.

□ Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem eiga að vera fyrir hendi innan fyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

□ Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt gerist nauðsynlegt.

□ Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu halda skrá yfir eftirlitsheimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Skal atvinnurekanda afhent afrit af þeim hluta skrárinnar er viðkemur starfsemi hans.

□ Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins verði falin annarri opnberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 40. gr.

■ **83. gr.** Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

□ Starfsmenn Vinnueftirlitsins mega ekki láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans, að eftirlitsferð sé gerð vegna umkvörtunar.

■ **84. gr.** Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfseminni eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.

■ **85. gr.** Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

□ Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

■ **86. gr.** Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitr- aðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.

□ [Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

□ Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhrarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkum hátt.]¹⁾

□ Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

¹⁾ L. 68/2003, 41. gr.

■ **87. gr.** [Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnumin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dag-

sektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

□ Dagsektir mega nema allt að 100.000 krónum á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal meðal annars taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

□ Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til félagsmálaráðuneytis innan fjórtán daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fjótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar.

□ Ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis frestar aðför.¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 42. gr.

■ 88. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 43. gr.

■ 89. gr. Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álits meðráðherra sinna.

XIII. kafli. Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

■ 90. gr. Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

□ Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

■ 91. gr. Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá [ríkisskattstjóra]¹⁾ og öðrum opinberum aðilum.

□ Vinnueftirlit ríkisins hefur samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

¹⁾ L. 17/2003, 12. gr.

■ 92. gr. Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

■ 93. gr. Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir [fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins].¹⁾

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 44. gr.

■ 94. gr. Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum, [gildandi reglum og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins].¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 45. gr.

■ 95. gr. Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits

ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

□ [Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins],¹⁾ um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

¹⁾ L. 68/2003, 2. gr.

■ 96. gr. Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

□ Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra . . .¹⁾ Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

¹⁾ L. 68/2003, 46. gr.

■ 97. gr. Sé öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefur aflað sér annarra tilskilinna leyfa.

XIV. kafli. [Kæruheimild.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 47. gr.

■ [98. gr. Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

□ Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2003, 47. gr.

XV. kafli. Refsiákvæði.

■ 99. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

□ Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

XVI. kafli. Gildistaka.

■ 100. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. . . .

■ Bráðabirgðaákvæði. 1. . . .

2. . . .

3. Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð¹⁾ um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn. Skal þar m.a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.

4. . . .

5. [Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnu- markaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fyrir árslok 1990.]²⁾

[6. Félagsmálaráðherra skal skipa nýja stjórn Vinnueftirlits ríkisins innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara og fellur þá niður umboð fyrri stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Hin nýja stjórn tekur við verkefnum fráfarandi stjórnar sem

lúta að faglegri stefnumótun Vinnuefirlits ríkisins en stofnunin tekur við öðrum verkefnum hennar.]³⁾

¹⁾ Rg. 288/1981. ²⁾ L. 15/1986, 1. gr. ³⁾ L. 68/2003, bréðkv. Lögin tóku gildi 7. apríl 2003, sbr. 49. gr. s.l.

[Í 48. gr. laga nr. 68/2003 um breytingu á lögum þessum er svofellt ákvæði:]

□ Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska

efnahagssvæðið, tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, og tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, sem vísað er til í 29. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/96.

Þrif í íþróttahúsum, líkamsræktarstöðvum og skyldri starfsemi

Almennt

Í íþróttahúsum og heilsuræktarstöðvum og skyldri starfsemi er gerð krafa um að fyllsta hreinlætis sé gætt. Vegna þeirrar starfsemi sem fram fer í íþróttahúsum og heilsuræktarstöðvum er sérstök þörf fyrir skipulagða og árangrusríka þrifaáætlun.

Þau óhreinindi sem þarf að þrifa í baðklefum, heitum pottum og gufuböðum eru steinefni úr vatninu, fita og lífræn óhreinindifrá gestum og gróður, gerlar og sveppir úr umhverfinu. Í útfellingar kísils og kísilsambanda setjast þessi óhreinindi sem erfitt gerur verið að ná burt t.d. úr fúgum og af flisum og öðrum flötum í baðklefum og annarsstaðar þar sem bleyta er. Tryggja þarf að staðir séu aðgengilegir til hreinsunar svo forðast megi uppsöfnun á kísil og fitu.

Til þess að fullnægja kröfum um viðeigandi þrif og snyrtimennsku er nauðsynlegt að í innra eftirliti starfsmannar sé þrifaáætlun þar sem fram koma skýrar reglur um hvað eigi að þrifa, hversu oft og með hvaða tækjum og efnum. Venjulega eru hreinlætis/þrifaáætlanir settar fram á eyðublöðum í töfluformi þar sem viðkomandi starfsmaður sem þrífur fyllir í reiti og kvittar fyrir aðgerðum. Á eyðublaði fyrir þrifaáætlun þurfa m.a. eftirtalin atriði að koma fram: vinnulýsing, tíðni þrifa, dagsetning, efni, blöndun, hitastig vatns, áhöld, athugasemdir og kvittun fyrir þrifum. Við þrif getur verið nauðsynlegt að leita til fagmanna við val á efnum. Meðfylgjandi er sýnishorn af hreinlætisáætlun.

Þar sem gufuböð og setlaugar eru á sama svæði, t.d. í líkamsræktarstöðvum, skal leggja áherslu á að gestir þvoí af sér klórmettað vatn áður en farið er í gufubað. Þetta er gert til að koma í veg fyrir klórmettun lofts í gufubaðinu, sem getur verið skaðlegt heilsu manna, valdið astma- og ofnæmisviðbrögðum.

Dagleg þrif m.a.

Bað og búningsklefar, gufubaðsklefar, umhverfi við heita potta. Handlaugar, snyrtingar, þ.m.t. gólf og flisalagðir fletir, speglar, ruslafötur. Gólf í söllum, göngum og anddyri. Borð og bekkir ef seldar eru veitingar, allt umhverfi sem snýr að framreiðslu matvæla. Dýnur og fletir tækja og búnaðar sem gestir eru í snertingu við.

Athugið! Marga þessa staði þarf að þrifa oft á dag eftir umfangi og umgengni.

Vikuleg þrif m.a.

Ljós, sólbekkir (ekki er átt við ljósabekki), gluggar, hurðir, skápar.

Allsherjarþrif m.a.

Árlega allsherjarþrif húsnæðis eftir því sem við á og af gefnum tilefnum. Loftræstistokka skal þrifa árlega og skipta um síur eftir þörfum.

SÝNISHORN

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN KLÉBERGI HREINGERNINGARÁÆTLUN

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Morgun og miðdegisþrif	Vélþrif á íþróttasal	Þrifa stiga, tækjasal og ljósaherbergi. Þrifa skítarönd í pottum. Hreinsa niðurföll.	Setja í þvottavél. Háþrýstipvottur á gangi, öllum búnings- og sturtuklefum og gufubaði. Moppa í íþróttasal.	Þrifa klósett inná gangi og við afgreiðslu.	Körfur í klefum þrifar. Moppa í íþróttasal. Ryksuga laug.		
Á afgreiðslutíma	Pússa gler og spegla. Þrifa klósett inná gangi og við afgreiðslu.		Pússa gler og spegla.	Þrifa gler og spegla.	Þrifa gluggakistur og handklæðageym slur. Pússa gler og spegla.		
Í lok dags	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.	Ganga frá í eldhúsi. Tæma allar ruslafötur. Þrifa afgreiðslu, anddyri og klefa.

ATH:

Fyrstu helgi í hverjum mánuði á að hreinsa öll niðurföll bæði úti og inni. Auk þess að hreinsa rennur við sundlaug.

Klefa á að þrifa sérstaklega vel á sumnudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Ljósabekk verður að þrifa fyrir hverja notkun.

1998 nr. 64 12. júní Íþróttalög

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega hjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

□ Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

■ **2. gr.** Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvamálarf.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sin taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþróttá í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

■ **4. gr.** Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skípa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Af atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

□ Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

■ **5. gr.** Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

□ Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttá.

■ **6. gr.** Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

■ **7. gr.** Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

□ Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

■ **8. gr.** Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

□ Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,
2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,
3. íþróttarannsóknna,
4. verkefna skv. 13. gr. laga þessara.

□ Óheimilt er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

□ Í reglugerð,¹⁾ sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað.

¹⁾ Rg. 188/1999, sbr. 267/1999 og 388/2001.

■ **9. gr.** Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landsamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

■ **10. gr.** Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

■ **11. gr.** Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum¹⁾ og námskrám sem um þá skóla gilda.

□ Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

¹⁾ Rg. 204/1964, Rg. 395/1986.

■ **12. gr.** Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

■ **13. gr.** Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

■ **14. gr.** Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttahöld og annan búnað.

■ **15. gr.** Menntamálaráðherra getur í reglugerð¹⁾ sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

¹⁾ Rg. 204/1964, Rg. 395/1986, Rg. 609/1989.

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

ÖNNUR GÖGN

- *áhugaverðar heimasíður*
- *skráning íþróttamannvirkja*
- *álitsgerð um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga*

Áhugaverðar heimasíður:

Eftirfarandi eru áhugaverðar heimasíður þar sem hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar s.s. lög, reglugerðir og eyðublöð.

Alþingi Íslands	http://www.althingi.is/
Árvekni (slysavarnir barna)	http://www.arvekni.is
Brunamálastofnun	http://www.brs.is/
Geislavarnir ríkisins	http://www.gr.is/
Iðntæknistofnun	http://www.iti.is/
Landlæknir	http://www.landlaeknir.is/
Löggildingarstofa	http://www.ls.is/
Mannvirkjavefurinn	http://www.isisport.is/mannvirki/
Menntamálaráðuneytið	http://www.menntamalaraduneyti.is
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	http://www.rabygg.is
Samband íslenskra sveitafélaga	http://www.samband.is/
Skipulag ríkisins	http://www.skipulag.is/
Staðlaráð	http://www.stadlar.is
Umhverfisstofnun	http://www.ust.is/
Tryggingastofnun ríkisins	http://www.tr.is/
Vinnueftirlit ríkisins	http://www.vinnueftirlit.is/
Alþjóða staðlaráðið (ISO)	http://www.iso.ch/
Bandaríska staðlaráðið (AN)	http://www.ansi.org/
Evrópustaðlar (CEN)	http://www.cenorm.be/



Mannvirkjavefurinn

Samstarfsverkefni Menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Mörg undanfarin ár hafa Menntamálaráðuneytið og Íþróttasamband Íslands (ÍSí) safnað upplýsingum um íþróttamannvirki á Íslandi. Reynt hefur verið að skrá sem ítarlegastar upplýsingar um gerð og fjölda mannvirkja, ástand þeirra og aldur og hefur mest áhersla verið lögð á að halda góða skrá yfir sundlaugar og íþróttahús.

Árið 1993 sendi ÍSí spurningalista til sveitarfélaga þar sem spurt var hvort íþróttamannvirki væru í sveitarfélaginu og þá hver. Undirtektir voru mjög misjafnar og tók drjúgan tíma að innheimta svör. Aftur var gert samskonar átak árið 1995 og náðist að bæta við nokkrum upplýsingum, þó enn vantaði töluvert á. Árið 1996 var haldið áfram að skrá það sem á vantaði, en árið 1997 var svo hafið átak til að safna þessum upplýsingum og gefin út skýrsla með niðurstöðum þeirrar skráningar.

Fyrir stofnþing Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þann 1. nóvember 1997, var gefin út áfangaskýrsla 1 með fyrstu niðurstöðum þessarar skráningar. Þar var mannvirkjum raðað eftir sambandsaðilum ÍSí (þ.e. íþróttabandalögum og héraðssamböndum) og hafði skýrslan að geyma ítarlegar upplýsingar og töflur með þeim upplýsingum sem höfðu borist. Var markmiðið að gefa fulltrúum þessara aðila tækifæri á að sjá hvaða mannvirki væru talin innan þeirra svæðis og jafnframt að sýna þá fjölbreyttu möguleika sem gott gagnasafn býr yfir.

Þann 6. nóvember 1997, fyrir fund íþróttafulltrúa sveitarfélaganna og Menntamálaráðuneytisins, var gefin út áfangaskýrsla 2 með nánast sömu upplýsingum og í fyrstu áfangaskýrslu. Að þessu sinni var skýrslan sett upp á annan hátt, þ.e. mannvirkin voru flokkuð eftir sveitarfélögum.

Árið 1998 var gefin út skýrsla um íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1997. Í þessari skýrslu er mannvirkjum raðað eftir sveitarfélögum. Mikil áhersla er lögð á samanburð milli kjördæma, flokkun mannvirkja og fjölda þeirra. Ítarlegri upplýsingar er síðan að finna í gagnagrunni ÍSí og Menntamálaráðuneytisins um íþróttamannvirki.

Þá var einnig settur upp mannvirkjavefur sem hafði að geyma allar þær upplýsingar sem búið var að skrá í gagnagrunninn.

Nú í upphafi ársins 2002 er búið að endurbæta vefinn og bæta við fjölmörgum valmöguleikum.

- Fulltrúar sveitarfélaga og mannvirkja geta sjálfir breytt upplýsingum um sín mannvirki.
- Búið er að bæta við myndum á vefinn.
- Búið er að tengja vefinn við fréttavef isisport.is og allar þær mannvirkjafréttir sem þar eru skráðar birtast einnig á mannvirkjavefnum.
- Hægt er að nálgast fjölmargar skýrslur og upplýsingar um staðla fyrir íþróttamannvirki.
- Hægt er að finna tölfræðiupplýsingar um íþróttamannvirki á Íslandi.
- Þá er að finna tengla við aðrar heimasíður er geyma upplýsingar um íþróttamannvirki.
- Hægt er að leita að íþróttamannvirkjum í gagnagrunninum á fjölbreytilegann hátt.

Slóðin er: www.isisport.is/mannvirki

ÁLITSGERÐ UM ÁBYRGÐ AÐILA SEM STANDA
FYRIR FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFI
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður
- Nóvember 1998 -

EFNISYFIRLIT:

Inngangur	Bls.	1
Gildandi réttarreglur	"	2
A. Refsiábyrgð	"	2
B. Skaðabótaábyrgð	"	3
1. Almenn atriði. Skilgreiningar og helstu hugtök	"	3
2. Félagsstarf í þágu barna og unglinga	"	5
2.1. Löggjöf um æskulýðsstarf	"	6
2.2. Sérstök athugunarefni varðandi bótaábyrgð gagnvart ungmennum	"	7
2.2.1. Öryggi tækja og aðbúnaðar. Fjárhagsleg markmið starfsemi	"	7
2.2.2. Eftirlits- og umönnunarskylda	"	10
3. Hver ber ábyrgð?	"	13
3.1. Vinnuveitandaábyrgð	"	13
3.1.1. Starfsmaður settur undir boðvald vinnu- veitanda	"	14
3.1.2. Hegðun starfsmanns talin saknæm	"	15
3.1.3. Tjóni valdið í starfi	"	16
3.2. Persónuleg ábyrgð í tengslum við æskulýðsstarf	"	17
3.3. Atriði sem geta fyrirbyggt skaðabótaskyldu	"	18
Tillögur	"	19

ÁLITSGERÐ UM ÁBYRGÐ AÐILA SEM STANDA FYRIR FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Inngangur

Með bréfi dags. 3. júlí 1998 hafa Slysavarnarfélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Landssamband KFUM og KFUK, Æskulýðsráð ríkisins, Bandalag íslenskra skáta, menntamálaráðuneytið og Íþróttanefnd ríkisins farið þess á leit, að ég gefi lögfræðilegt álit á ábyrgð og öryggismálum í félags og tómstundastarfi (æskulýðsstarfi).

Í bréfinu segir m.a. svo:

„Í álitsgerðinni komi m.a. fram hvernig háttað sé ábyrgð stjórnenda, (stjórna) umsjónarmanna, starfsmanna, kennara, leiðbeinanda, sjálfboðaliða, launaðra starfsmanna og annarra þeirra er starfa með börnum og ungu fólki í skipulögðu félags- og tómstundastarfi. Á þetta bæði við innan hefðbundins félagsstarfs, í ferðum og öðru starfi á vegum félaga og félagasamtaka er vinna með börnum og ungmennum.

Í álitsgerðinni verði tillögur er varða hlutverk og skyldur félaga og félagasamtaka svo og um ábyrgð stjórnenda (stjórna) starfsmanna, sjálfboðaliða, foreldra og forráðamanna þáttakenda, kennara og leiðbeinenda, bæði launaðra og ólaunaðra á vegum félaga og félagasamtaka.

Í álitsgerðinni verði gerð grein fyrir lögum og reglum er ná til ofangreindrar starfsemi og hvort ástæða sé til að fara þess á leit við stjórnvöld að þeim verði breytt með tilliti til atriða er fram koma í álitsgerðinni.

Í álitsgerðinni verði lýst helstu kostum sem félög og félagasamtök hafa til að tryggja sig gegn hugsanlegum skaðabótakröfum.“

Gildandi réttarreglur

Sú lagalega ábyrgð sem reyna kann á í félags- og tómstundastarfi er einkum tvenns konar, skaðabótaábyrgð og refsíábyrgð. Verður hér á eftir fyrst vikið að refsíábyrgð (A.) en síðan að skaðabótaábyrgð (B.).

A. Refsíábyrgð.

Refsíábyrgð er sú ábyrgð nefnd sem ríkisvaldið kemur fram á hendur þeim sem hafa gerst sekir um brot á lögum á þann hátt að varði refsingu. Refsing fellst í greiðslu sektar til ríkisins eða í afplánun fangelsisvistar. Meginreglan er sú, að ásetning þurfi til að um refsíábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 geti verið að ræða, sbr. 18. gr. þeirra. Í nokkrum tilvikum er þó gáleysi gert refsivert í almennum hegningarlögum með sérstökum ákvæðum þar að lútandi. Við brot á svonefndum sérrefsilögum er gáleysi yfirleitt talið nægja til refsíábyrgðar.

Telji ríkisvaldið að brotið hafi verið gegn lögum á þann hátt að varði refsingu ber því oftast að höfða mál fyrir dómstólum til að koma fram refsíábyrgð. Ákærvald er í höndum ríkissaksóknara og lögreglustjóra skv. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 sbr. 1. gr. laga nr. 84/1996. Mál sem ríkið höfðar í þessu skyni eru í lögum nefnd **opinber mál**. Í þeim skal allur vafi um sök metinn sakborningi í hag og ber að sýkna af refsikröfu nema talið sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að sakborningur hafi gerst sekur um hið refsiverða athæfi. Þarf því yfirleitt mikið til að refsíábyrgð komi til álita.

Þótt það hljóti að heyra til undantekninga, getur komið til þess, að á refsíábyrgð reyni í tengslum við æskulýðsstarf. Sem dæmi um slíkt tilvik má nefna Hrd. 1994, bls. 2088. Þar var leiðbeinandi hjá siglingaklúbbi ákærður fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi með því að hafa ekki sýnt nægilega varkárni við stjórn báts. Með honum í för voru 8 börn í kringum 10 ára aldur sem öll voru þátttakendur á námskeiði sem hann veitti forstöðu. Þegar hann eitt sinn sveigði bátnum til, féll eitt barnið útbyrðis og lenti í vélarskrúfu bátsins. Hlaut barnið alvarlega áverka og var um tíma í lífshættu. Leiðbeinandinn var dæmdur sekur. Í Hæstarétti var sérstaklega litið til þess að maðurinn hafði verið forstöðumaður siglinganámskeiðsins og leiðbeinandi barna þeirra, sem með honum voru í bátnum. Á honum voru þannig taldar hafa hvílt sérstakar skyldur til aðgæslu og eftirlits. Einnig var litið til þess, að umræddur bátur gat að ýmsu leyti verið varhugaverður við flutning á hópi barna, enda gerð hans miðuð við önnur hlutverk. Var því þörf mikillar varúðar við stjórn hans

og stöðugar umsjónar með börnunum. Með því að gæta þessa ekki var talið að leiðbeinandinn hefði brotið gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem lýsir refsiverðar meiri háttar líkamsmeiðingar af gáleysi. Leiðbeinandinn var dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 80.000,-.

B. Skaðabótaábyrgð

1. Almenn atriði. Skilgreiningar og helstu hugtök.

Það hlýtur að teljast mun raunhæfara, að á skaðabótaábyrgð geti reynt þegar óhöpp verða í æskulýðsstarfi heldur en refsíábyrgð. Í skaðabótaábyrgð felst skylda hins bótaskylda að greiða skaðabætur fyrir það tjón sem hlýst af háttsemi hans. Í daglegu lífi geta menn orðið fyrir tjóni vegna ýmiss konar óhappa sem verða rakin til hegðunar þeirra sjálfra eða af hreinum tilviljunum. Tjón af þessu tagi verða menn yfirleitt að bera sjálfir. Gildir þetta þó að börn eða unglingar eigi í hlut. Til þess að skaðabótaskylda geti skapast verður yfirleitt að vera hægt að benda á einhvern annan en tjónþolann sjálfan sem telja má að hafi valdið tjóninu með athöfn og eftir atvikum athafnaleysi. Sé slíkum aðila til að dreifa þarf að kanna hvort skilyrði séu að lögum til að leggja á hann skaðabótaábyrgð.

Í íslenskum rétti eru taldar gilda nokkrar lagareglur sem láta sig það varða hvernig skaðabótaskylda stofnast. Aðalreglan í þessu efni er nefnd **sakarreglan** og hefur hún verið orðuð svo:

„Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum (þ.e. af ásetningi eða gáleysi) og ólögum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglæggar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.“¹ Feitletranir eru gerðar af undirrituðum.

Til þess að skaðabótaskylda stofnist samkvæmt þessari reglu þarf öllum skilyrðum hennar að vera fullnægt. Oftast veldur það vafa við beitingu hennar, hvort tjónvaldur hafi valdið tjóninu af ásetningi eða gáleysi, þ.e.a.s. hvort hegðun hans sé saknæm. Hegðun tjónvaldsins þarf samkvæmt þessu skilyrði að hafa verið ámælisverð á einhvern hátt. Þá er einkum athugað, hvort tjónvaldur hafi hegðað sér öðru vísi en ætla má að **góður og gegn maður** hefði gert í sömu aðstöðu. Þetta skilyrði er því sýnilega afar matskennt. Mat getur líka komið við sögu við athugun á

¹ Sjá Amljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 54.

öðrum skilyrðum reglunnar. Þegar skoðað er, hvort tjóni hafi verið valdið með ólögætum hætti þarf oft að líta til ýmissa laga og reglna sem gilda um viðkomandi athafnasvið. Hafi tjónvaldur brotið gegn fyrimælum laga eða reglugerða sem ætlað er að treysta öryggi á tilteknu athafnasviði aukast líkur á að skaðabótaábyrgð teljist hafa stofnast.

Við beitingu sakarreglunnar er almennt litið svo á, að tjónþoli þurfi að sýna fram á að hegðun tjónvalds sé saknæm, þ.e. tjónþoli beri **sönnunarbyrðina** í því efni. Hann verður því að sýna fram á, að tjónvaldurinn hafi hegðað sér á annan hátt heldur en góður og gegn maður hefði gert í sömu aðstöðu og að hin saknæma háttsemi hafi leitt til tjónsins. Í sumum tilvikum hafa dómstólar snúið sönnunarbyrðinni við að þessu leyti og ber þá tjónvaldi að sanna að hegðun hafi ekki verið saknæm. Þetta er helst talið koma til greina á athafnasviðum þar sem gera verður alveg sérstakar kröfur til aðila um að fara með gát. Þegar svona háttar er oft rætt um að dómstólar beiti **sakarlíkindareglu**.²

Til eru aðrar reglur en sakarlíkindareglur sem gera bótaábyrgð tiltekinna aðila ríkari en vera myndi samkvæmt sakarreglunni. Er hér um að ræða reglur sem leggja ábyrgð á tjónvald þótt hann hafi alls ekki hagað sér öðru vísi en ætlast mátti til af honum. Skaðabótaábyrgðin er þá **hlutlæg**. Slík ábyrgð kemur yfirleitt ekki til nema fyrir hendi sé bein lagaheimild. Regla 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 er dæmi um þetta. Hún kveður á um að skráður eigandi ökutækis skuli bera ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Auk þess má nefna reglur 6. og 10. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð en samkvæmt þessum lagaákvæðum bera framleiðandi og dreifingaraðili vöru að nánari skilyrðum uppfylltum ábyrgð á tjóni sem rakið verður til ágalla á vörunni, án þess að þar þurfi að sanna sök þeirra.

Sá sem krefst bóta getur farið í mál við tjónvald neiti tjónvaldur greiðslu. Slík dómsmál eru að jafnaði **einkamál** sem bótakrefjandi höfðar á eigin áhættu. Tjónþoli verður þá að sýna fram á, að fyrir hendi sé bótaregla sem leiði til bótaskyldu og að tjónvaldur hafi í reynd brotið gegn reglunni. Í tilfelli sakarreglunnar getur þetta stundum reynst erfitt. Sé um sakarlíkindareglu eða hlutlæga bótareglu að ræða er málið einfaldara. Þá þarf tjónþoli eftir atvikum einungis að sýna fram á tjón hafi

² Í Hrd. 1970, bls. 3 getur að líta dæmi um beitingu ólögfestrar sakarlíkindareglu. Þar sprakk flaska í ölgerð með þeim afleiðingum að starfsmaður slasaðist. Bótaábyrgð var lögð á ölgerðina, þar sem hún var ekki talin hafa gert það fyllilega sennilegt, að gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast því, að slík sprenging ætti sér stað.

orðið og það stafi af notkun ökutækis, sbr. 88. gr. umferðarlaga, eða að vara teljist haldinn ágalla, sbr. 6. gr. laganna um skaðsemisábyrgð.³

Hafi tjónþoli fyrir slys hegðað sér á einhvern þann hátt, sem sýnir að honum var kunnugt eða mátti vera kunnugt um að hætta væri á slysi, án þess þó að hann hafi breytt hegðun sinni, er talað um **áhættutöku** tjónþola („accept af risiko“). Áhættutaka felur það í sér að tjónþoli er talinn hafa óbeint fallist á að bera tjón sitt sjálfur. Hann er m.ö.o. talinn hafa með óbeinum hætti afsalað sér rétti til bóta frá öðrum. Skiptir þá ekki máli þótt annar maður hafi valdið tjóni með saknæmum hætti. Til dæmis um þetta má nefna það tilvik, að tjónþoli hafi tekið sér far með ölvuðum ökumanni. Með því telst hann taka áhættu á að verða fyrir slysi og getur af þeim sökum ekki gert kröfu um skaðabætur, sbr. t.d. Hrd. 1996, bls. 3120.

Eigi tjónþoli sjálfur sök á slysi með gálausri hegðun getur það leitt til þess að skaðabótaskylda annarra aðila kann að falla niður að hluta eða í heild. Er þá tjóninu jafnað á tjónvald og tjónþola eftir mati á sök þeirra. Í skaðabótaréttinum er í þessu tilviki talað um **eigin sök** tjónþola.

Hafi félag eða einstaklingur starfsmann á sínum vegum gildir almennt sú regla að félagið eða einstaklingurinn ber ábyrgð á skaðabótaskyldum athöfnum eða athafnaleysi starfsmannsins. Getur tjónþoli í slíkum tilfellum beint kröfu sinni beint að vinnuveitandanum. Þessi regla er ýmist nefnd reglan um **vinnuveitandaábyrgð**, húsbóndaábyrgð eða atvinnurekandaábyrgð.

2. Félagsstarf í þágu barna og unglinga.

Eins og sjá má af því sem hér hefur verið rakið, er skaðabótaábyrgð sú ábyrgð sem ætla má að mest reyni á í æskulýðs og tómstundastarfi. Það er og ljóst að það er einkum sakarreglan sem þar kemur til álita. Sjálfsagt reynir lítt á strangari ábyrgðarreglur, nema slys verði við sérstakar aðstæður þar sem slík ábyrgð gildir samkvæmt lögum, svo sem við umferðarslys. Eigandi viðkomandi ökutækis bæri ábyrgð á tjóni sem hlytist í slíku slysi eftir reglum umferðarlaganna, sem fyrr voru nefndar. Vegna skyldutrygginga ökutækja myndu tryggingafélög í flestum tilfellum bera tjónskostnað vegna umferðarslysa.

³ Dæmi um vöru sem teldist haldin ágalla er til dæmis gosflaska sem springur fyrirvaralaust í loft upp, sbr. Hrd. 1974, bls. 977.

Hér á eftir verður leitast við að kanna atriði sem ætla má að komi sérstaklega til athugunar við beitingu sakarreglunnar í æskulýðs- og tómstundastarfi.

2.1. Löggjöf um æskulýðsstarf.

Löggjöf um félagsstarf með börnum og ungmennum er af skornum skammti hér á landi. Í slíkri löggjöf er sjaldnast vikið sérstaklega að bótareglum. T.d. er í lögum nr. 24/1970 um æskulýðsmál aðallega fjallað um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi. Lögin hafa ekki að geyma reglur sem geta haft þýðingu í skaðabótarétti. Þá má nefna í þessu samhengi ípróttalög nr. 64/1998 (áður nr. 49/1956). Í þeim er fjallað um yfirstjórn ípróttamála og skipulag. Gert er ráð fyrir ípróttakennslu í öllum grunn- og framhaldsskólum (11. gr.) en kveðið á um að ípróttastarfsemi utan skóla skuli byggjast á frjálsum framtaki landsmanna (5. gr.). Þá er kveðið á, að menntamálaráðherra skuli hafa forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í ípróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar ípróttaráhöld og annan búnað. Þessar síðast nefndu reglur geta auðvitað haft þýðingu við mat á bótaskyldu við ípróttastarfsemi, þannig að bótaskylda stofnist frekar sé ekki eftir þeim farið. Að öðru leyti er ekki að finna í lögnum ákvæði sem sýnast geta haft sérstaka þýðingu í bótaréttarlegu tilliti.

Í löggjöfinni er víða að finna ákvæði sem fjalla sérstaklega um börn og umönnun þeirra. Nefna má að í VIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um málefni barna og ungmenna. Í 31. gr. laganna er mælt fyrir um að félagsmálanefnd sveitarfélags sé skylt í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna. Þá skal bent á lögræðislög nr. 71/1997. Þar er í 1. gr. mælt fyrir um að menn verði lögráða við 18 ára aldur. Í 51. gr. laganna er ákveðið að foreldrar barns sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem komi barni í foreldra stað, ráði persónulegum högum þess. Nefnist þau lögráð forsjá og fari um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga og laga um vernd barna og ungmenna. Í 29. gr. barnalaga nr. 20/1992 er að finna nánari skýringu á inntaki forsjár. Samkvæmt 1. mgr. ber foreldrum að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Þá segir í 3. mgr. að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Loks er í 5. mgr. kveðið á um að foreldrum beri að hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess sé ráðið til lykta eftir því sem gerlegt sé, þar á meðal með

tilliti til þroska barns. Í 1. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna er markmið þeirra sagt vera að að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Samkvæmt 4. gr. laganna skulu barnaverndarnefndir m.a. hafa eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og ungmenna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við ófullnægjandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Loks má nefna 3. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna. Þar er kveðið svo á, að umboðsmaður barna skuli vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna.

Af þessum lagaákvæðum verður dregin sú ályktun, að foreldrum beri skylda til þess að ráða persónulegum högum barna sinna. Þess beri að gæta að börnum séu búnar viðunandi aðstæður í samræmi við aldur og þroska og veittar nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að mega komast klakklaut til vits og ára. Þeir sem taka að sér tímabundið að gæta barna taka að jafnaði yfir þessa skyldu foreldranna meðan þeir hafa umsjón barnanna.

2.2. Sérstök athugunarefni varðandi bótaábyrgð gagnvart ungmennum.

Við athugun á stofnun bótaskyldu gagnvart börnum og ungmennum í æskulýðsstarfsemi er rétt að skoða nánar nokkur atriði sem telja má að reyni sérstaklega á við þá starfsemi. Það er einkum á tvennan hátt sem vænta má að skaðabótaskylda kunni að stofnast á þessu sviði. Annars vegar má vera að öryggi tækja og aðbúnaðar við félagsstarfið teljist ófullnægjandi og hins vegar kann að verða talið að eftirliti og leiðbeiningum til barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu sé áfátt. Almennt má segja, að við mat á eftirlits- og umönnunarskyldum þeirra sem fyrir starfsemi standa, skipti aldur barnanna sem þátt taka miklu máli. Eru vitaskuld gerðar ríkari kröfur í þessu efni eftir því sem börnin eru yngri. Í því sem fer hér á eftir verður fyrst vikið að öryggi tækja og aðbúnaðar en síðan að eftirliti og leiðbeiningum.

2.2.1. Öryggi tækja og aðbúnaðar. Fjárhagsleg markmið starfsemi.

Teljast öryggi tækja sem notuð eru við æskulýðsstarf áfátt, þannig að slys hlýst af, stofnast að jafnaði skaðabótaskylda. Sama gildir ef aðbúnaður við starfsemi telst ófullnægjandi.

Vissulega geta komið upp álitamál um hvernig aðbúnaður þurfi að vera þar sem æskulýðsstarfsemi er rekin. Oft fer starfsemi fram á vegum æskulýðsfélaga sem ekki hafa fjárhagslegan tilgang og bjóða jafnvel upp á þátttöku án endurgjalds. Spyrja má hvort kröfur til slíkrar starfsemi séu ef til vill minni heldur en almennt verði gerðar. Þeir sem slíku vilja halda fram benda þá á, að ekki sé eðlilegt að þeir, sem ekki hafa þurft að greiða fyrir þátttöku í tómstundastarfi, geti vænst þess að sá sem fyrir starfsemi standi beri ábyrgð á aðbúnaði þátttakenda. Önnur sjónarmið hljóti hér að eiga við heldur en gildi þegar um sé að ræða starfsemi sem rekin sé fyrir þáttökugjöld og eftir atvikum í hagnaðarskyni.

Varnir af þessu tagi hafa verið hafðar uppi í dómsmálum. Má til dæmis vísa til Hæstaréttardóms þar sem var fjallað um ábyrgð hestamannafélags á aðbúnaði við keppni, sbr. Hrd. 1977, bls. 1364. Þar var aðstaðan sú, að keppandi missti stjórn á hesti sínum og tók hesturinn stefnu út af keppnisvellingum. Völlurinn hafði verið girtur af með reipi sem hesturinn sá ekki fyrr en um seinan. Þegar hesturinn hljóp á reipið datt knapinn af baki og slasaðist. Krafði hann hestamannafélagið um bætur á þeim grundvelli að óforsvaranlega hafði verið gengið frá reipinu. Það hefði átt að mála reipið í áberandi lit eða stilla upp mönnum bak við það til að tryggja að hestar hlypu ekki á það. Af hálfu félagsins var bótaskyldu mótmælt, m.a. með vísan til þess að félagið, væri áhugamannafélag og enginn hafi verið skyldur til að taka þátt í kappreiðunum. Selt hafi verið inn á kappreiðarnar en þær hafi ekki verið haldnar í ágóðaaskyni. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að umbúnaður á skeiðvellingum hafi verið á ábyrgð hestamannafélagsins. Umbúnaðurinn hafi ekki verið eðlilegur og forsvaranlegur miðað við aðstæður og hafi það verið á ábyrgð félagsins. M.a. með vísan til þess var félagið talið skaðabótaskyldt. Sérstaklega var tekið fram í héraðsdóminum að ekki skipti máli í því sambandi að kappreiðarnar voru ekki haldnar í fjáröflunarskyni. Í Hæstarétti sagði um þetta að félagið hefði selt almenningi aðgang að skeiðvellingum og heitið verðlaunum eigendum þeirra hesta sem fyrstir kæmu í mark. Hefði félaginu borið að sjá um að skeiðbrautir væru þannig lagðar og umbúnar að þær byðu eigi heim sérstakri hættu. Þessa skyldu var félagið talið hafa vanrækt og var það því talið skaðabótaskyldt. Knapinn, sem talinn var hafa þekkt vel allar aðstæður á skeiðvellingum, var talinn eiga nokkra eigin sök á slysinu. Var hann látinn bera tjón sitt að hálfu. Að dómi Hæstaréttar stóðu þrjár af fimm dómurum. Tveir dómarmar skiluðu sératkvæði og vildu sýkna hestamannafélagið af bótakröfum knapans. Í þessu máli var ekki um æskulýðsstarfsemi að ræða í þeim skilningi að börn og ungmenni tækju þátt í keppninni. Ber því að varast að draga of viðtækar ályktanir af þessum dómi um það álitaefni, sem hér er til meðferðar. Þó er hann dæmi

um að fjárhagslegur tilgangur með starfsemi er eitt af þeim atriðum sem til skoðunar koma við mat á skaðabótaskyldu.

Hér má að auki vísa til Hrd. 1976, bls. 145. Þar var aðstaðan sú að 11 ára drengur hafði slasast við apabúrið í Sædýrasafninu í Hafnarfirði. Drengurinn hafði teygt sig yfir öryggisgrindverk við búrið. Greip þá api í handlegg drengsins, togaði hann að sér og beit framan af einum fingri. Sýnt þótti að grindverkið væri ekki í nægilegri fjarlægð frá búrinu og var aðbúnaðurinn ekki talinn hafa verið fullnægjandi samkvæmt l. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 67/1971 um dýragarða og sýningar á dýrum. Var bótaábyrgð lögð á safnið og tekið fram að ekki leysti það safnið undan ábyrgðinni, þótt greinilegu varúðarmerki hefði verið komið fyrir á búrinu. Af hálfu Sædýrasafnsins í Hafnarfirði var sérstaklega byggt á því að það hafi verið menningarstofnun, rekin í formi sjálfseignarstofnunnar, en ekki fjárgróðastofnun. Um þessi sjónarmið safnsins var ekki fjallað sérstaklega í forsendum dómsins. Þar var þó tekið fram, að almenningi væri veittur aðgangur að garðinum gegn gjaldi og ekki hafi verið gerðar kröfur um að börn væru í fylgd með fullorðnum. Drengurinn var sjálfur látinn bera helming tjóns síns vegna eigin óaðgæslu.

Af þessum dómum verður líklega sú ályktun dregin, að hafi verið tekið við greiðslu á annað borð, þá gildi öll almenn sjónarmið um bótaskyldu vegna vanbúnaðar. Skiptir í því samhengi væntanlega ekki máli þótt greiðslu sé eingöngu ætlað að halda æskulýðsfélagi skaðlausu af kostnaði og ekki sé stefnt að hagnaði. Fleiri dómur virðast benda til hins sama, sbr. t.d. Hrd. 1988, bls. 441. Í því máli var fjallað um slys sem íþróttamaður varð fyrir, þegar hann hrasaði í bleytu á hlaupabraut við æfingu í grindahlaupi í sal undir áhorfendastúku við íþróttavöllinn í Laugardal í Reykjavík. Beindi íþróttamaðurinn bótakröfu sinni að Reykjavíkurborg, sem átti og rak íþróttasalinn. Höfðu hin ýmsu íþróttafélög fengið tíma í salnum og greitt gjald fyrir. Í dóminum var hætta talin samfara því að æfa þegar gólfíð væri blautt. Ekki var sannað að umsjónarmaður hússins hefði gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys vegna bleytu og var vinnuveitandi hans dæmdur bótaskyldur fyrir helmingi tjóns íþróttamannsins. Í málinu virðast hafa verið hafðar uppi varnir þess efnis, að kostnaður við að fyrirbyggja bleytu í salnum hafi verið mjög mikill miðað við tekjur af rekstri hlaupabrautarinnar. Á þessar varnir var ekki fallist.

Í allri æskulýðsstarfsemi þarf að huga vandlega að settum reglum um öryggi tækja og aðbúnað. Auk settra reglna þarf að gæta almennra varúðarsjónarmiða. Af dómum virðist mega ráða, að fjárhagsleg markmið starfsemi kunni að skipta einhverju máli, þegar athugað er hvaða kröfur

beri að gera til tækja og aðbúnaðar. Ekki eru þó að finna nein dæmi um að sýknað hafi verið af bótakröfu á þeirri skýru forsendu að markmið starfsemi hafi verið ófjárhagsleg. Kröfur til aðbúnaðar eru örugglega meiri, eftir því sem þátttakendur í starfsemi eru yngri.

2.2.2. Eftirlits- og umönnunarskylda.

Eins og frammar var lýst gerir íslensk löggjöf ráð fyrir að sérstök skylda hvíli á umsjónarmönnum barna um að gæta þess, að þeim séu búnar viðunandi aðstæður í samræmi við aldur og þroska og þeim séu veittar nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að forða þeim frá slysum. Börn eiga einatt erfitt með að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og þeim hættum sem að þeim kunna að steðja. Þau gera sér oft ekki grein fyrir því, að ýmislegt sem þau hafast að í leik við önnur börn geti haft í för með sér hættur fyrir þau sjálf og aðra. Jafnvel þó þau kunni í sjálfu sér að skynja hætturnar hættir þeim til að gleyma þeim í hita leiks. Með hliðsjón af þessu er sú skylda lögð á foreldra að hafa eftirlit með börnum sínum og veita þeim leiðbeiningar í því skyni að fyrirbyggja að börnin sjálf verði fyrir tjóni en einnig að þau valdi öðrum tjóni.⁴ Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka að sér að gæta barna fyrir foreldra, svo sem starfsmönnum sumarbúða, skátaforingjum, starfsmönnum barnaheimila og öðrum sem fara tímabundið með umsjá barna.⁵ Nú er það ljóst, að verði barn fyrir tjóni eða valdi barn öðrum tjóni, skapast ekki skilyrðislaus bótaskylda. Sýna þarf fram á að sá, sem hafði umönnun barns með höndum, hafi **vanrækt umsjónarskyldu sína**. Háttsemi hans þarf að hafa verið lakari en krefjast mátti af honum miðað við aðstæður. Af þessu verður ráðið að það getur haft verulega þýðingu fyrir þá sem standa fyrir æskulýðsstarfsemi, hvað talið verður felast í þessari umsjónarskyldu gagnvart börnum.

Sé litið til dómaframkvæmdar verður í fyrsta lagi ráðið, að strangar kröfur eru gerðar til vinnuveitenda sem hafa börn til að sinna tilteknum störfum. Má hér vísa til Hrd. 1965, bls. 296 og Hrd. 1968, bls. 951. Í þessum dómum var fjallað um slys sem 13 og 15 ára unglingar urðu fyrir við störf með vélar. Í báðum tilfellum var eftirlit með þeim talið ófullnægjandi, þrátt fyrir að þeir væru taldir hafa haft nokkra reynslu af vinnu við vélar.

Af dómaframkvæmd verður enn fremur ráðið, að nokkuð strangar kröfur séu gerðar til eftirlits með starfsemi barna og unglinga í hefðbundnu skólastarfi, sbr. Hrd. 1992, bls. 312. Þar hafði smiðakennari

⁴ Verner, Ansvar for tilsyn med andre, Kaupmannahöfn. 1979, bls. 19-20.

⁵ Von Eyben, Nørgaard og Vagner, Lærebog i erstatningsret, Kaupmannahöfn, 1995, bls. 96.

yikið sér nokkra metra frá vélhefli sem var í gangi. Fimmtán ára gamall nemandi fíktaði í vélinni í sömu mund og slasaðist. Nemendum höfðu verið bönnuð öll not trésmíðavélanna og lá fyrir, að nemandanum sem slasaðist hafði verið kunnugt um bannið. Í dómi Hæstaréttar segir m.a., að kosta beri kapps um að ítrasta öryggis sé gætt í skólum til verndar nemendum gegn slysaþættu. Sérstaklega rík sé nauðsyn þess, að allar tiltækar varúðarráðstafanir séu gerðar, þegar hættulegum vélum sé komið fyrir í kennsluhúsnæði, þar sem nemendum sé ætlað að eiga leið um, og þær séu í notkun, meðan á kennslu standi. Verulega hafi skort á að viðhlítandi öryggis hafi verið gætt í því tilviki sem um var fjallað í málinu. Skólinn var dæmdur bótaskyldur að 2/5 hlutum en nemandinn látinn bera 3/5 hluta af tjóni sínu sjálfur. Var talið að hann hafi mátt vegna aldurs síns og reynslu gera sér grein fyrir því hversu tiltæki hans við vélinu hafi verið stórhættulegt.

Að því er varðar almennt æskulýðsstarf utan skyldutíma í skólum er hins vegar erfiðara að greina hvernig umsjónarskyldunni er háttað. Hér má nefna til sögunnar Hrd. 1975, bls. 702. Þar var málum svo háttað, að eftir lok venjulegs skólatíma mætti 15 ára piltur, sem var nemandi í skólanum, til fimleikaæfinga í leikfimisal skólans undir eftirliti íþróttakennara. Verið var að æfa fimleikaatriði sem til stóð að sýna á vegum skólans. Við æfinguna slasaðist pilturinn við fimleikastökk. Tjónþoli byggði m.a. á því að æfingarnar hafi verið liður í skólastarfinu. Einnig taldi hann að íþróttakennaranum hafi borið að standa hjá þar sem stökkið var framkvæmt til þess að tryggja örugga lendingu. Stökkið hafi verið hættulegt, erfitt og æft í stuttan tíma. Því hafi verið full ástæða fyrir leikfímikennarann að standa hjá og taka við nemendum úr stökkinu. Skólinn bar því m.a. fyrir sig, að stökkinu hafi ekki fylgt meiri hættu en almennt gengur og gerist um fimleika. Tjónþolinn hafi verið mjög efnilegur fimleikamaður og annar af tveimur bestu í skólanum. Þá var vísað til þess, að æfingarnar hafi ekki verið liður í skólastarfinu og kennarinn hafi sinnt nemendum í umrætt sinn í frítíma sínum án þess að fá greiðslu fyrir. Héraðsdómur sýknaði skólann. Í forsendum dómsins var nefnt, að tjónþolinn hafi ekki verið hvattur til þess að taka þátt í æfingunum og að um æfingar áhugamanna hafi verið að ræða. Þá var talið að fimleikamennirnir hafi ekki verið þvingaðir eða þeim att til að gera æfingar sem þeir treystu sér ekki til. Loks var vísað til þess að fimleikum fylgi alltaf áhætta. Var talið að hvorki tjónþola né öðrum yrði kennt um slysið. Hér virðist héraðsdómarinn leggja upp úr því að um frjálst val pilsins hafi verið að ræða. Af þeim sökum m.a. hafi kröfur til kennarans verið minni. Í Hæstarétti var niðurstaða héraðsdómsins staðfest, en með öðrum rökum. Tekið var fram að tjónþoli hafi verið góður leikfímimaður og hafi verið búinn að æfa leikfímistökkið sem hann

tók, er hann slasaðist. Þá var ekki talið í ljós leitt að kennarinn hafi ekki gætt venjulegra varúðarreglna. Ekkert var vikið að því hver hefði átt frumkvæði að æfingunum eða hvernig skólastarfi hafi verið háttað. Verður ekki óyggjandi af þessum dómi ráðið hvort eftirlitsskyldur í frjálsum íþróttastarfi, þ.m.t. á vegum æskulýðsfélaga, séu minni en í skyldubundnu skólastarfi. Ætla verður þó að svo geti verið. Raunar virðist bótaábyrgð vegna íþróttaiðkunar frekar teljast til undantekninga jafnvel þótt slys verði í reglulegu skólastarfi, sbr. t.d. Hrd. 1982, bls. 82. Þar var sýknað af kröfu 12 ára nemanda sem hafði slasast við hástökk í leikfimitíma.

Af framansögðu er ljóst að meta verður það hverju sinni, hvort eftirlit og leiðbeiningar umsjónarmanns barns eða barna teljist fullnægjandi. Þarf þá að skoða þær sérstöku aðstæður sem slysinu valda. Eftir því sem verkefni barna í æskulýðs- og tómstundastarfi verða **áhættusamari** verða meiri kröfur gerðar til eftirlits og leiðbeininga. Hér má nefna sem dæmi Hrd. 1982, bls. 82, sem nú síðast var nefndur, en þar var í héraðsdómi vísað til þess að hástökkssæfingin sem nemandinn slasaðist við hafi verið mjög auðveld og slysaþætta henni samfara hverfandi lítil, þó að allri leikfimi fylgdi nokkur hætta. Var sýknað af skaðabótakröfu. Dóminn staðfesti Hæstiréttur með vísan til forsendna. Til hliðsjónar má nefna Hrd. 1974, bls. 356. Þar var fjallað um skyldu móður til afskipta af 10 ára gömlum syni sínum vegna boga sem sonurinn hafði gert sér. Móðirin hafði skipað syninum að fara út með bogann og skemma hann. Sonurinn fór út með bogann en áður en hann skemmdi bogann varð það óhapp að hann skaut ör í auga nærstadds 5 ára gamals drengs sem krafðist bóta. Héraðsdómur taldi fyrir mæli móðurinnar til drengsins um að eyðileggja bogann nægjanleg til þess að firra hana ábyrgð enda væri ekkert komið fram í málinu um að hún hefði ekki mátt treysta drengnum að þessu leyti. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um þetta. Hæstiréttur dæmdi hins vegar drenginn sjálfan bótaskyldan en lækkaði bótafjárhæð eftir sérstakri lagaheimild. Til samanburðar vísast einnig til Hrd. 1979, bls. 978 þar sem tíu og ellefu ára drengir höfðu komist yfir sprengiefni sem geymt var í geymsluskúr við Reykjavíkurflugvöll. Hafði ekkert verið hirt um skúrinn um margra ára skeið. Taldi Hæstiréttur að dýraumbúnaður hafi ekki verið svo öruggur sem krefjast yrði, þar sem börn hafi getað opnað dyrnar án sérstakra tækja. Var því talið að umhirða eigandans hafi verið óforsvaranleg og var lögð á hann bótaábyrgð vegna slyss sem varð þegar drengirnir faktuðu við sprengiefnið. Þessi dómur er dæmi um varúðarskyldu gagnvart börnum, sem teljast verður hvíla á mönnum, þó að þeir hafi ekkert með beina umsjón þeirra að gera. Varð hún ríkari vegna mikilla hættueiginleika þeirra efna sem geymd voru í skúrnum.

Það er ljóst að eftir því sem barn er yngra verða meiri kröfur gerðar til umsjónarmanna þess. Umsjónarskyldan er auðvitað allt önnur og meiri heldur en þegar fullorðið fólk á í hlut. Í Hrd. 1968, bls. 470 var fjallað um slys sem fullorðinn maður varð fyrir þegar hann tók þátt í hópreið hestamanna sem hestmannafélag skipulagði. Hestarnir voru teymdir í röð og slasaðist maðurinn við spark frá hesti annars þátttakanda. Maðurinn fór í mál við hestmannafélagið, einkum á þeim grundvelli að forsvarsmönnum þess hafi borið að tryggja að hestar væru ekki teymdir svo nærri hvorum öðrum að slyshætta hlytist af. Í Hæstarétti var félagið sýknað með þeim rökstuðningi að það valdi ekki skaðabótaskyldu þótt fyrirsvarsmenn félagsins „létu það viðgangast, að förunautar í reiðför þeirri, sem í málinu greinir, teymdu lausa hesta, og yfirleitt er engin sú hegðun sönnuð á hendur fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda [félagsins], sem leiðir til skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda í málinu“. Ekki er víst að niðurstaðan hefði orðið hin sama ef börn hefðu átt í hlut.

Það má velta því fyrir sér við hvaða aldur umsjónarskyldu sleppir yfirleitt. Í dönskum Hæstaréttardómi í UfR 1975, bls. 504 var lögð ábyrgð á íþróttaháskóla vegna skemmdarverka sem fullorðnir nemendur skólans unnu á hóteli í skólaferðalagi. Það verður þó að telja að ábyrgð af þessu tagi komi eingöngu til greina í undantekningartilvikum. Sjálfsagt má almennt við það miða að sérstök umsjónarskylda með börnum og ungmönnum sé almennt úr sögunni þegar þau hafa náð sjálfræðisaldri, þ.e. við 18 ára sbr. 1. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Löggjafinn hefur metið það svo að fólk sem náð hefur þessum aldri sé almennt fært að bera ábyrgð á gerðum sínum. Má gera ráð fyrir, að forsvarsmönnum æskulýðsstarfsemi sé heimilt að ætla að svo sé, þó að alltaf verði að hafa í huga, að þeir sem bjóða öðru fólki til þátttöku í tómstunda- eða skemmtistarfi þurfa að viðhafa viðhlítandi aðgát.

3. Hver ber ábyrgð?

3.1. Vinnuveitandaábyrgð.

Eins og áður segir er það almenn regla að vinnuveitandi beri ábyrgð á tjóni, sem starfsmaður hans veldur með saknæmum og ólögumætum hætti í starfi sínu. Þessi regla er oftast kölluð reglan um vinnuveitandaábyrgð eða húsbóndaábyrgð.

Vera má að vinnuveitandi eigi sjálfur sök á tjóni sem starfsmaður hans veldur. Til dæmis kann hann að hafa sagt starfsmanni sínum rangt til, gefið honum ófullnægjandi leiðbeiningar, ekki haft nægilegt eftirlit

með honum eða jafnvel látið óhæfan starfsmann vinna verk.⁶ Ef t.d. æskulýðsfélag réði vitandi vits dæmdan kynferðisafbrotamann til að sinna umönnun barna teldist slíkt vafalaust saknæmt. Félagið yrði sjálfsagt látið bera ábyrgð á misgjörðum mannsins sem hann ynni í skjóli starfs. Þessi ábyrgð yrði einfaldlega byggð á sök fyrirsvarsmanna félagsins sem í hlut ætti. Eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð fellur bótaskylda hins vegar á vinnuveitanda þótt hann eigi sjálfur enga sök á tjóni. Helstu skilyrði slíkrar ábyrgðar eru, að starfsmaður sé settur undir boðvald vinnuveitanda (3.1.1.), að hegðun starfsmanns verði talin saknæm (3.1.2.), og að tjóni hafi verið valdið í starfi (3.1.3.).

3.1.1. Starfsmaður settur undir boðvald vinnuveitanda.

Að því er varðar æskulýðsstarfsemi er það sérstakt álitafni hvort sjálfboðaliðar geti talist starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og þannig skapað æskulýðsfélögum bótaábyrgð vegna skaðaverka sinna. Hið almenna skilyrði að þessu leyti hefur verið talið að vinnuveitandi sé húsbóndi starfsmanns í þeim skilningi að hann hafi rétt til að stjórna vinnunni, þar á meðal að ráða starfsmenn og segja þeim upp starfa, gefa þeim fyrirskipanir og leiðbeiningar og líta eftir framkvæmd vinnunnar.⁷

Það er ekki víst að boðvald yfir sjálfboðaliðum hafi að öllu leyti sömu þýðingu og boðvald yfir launuðum starfsmönnum. Stafar það af því að launaðir starfsmenn hafa ríkari skyldur en sjálfboðaliðar til að inna starfa sinn af hendi og þar með til að hlíta fyrirmælum yfirboðara. Sjálfboðaliði kynni t.d. frekar en launaður starfsmaður að taka þann kost að ganga af vettvangi mislíki honum fyrirmæli yfirmanna. Engu að síður hefur í fræðikenningum verið talið að þessi munur á eðli sjálfboðastarfa og launaðra starfa hafi ekki afgerandi áhrif að þessu leyti.⁸ Af héraðsdómframtalverðum verður ekki séð að á þetta hafi reynt. Má þannig nefna að í Hrd. 1968, bls. 470 og Hrd. 1977, bls. 1364, sem fyrr voru nefndir og snerust báðir um ábyrgð Hestamannafélagsins Fáks, var ekki byggt á þeirri málsástæðu, að þeir sem sáu um skipulagningu þeirra viðburða sem málin snerist um hafi verið sjálfboðaliðar. Verður almennt að leggja til grundvallar, að æskulýðsfélög beri ábyrgð á sjálfboðaliðum sem starfa á þeirra vegum eftir svipuðum mælikvarða og myndi gilda um launaða starfsmenn. Má teljast eðlilegt í þessu samhengi að líta á félagið og

⁶ Sjá Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 91.

⁷ Sjá Arnljót Björnsson, Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar, Kaflar úr skaðabótarétti, Reykjavík, 1990, bls. 13.

⁸ Sjá Arnljót Björnsson, Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar, Kaflar úr skaðabótarétti, Reykjavík, 1990, bls. 12.

starfsmenn þess sem eina heild gagnvart utanaðkomandi aðilum. Þá má nefna, að æskulýðsfélög geta keypt sér ábyrgðartryggingar vegna bótaábyrgðar sem á þau kann að falla vegna saknæmrar háttsemi sjálfboðaliða. Enn fremur er það svo að sjálfboðaliðum er almennt skylt, svo lengi sem þeir starfa, að hlíta fyrir mælum sem þeim eru gefin. Allt eru þetta atriði sem talin eru liggja reglunni um vinnuveitandaábyrgð til grundvallar.⁹ Af þessum sökum er nærtækt að ætla að æskulýðsfélög beri ábyrgð á sjálfboðaliðum á svipaðan hátt og vinnuveitendur bera ábyrgð á launuðum starfsmönnum.

Lúti maður ekki skipunarvaldi eða eftirliti vinnuveitandans er hann almennt talinn of sjálfstæður gagnvart vinnuveitanda til þess að teljast starfsmaður í merkingu reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í skaðabótaréttinum er hann þá nefndur sjálfstæður framkvæmdaðili eða sjálfstæður verktaki. Eftir skaðabótaræglum utan samninga ber vinnuveitandi almennt ekki bótaábyrgð vegna skaðaverka slíks aðila.¹⁰ Kjósi æskulýðsfélag að fá verktaka til þess að vinna tiltekið verk, ber félagið að öllu jöfnu ekki ábyrgð á þeim skaðaverkum sem verktakinn kann að valda við verk sitt. Þess ber þó að gæta að formleg yfirskrift samnings við þann sem vinnur verk ræður hér ekki úrslitum. Verði litið svo á að tjónvaldur lúti skipunarvaldi og eftirliti æskulýðsfélags, breytir engu þótt samningur tjónvalds við félagið sé kallaður verksamningur. Félagið ber þá eftir sem áður ábyrgð á störfum tjónvalds.

Þegar margir sjálfstæðir aðilar taka þátt í tiltekinni starfsemi, getur oft verið álitafni hver beri ábyrgð á skaðaverki sem af starfsemi leiðir. Sem dæmi má nefna að mörg æskulýðsfélög hafi staðið saman að ráðningu starfsmanns sem tjóni veldur. Í slíku tilviki verður væntanlega að líta til þess fyrst og fremst, á hvaða aðila sú skylda hvíldi, að stjórna starfsmanninum og hafa eftirlit með verkum hans. Sé stjórn og eftirlit sameiginleg, t.d. hjá sameiginlegri verkefnisstjórn þeirra félaga sem að starfseminni standa, verður líklega að líta svo á að öll félögin beri óskipta ábyrgð.

3.1.2. Hegðun starfsmanns talin saknæm.

Um það skilyrði að hegðun starfsmanns sé saknæm gilda sömu sjónarmið og lýst var að framan, þar sem fjallað var um sakarregluna. Visast til þess.

⁹ Sjá Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 91.

¹⁰ Sjá Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 95.

3.1.3. Tjóni valdið í starfi.

Það er skilyrði ábyrgðar samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð að starfsmaður hafi valdið tjóninu í starfi sínu. Með öðrum orðum verður sá sem á sök á tjóni að hafa valdið tjóninu við framkvæmd þess starfs sem hann gegnir í þágu vinnuveitandans eða í nánnum tengslum við starfið.¹¹ Við mat á því, hvort þetta skilyrði sé uppfyllt má til dæmis líta til vinnutíma, sbr. Hrd. 1975, bls. 702, þar sem fjallað var um slys sem varð við fimleikaæfingu eftir skólatíma en dómurinn er reifaður á bls. 11-12 hér að framan. Þar voru málsástæður um vinnutíma íþróttþjálfarans taldar varða úrlausn þess hver bæri endanlega ábyrgð á tjóni og komu ekki til skoðunar í Hæstarétti, þar sem ekki var talin hafa sannast sök í málinu. Héraðsdómur tók þetta hins vegar til skoðunar og taldi það ekki velta á vinnutíma þjálfarans, hvort skólinn bæri fébótaábyrgð á slysinu, þar sem þjálfun á greindri æfingu þótti í svo nánnum tengslum við starfsskyldur íþróttakennarans almennt að þar yrði ekki á milli greint. Rétt er sjálfsagt með hliðsjón af framansögðu að líta svo á, að vinnutími geti haft talsverða þýðingu en hann ráði hins vegar ekki úrslitum. Í þessu samhengi má nefna, að því er varðar ferðir á vegum æskulýðsfélaga, að væntanlega er erfitt að staðhæfa hvenær vinnutíma leiðbeinanda sem eru með í för lýkur. Verður í slíkum tilvikum væntanlega að gera ráð fyrir, að skaðaverk séu unnin í starfi eða í nægum tengslum við starf nema sterkar líkur séu leiddar að hinu gagnstæða. Almennt séð ber því æskulýðsfélag ábyrgð á skaðaverkum sem sjálfboðaliðar eða starfsmenn valda í ferðum á þeirra vegum.

Hegði starfsmaður sér með svo óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti, að almennt verði ekki gert ráð fyrir að menn hagi sér þannig við vinnu sína má telja að vinnuveitandi sé ekki ábyrgur.¹² Sem dæmi um þetta má nefna Hrd. 1962, bls. 74. Þar var málum svo háttað að tveir starfsmenn lentu í áflogum í flökunarsal hraðfrystihúss, þar sem þeir unnu. Annar starfsmaðurinn var 42 ára en hinn 16 ára. Sá yngri hélt á hnífi og slasaði þann eldri með honum. Sá sem slasaðist höfðaði bótamál og stefndi bæði þeim sem hnífnum beitti og vinnuveitandanum. Í héraðsdómi var vinnuveitandinn sýknaður með þeim rökstuðningi að atferli manna hafi verið það fjarlægt starfsskyldum þeirra sem starfsmanna hraðfrystihússins, að slysinu verði ekki jafnað til slyss í starfi. Í Hæstarétti var þessi úrlausn héraðsdóms staðfest. Um þetta má líka nefna danskan landsréttardóm í UfR 1994, bls. 215. Þar áreitti eiginmaður vinnuveitanda, sem aðstoðaði við reksturinn, undirmann eiginkonu sinnar kynferðislega. Undirmaðurinn fór í mál við

¹¹ Sjá Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 93.

¹² Sjá Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 94.

vinnuveitanda sinn og eiginmann hennar. Eiginkonan var sýknuð af kröfunni með þeim rökstuðningi að atferli eiginmannsins hafi verið „svo ófyrirsjáanlegt og óvenjulegt“¹³, að eiginkonan bæri ekki ábyrgð á því á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Af þessum dæmum má ef til vill draga þá ályktun að a.m.k. allar beinar líkamlegar árásir á börn og unglinga, sem starfsmaður æskulýðsfélags, þ.m.t. sjálfboðaliði, gerðist með ásetningi sekur um, falli utan þeirrar ábyrgðar sem æskulýðsfélagið ber samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Á slíkum atvikum ber æskulýðsfélagið því væntanlega aðeins ábyrgð að forsvarsmenn þess hafi á saknæman hátt ráðið óhæfan mann til starfars eða á saknæman hátt fengið slíkan mann til sjálfboðaliðsstarfa, ekki sinnt eftirlitsskyldu með starfsmönnum sem skyldi eða átt þátt í árásinni á einhvern sambærilegan hátt. Tekið skal fram að önnur sjónarmið gilda að sjálfsögðu um slagsmál barnanna innbyrðis og ábyrgð umsjónaraðila á tjóni sem hlýst af þeim.

3.2. Persónuleg ábyrgð í tengslum við æskulýðsstarf.

Meginreglan í íslenskum rétti er sú, að sá sem skaðaverki veldur beri persónulega á því skaðabótaábyrgð, séu skilyrði sakarreglunnar sem fyrr var nefnd uppfyllt. Skiptir þá ekki máli, þó að hann hafi valdið tjóninu í starfi í þágu vinnuveitanda síns. Frá þessari meginreglu er gerð þýðingarmikil undantekning í 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar er kveðið á um, að hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans taki til sé starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis. Þetta gildir án efa um starfsemi æskulýðsfélaga og felur þá í sér að sjálfboðaliðar og starfsmenn félaganna bera að öllu jöfnu ekki persónulega ábyrgð á tjóni sem framangreindar tryggingar bæta.¹⁴ Í skilmálum ábyrgðartrygginga er að jafnaði kveðið svo á að tryggingarnar bæti tjón sem séu bótaskyld samkvæmt almennum bótareglum á Íslandi. Það má því gera ráð fyrir, að hafi æskulýðsfélag tekið ábyrgðartryggingu, beri starfsmaður eða sjálfboðaliði yfirleitt ekki ábyrgð skaðaverki sínu að svo miklu leyti sem skaðaverkið er unnið í tengslum við starf hans fyrir æskulýðsfélagið. Bótaskylda starfsmanns eða sjálfboðaliða stofnast þá einungis að hann hafi unnið skaðaverkið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í greinargerð með skaðabótalögunum eru nefnd í þessu samhengi skaðaverk sem unnin eru undir áhrifum áfengis, ávana- eða fikniefna.¹⁵ Í slíkum tilvikum teljast skaðaverk sjálfsagt oftast

¹³ «sá upáregnelig og atypísk».

¹⁴ Sjá Alþingistiðindi, A-deild, 1992-1993, 116. löggjafarþing, bls. 3665, þar sem tekið er fram að með vinnuveitanda og starfsmanni er átt við merkingu þessara hugtaka í skilningi almennu reglunnar um vinnuveitanda eða húsbóndaábyrgð eins og þau eru notuð í kafla III.3.

¹⁵ Sjá Alþingistiðindi, A-deild, 1992-1993, 116. löggjafarþing, bls. 3661-3662.

unnin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi þó að svo þurfi ekki endilega að vera.

Leiði 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga til þess að bótaskylda starfsmanns eða sjálfboðaliða stofnist, þ.e. sé ekki um ábyrgðartryggingu að ræða eða hafi tjóni verið valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, kemur til kasta ákvæða 23. gr. laganna. Í 1. mgr. 23. gr. er fjallað um það tilvik að vinnuveitandi hafi greitt bætur til tjónþola vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns síns. Er þá ákveðið, að vinnuveitandinn geti aðeins endurkrafið starfsmanninn um slíkar bætur að því marki sem telja megi sanngjarnt þegar litið sé til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti. Telja verður líklegt að einungis í undantekningartilvikum komi til greina að vinnuveitandi geti endurkrafið sjálfboðaliða sem innt hefur starf af hendi án endurgjalds. Í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga er kveðið á um að skerða megi eða fella niður skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola ef það verði talið sanngjarnt þegar litið sé til atvika sem getið sé í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hafi greitt, geti hann krafið úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvíli endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr. Þessar reglur um réttarstöðu starfsmanna eiga auðvitað allar við í æskulýðsstarfsemi, hvort sem starfsmaður hefur verið launaður eða ekki.

3.3. Atriði sem geta fyrirbyggt skaðabótaskyldu.

Því má velta fyrir sér, hvort æskulýðsfélög geti komið sér undan að bera skaðabótaábyrgð samkvæmt þeim almennu reglum sem hér hefur verið lýst, t.d. með gerð samninga við forráðamenn barna þar sem kveðið væri á um að börn tækju þátt í starfsemi á eigin áhættu. Líklegt er að slíkir samningar yrðu sjaldnast skuldbindandi. Má í þessu samhengi vísa til ákvæða 27. gr. skaðabótalaga sem reisa skorður við samningsgerð um frávík frá reglum laganna tjónþolum, og raunar í vissum tilvikum einnig bótaskyldum aðilum, til óhags. Enn fremur má vísa til þess að 24. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 kveður á um að yfirlýsingu um ábyrgð megi því aðeins gefa, að yfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hafi samkvæmt gildandi lögum. Yfirlýsingar um afsal ábyrgðar standast því varla tilvitnað ákvæði samkeppnislaga. Um þetta má vísa til Hrd. 1989, bls. 329 þar sem sambærilegt ákvæði eldri laga var talið standa samningi milli einstaklinga um undanþágu frá ábyrgð fyrir þrifum.

Það er hins vegar annað mál að ýmis konar viðvaranir sem æskulýðsfélög gefa út og koma á framfæri geta verið til þess fallnar að draga úr ábyrgð þeirra. Gerist það þá með þeim hætti að skeytingarleysi tjónþola um fram komnar viðvaranir og leiðbeiningar leiðir til þess að

hann verði annað hvort talinn hafa tekið áhættu sem veldur brottfalli bótaréttar eða talinn hafa sýnt af sér eigin sök sem leiði til niðurfellingar bótaréttarins eða lækkunar bóta. Má í þessu samhengi vísa til Hrd. 1976, bls. 145 sem fjallaði um slys sem varð við apabúrið í Sædýrasafninu í Hafnarfirði og reifaður er að framan á bls. 9. Þar varð áberandi viðvörðunarskilti þess valdandi að bótakrafa var lækkuð á grundvelli eigin sakar tjónþolans. Var tjónþoli látinn bera helming tjóns síns sjálfur en hann var 11 ára, þegar slysið varð. Í þessu samhengi er ástæða til að taka fram, að eftir því sem börnin eru yngri þarf meira til að koma svo þau teljist hafa tekið áhættu sem veldur brottfalli bótaréttar eða þau teljist hafa sýnt af sér eigin sök. Sé um mjög ung börn að ræða kemur slíkt tæpast til greina, sbr. Hrd. 1961, bls. 620. Það mál snerist um eigin sök tæplega 6 ára drengs sem varð fyrir bifreið. Í héraðsdóminum segir: „Með tilliti til þess, hvernig atvikum var hér háttað, og sérstaklega þegar hafður er í huga hinn ungi aldur drengsins, þá þykja ekki vera fyrir hendi nægar ástæður til þess að takmarka fébótaábyrgð stefnda á slysinu“. Niðurstaðan um þetta var staðfest í Hæstarétti.¹⁶

Tillögur

Hér að framan kemur fram, að almennar reglur skaðabótaréttar gilda hér á landi um skaðabótaábyrgð þeirra aðila, sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga. Við mat á bótaskyldu er í réttarframkvæmdinni litið til þeirra atriða, sem telja má að geti skipt máli við mat á sök fyrirvarsmanna og starfsmanna í slíku starfi. Gerðar eru kröfur um eftirlit og umönnun, sem taldar eru sanngjarnar og hæfilegar hverju sinni miðað við þá starfsemi sem fram fer og aldur þeirra barna og ungmenna sem í hlut eiga. Tekið er mið af því sem góður og gegn maður verður talinn hafa átt að gera við sömu aðstæður og eftirlits- og umönnunaraðilinn bjó við, er hann tók sína ákvörðun. Hvert tilvik hlýtur sérstaka athugun, þar sem þessi meginsjónarmið eru lögð til grundvallar.

Ég tel ekki rétt að sett verði sérstök lög um skaðabótaábyrgð á þessu sviði. Gildandi réttarframkvæmd mætir að mínu mati vel þeim þörfum sem hér eru uppi. Tel ég reyndar að jafnaði þýðingarmikið, að ekki séu settar sérreglur um skaðabótaábyrgð á einstökum málavíðum nema alveg sérstaklega standi á, þar sem slíkt er til þess fallið að veita frávik frá reglum, sem taldar eru gilda á öðrum sambærilegum sviðum án nægilegra tilefna. Ekki verður heldur séð að æskulýðsstarfsemi fylgi

¹⁶ Sjá hér Arnljót Björnsson, Skaðabótaréttur, Reykjavík, 1988, bls. 85.

sérstök hættu sem réttlætt geti sérreglur sem þyngja skaðabótaábyrgðina umfram það, sem almennt gildir.


Sjálfsgætt er að brýna fyrir þeim aðilum sem stýra félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglunga að gæta jafnan vel að öryggi og eftirliti í slíku starfi. Er ekki að efa, að hin ýmsu ungmennasamtök hafi lagt áherslu á þetta í starfi sínu fram til þessa. Hér ber að huga að kröfum sem gera ber til starfsmanna og sjálfboðaliða og jafnvel hvort efni kunnir að vera til þess að stofna til námskeiða eða sérstakrar fræðslu fyrir leiðbeinendur á einstökum sviðum til að stuðla að þessu. Þá ber jafnan að hafa í huga, hvort ástæða sé til að merkja sérstaka-hættustaði, þar sem starf fer fram eða semja skriflegar leiðbeiningar og viðvaranir fyrir þátttakendur. Allt heyrir þetta til vönduðum og ábyrgum vinnubrögðum við þessa starfsemi og er til þess fallið að fækka slysum og draga úr hættu á skaðabótakröfum á hendur þeim sem fyrir félags- og tómstundastarfi standa.

Þessu til viðbótar bendi ég álitsbeiðendum á þann sjálfsgætt möguleika að kaupa váttryggingar til að auka réttaröryggi bæði þeirra sem standa fyrir starfsemi og þeirra sem taka þátt í henni. Þar koma í fyrsta lagi til frjálsar ábyrgðartryggingar sem veita vernd fyrir skaðabótakröfum á hendur þeim sem fyrir starfsemi stendur. Í öðru lagi er unnt að kaupa slysatryggingar til hagsbóta fyrir þátttakendur í félags- og tómstundastarfi. Er athugandi fyrir samtökin öll að sameinast um að kaupa tryggingar þessar í einu lagi, þar sem slíkt er til þess fallið að halda niðri kostnaði. Kemur þá til greina að leita til starfandi sérfræðings á sviði váttryggingamiðlunar og fá hann til ráðgjafar og til að leita tilboða í einu lagi í allar tryggingarnar sem ráðlegt verður talið að kaupa.

Að álitsgerð þessari vann auk undirritaðs fulltrúi hans Reimar Pétursson héraðsdómslögmaður.

Reykjavík, 4. nóvember 1998,


Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.

The cover features a dark blue background with a large, lighter blue circular shape at the top. In the center, there are stylized, light blue figures of people holding hands, forming a circle. The text is in a white, sans-serif font.

Ábyrgð aðila sem standa fyrir
félags- og tómstundastarfi
fyrir börn og unglinga

september 2010
Ragnhildur Helgadóttir

Höfundur, dr. Ragnhildur Helgadóttir, er prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Útgefandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð

Sölvhólsgrötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Bréfsími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.is

Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Prentvinnsla: Litlaprent ehf.

ISBN nr. 978-9979-777-93-9

Samantekt fyrir foreldra

Samkvæmt íslenskum lögum bera þau félög og samtök sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi ekki sjálfkrafa ábyrgð á slysum sem börn verða fyrir í starfinu.

Börn og ungmenni fá tjón af völdum slyss, t.a.m. tannlæknakostnað, ekki greiddan af öðrum, nema einhver beri skaðabótaábyrgð á slysinu.

Skilyrði skaðabótaábyrgðar eru m.a. að sá sem krafinn er um bætur eigi sök á slysinu.

Ef barn eða ungmenni slasast í óhappi sem engum verður kennt um ber sá sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfinu þess vegna ekki skaðabótaábyrgð á því.

Sá sem stendur fyrir starfinu ber hins vegar skaðabótaábyrgð ef starfsmenn hans, launaðir eða ólaunaðir, hafa sýnt af sér sök, t.a.m. vanrækslu við að gæta barna, og það veldur slysi.

Sá sem stendur fyrir starfinu, eða umráðamaður aðstöðu, getur orðið bótaskyldur ef aðbúnaður er ófullnægjandi og slys verður vegna þess.

Börn og ungmenni geta þurft að bæta öðrum börnum tjón sem þau valda þeim.

Heimilistryggingar fela langoftast í sér ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem börn valda og sumar fela líka í sér slysatryggingu vegna slysa sem börn verða fyrir í frítíma. Þar sem slíkum slysatryggingum sleppir er barn eða ungmenni ekki tryggt í félags- og tómstundastarfinu frekar en þegar það er úti að leik.

Hér á eftir verður þessum atriðum lýst nánar og fjallað um stöðu þeirra sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni.

Efnisyfirlit

1. Inngangur og afmörkun efnisins	7
a. Afmörkun: Hvað er félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni?.....	7
b. Afmörkun: Hvað er átt við með ábyrgð og öryggismálum?	8
2. Lög um félags- og tómstundastarf	9
Barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002.....	9
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá 1981	11
Æskulýðslög nr. 70/2007	12
Grunnskóla- og leikskólalög nr. 90/2008 og 91/2008	13
Lög nr. 46/1980	15
Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.....	15
3. Grundvallaratriði í skaðabótarétti sem máli skipta	15
a. Sakarreglan.....	15
b. Gáleysi.....	16
c. Vinnuveitendaábyrgð	17
d. Hlutlæg ábyrgð.....	17
Almennar reglur skaðabótaréttar gilda um félags- og tómstundastarf.....	18
Samantekt	19
4. Mat á gáleysi í félags- og tómstundastarfi.....	19
Aðgæsluskyldur	19
Aðbúnaður	22
5. Nánar um beitingu reglunnar um vinnuveitendaábyrgð	22
a. Starfsmenn eða sjálfstæðir verktakar?.....	23
b. Staða starfsmanna sem vinnuveitandi ber ábyrgð á skv. þessu.....	26
c. Staða sjálfstæðra verktaka	26
d. Staða stjórnna og stjórnenda félaga sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi	26
e. Sjálfboðaliðar	27
f. Foreldrar og forráðamenn.....	27
6. Ábyrgð aðila sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfi vegna tjóns sem starfsmenn verða fyrir.....	28
7. Bótaábyrgð eigenda og umráðamanna aðstöðu	29
8. Ábyrgð og öryggismál utan venjulegra æfinga- eða fundastaða	30
9. Möguleikar á tryggingum	31
10. Samantekt og niðurstaða um lagabreytingar.....	33

1. Inngangur og afmörkun efnisins

Þess var farið á leit við mig að unnin yrði álitserð um ábyrgð í félags- og tómstundastarfi, þar sem kæmi m.a. fram hvernig háttað væri ábyrgð stjórnenda, umsjónarmanna, starfsmanna, kennara, leiðbeinenda, sjálfboðaliða, launaðra starfsmanna og annarra sem starfa með börnum og ungu fólki í skipulögðu félags- og tómstundastarfi. Þetta ætti bæði við innan hefðbundins félagsstarfs, í ferðum og í öðru starfi slíkra samtaka. Þá áttu í álitserðinni að vera tillögur um hlutverk og skyldur félaga og félagasamtaka svo og um ábyrgð einstakra aðila, bæði launaðra og ólaunaðra sem starfa á vegum félaga og félagasamtaka. Loks var óskað eftir því að lýst yrði helstu kostum sem félög og félagasamtök hefðu til að tryggja sig gegn hugsanlegum skaðabótakröfum. Gert var ráð fyrir því að í álitserðinni yrði gerð grein fyrir lögum og reglum um ofangreinda starfsemi og tekin afstaða til þess hvort ástæða sé til að fara þess á leit við stjórnvöld að reglum verði breytt að þessu leyti.

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., vann árið 1998 álitserð sem er að miklu leyti um sambærilegt efni. Hún var m.a. birt í *Timariti lögfræðinga* í desember 1999. Hún stendur enn fyllilega fyrir sínu og hér á eftir er vísað til hennar um ýmis atriði. Þá er þar að finna nokkuð nákvæmari útlistun á almennum reglum skaðabótaréttar en hér er, og vísast til hennar um það.

a. Afmörkun: Hvað er félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni?

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 er með æskulýðsstarfsemi átt við „skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum“.¹ Tekið er fram í 2. gr. að lögin taki bæði til félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli og æskulýðsstarfs á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum að svo miklu leyti sem við á og aðrar reglur gilda ekki.

Stór hluti tómstundastarfs barna fer fram í íþróttafélögum, og er miðað við að þessi álitserð eigi við um þann þátt starfsemi íþróttafélaganna. Til skýringar má nefna að sömu sjónarmið gilda um slys ellefu ára barns, hvort sem það slasast í leik á skátafundi eða í leik á handboltaæfingu. Hins vegar gilda mismunandi sjónarmið um slys ellefu ára barns á handboltaæfingu og slyss tuttugu og fjögurra ára gamals meistaraflokksmanns í handbolta hjá sama félagi.² Hér verður þessi lína ekki dregin skýrar en þetta og látið nægja að slá

¹ Sjá 1. gr. laga nr. 70/2007.

² Hér má geta þess að íþróttafólk 16 ára og eldra er sérstaklega tryggt á íþróttæfingum. Íþróttasýningum og í keppni með almannatryggingalögum nr. 100/2007. Íþróttafólk nýtur því við þær aðstæður sömu slysatryggingaverndar frá hinu opinbera og fólk sem slasast í vinnu. Skilyrði er að íþróttafólkið sé í formbundnum íþróttafélögum og að þar sé þjálfari. Atvinnumenn í

Því föstu að réttarstaðan sem hér er lýst, eigi við í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna hvort sem það tómstunda- og félagsstarf fellur undir æskulýðslög eða íþróttalög.³

Hér er því fjallað um hefðbundið tómstundastarf á vegum félaga eða félagasamtaka eins og skátahreyfingarinnar og KFUM og KFUK; tómstundastarf barna og ungmenna á vegum íþróttafélaga og tómstunda- og félagsstarf innan skóla eða á vegum félagsmiðstöðva eða annarra stofnana sveitarfélaga.

b. Afmörkun: Hvað er átt við með ábyrgð og öryggismálum?

Ábyrgð manna á gerðum sínum getur að lögum verið tvenns konar: Refsiábyrgð og bótaábyrgð.

Menn verða ekki refsíábyrgir nema hafa brotið lög sem refsing er lögð við að brjóta, og oft er skilyrði að brotið hafi verið framið af ásetningi – þ.e.a.s. ekki af aðgæsluleysi (gáleysi) einu saman. Menn eru dæmdir til refsingar af dómstólum og algengustu refsingundirnar eru sektir og fangelsisvist. Með örfáum undantekningum, sem ekki skipta máli hér, eru það fyrst og fremst einstaklingar sem geta orðið refsíábyrgir.

Eins og Jón Steinar Gunnlaugsson gat um í álitserð sinni frá 1998, getur reynt á refsíábyrgð í tengslum við æskulýðsstarf eins og sést af Hrd. 1994/2088, þar sem leiðbeinandi hjá siglingaklúbbi var dæmdur fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi þar sem á honum hvíldu sérstakar skyldur um aðgæslu og eftirlit og báturinn var hættulegur og þurfti því að gæta alveg sérstakrar varúðar við stjórn hans og eftirlit með börnunum á námskeiðinu. Ekki fundust aðrir dómur en þessi sem sneru að refsíábyrgð starfsmanna í æskulýðsstarfi vegna athafna í starfi. Dómur sem snertu athafnir starfsmanna sem ekki tengdust starfinu, eins og Hrd. 290/2000,⁴ (þar sem starfsmaður í félagsmiðstöð var

íþróttum eru að sjálfsgöðu tryggðir sem launþegar og þá er komið langt út fyrir gildissvið þessarar samantektar.

³ Þetta stýðst líka við það að álitserð með sama nafni, *Álitserð á ábyrgð og öryggismálum í félags- og tómstundastarfi*, sem Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. vann árið 1998 var unnin sameiginlega fyrir Slysavarnafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Landssamband KFUM og KFUK, Æskulýðsráð ríkisins, Bandalag íslenskra skáta, menntamálaráðuneytið og íþróttanefnd ríkisins. Þar var því fjallað um þessa starfsemi undir einum hatti.

⁴ Í dómnum sagði: „... Ákærði var ekki sérlærður til þeirra verkefna, sem honum voru falin af ...skóla, en engu að síður hlaut honum að vera ljóst að atferli hans var til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á þroska og sálarheill telpnanna, sem voru miklu yngri en hann sjálfur. Eftir að hann réðst til starfa í félagsmiðstöð skólans var honum trúað fyrir telpum þeim sem þar voru og átti að aðstoða við umönnun þeirra og sem liðsmaður F var hann í sérstöku trúnaðarsambandi við hana. Horfir það til þyngingar á refsingu hans að þessum trúnaði brást hann. Þegar öll framangreind atriði eru höfð í huga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi.

dæmdur fyrir kynferðisbrot, o.fl.) verða ekki raktir frekar hér. Þess ber aðeins að geta að auðvitað geta starfsmenn og ungmenni bakað sér refsíabyrgð í félagsstarfi eins og annars staðar, brjóti þeir refsilög. Líkamsárás er t.a.m. refsiverð hvort sem hún er framin í tengslum við félags- og tómsundastarf eða ekki og ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það hér.

Bótaábyrgð geta langflestir borið.⁵ Í henni felst, að maður verður að greiða þeim, sem verður fyrir tjóni af manns völdum, skaðabætur vegna tjónsins. Meginreglan er sú að menn bera tjón sitt sjálfir: Slíti menn t.d. hásin í gönguferð bætir enginn annar það tjón sem þeir verða fyrir.⁶ Til þess að aðrir verði bótaskyldir (skaðabótaskylda stofnist) þarf í langflestum tilvikum að vera hægt að benda á annan en tjónþolann sem hafi valdið tjóninu. Svo þurfa tiltekin skilyrði að vera uppfyllt til að hann geti orðið skaðabótaskyldur, en um þau verður rætt nánar í lið 3.

Meginreglan er sú, að menn verði ekki skaðabótaskyldir nema þeir beri sjálfir sök á tjóni. Helsta undantekningin frá þessu er sú, að vinnuveitandi verður skaðabótaskyldur ef starfsmaður hans ber sök á tjóni. Um vinnuveitendaábyrgð verður nánar fjallað hér á eftir, og þá einkum á hverjum vinnuveitandi beri ábyrgð.

Fyrst verður þó gerð grein fyrir lögum um félags- og tómsundastarf, skyldum foreldra, annarra sem vinna með börnum og þeirra sem eiga eða reka húsnæði. Þetta er gert til að setja fram heildarmynd þó sum ákvæðanna hafi aðeins óbein áhrif á lagalega ábyrgð þeirra sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi.

2. Lög um félags- og tómsundastarf

Helstu lög á þessu sviði eru æskulýðslög, nr. 70/2007, íþróttalög nr. 64/1998 og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Þá skipta barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002 máli. Loks verður gerð grein fyrir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en Ísland hefur fullgilt hann en ekki tekið hann beinlínis í lög.

Barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002

Í barnalögum og barnaverndarlögum er almennt miðað við að barn sé einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Undir ákveðnum kringumstæðum gilda þau þó til tvítugs.

Ekki þykir með vísun til fjölda og eðlis brotanna unnt að skilorðsbinda refsinguna í heild.⁷

⁵ Undantekningarnar eru þeir sem ekki eru taldir geta borið sök, t.d. vegna ungs aldurs eða andlegrar vanheilsu. Sjá líka lið 6 hér á eftir.

⁶ Hinn slasaði kann sjálfur að vera með slysatryggingu, sem þá bætir tjón að einhverju leyti, en það reynir ekki á reglur skaðabótaréttarins.

Í 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, segir að börn eigi rétt á vernd og umönnun og skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Ítrekað er að foreldrum beri að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barnanna. Heim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju. Í 4. gr. barnaverndarlaga, sem telur upp meginreglur barnaverndarstarfs kemur fram að „Í barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda“.

Sömuleiðis segir í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 um inntak forsjárskyldna foreldra. Þar segir meðal annars að foreldrum beri „að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum“. Þá beri foreldrum að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.“ Ítrekað er að forsjá „barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess“. Það er mikilvægt að hafa í huga að: „Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það.“ Þessi grein undirstrikar að það er skylda forráðamanna barna að gæta barnanna og ráða högum þeirra; börn eiga rétt á slíkri vernd.

Hér verður að geta 16. og 17. gr. barnaverndarlaga, sem fjalla um skyldu til inngripa ef velferð barna er hættu búin. Þar segir í 1. mgr. 16. gr.: „Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.“ Í 17. gr. er svo tilkynningaskylda þeirra sem starfa með börnum áréttuð. Þar segir:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. [/] Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Það virðist alveg ljóst að skylda samkvæmt þessum ákvæðum hvílir á starfsmönnum í félags- og tómsundastarfi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá 1981

Barnasáttmáli SP (samningur SP um réttindi barnsins) var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgiltur 28. október 1992. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Barnasáttmálinn tekur fyrst og fremst til barna innan 18 ára aldurs. Í 3. gr. hans kemur fram að meginreglan um það sem er barni fyrir bestu skuli hafa forgang þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn.

Í sáttmálanum er kveðið á um m.a. tjáningar- og félagafrelsi barna, en það varðar mjög æskulýðsstarf. Þar segir m.a. í 13. gr. að barn eigi „rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess“. Í 14. gr. er kveðið á um að: „Aðildarríki skulu virða rétt barns til frjálstrar hugsunar, sannfæringar og trúar.“ Og í 15. gr. segir: „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að mynda félög með öðrum og koma saman með öðrum með friðsömum hætti.“

Í 23. gr. sáttmálans er vikið að stöðu barna með fatlanir en þar segir að aðildarríki viðurkenni að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu. Í 29. gr. sáttmálans er fjallað um það að hverju menntun barna skuli beinast⁷ en starf margra æskulýðsfélaga snýr að þeim atriðum. Það ákvæði sáttmálans sem beinast snertir félags- og tómstundastarf er þó 31. gr. en þar segir:

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálstrar þátttöku í menningarlífi og listum.
2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í

⁷ Í ákvæðinu segir að menntun skuli beinast að því að:

„a) Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.

b) Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

c) Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.

d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

e) Að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.“

menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

Íslenska ríkið hefur því skuldbundið sig að þjóðarétti til þess að stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda m.a. tómstundaiðju. Þetta skiptir ekki síst máli að því er snertir börn með fatlanir. Þar má einnig vísa til 7. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þar sem m.a. kemur fram að fatlaðir skuli eiga kost á almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Í lögunum segir einnig að „fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. leikskólalög.“⁸ Þá er í 23. gr. sérstakt ákvæði um sumardvöl þar sem segir að: „Stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf er á. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar.“

Æskulýðslög nr. 70/2007

Núgildandi æskulýðslög eru nr. 70/2007. Hvað snertir skaðabótaábyrgð skiptir IV. kafli þeirra, sem heitir „Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi“, mestu. Þar er í 1. og 3. mgr. 10. kveðið á um hæfiskröfur sem gera verður til þeirra sem hafa umsjón með börnum og ungmennum. Þeir skulu vera lögráða og hafa þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Þá er með öllu óheimilt að ráða til slíkra starfa þá sem hafa hlotið refsisdóm fyrir kynferðisbrot og óheimilt að ráða þá sem hafa verið dæmdir fyrir fikniefnabrot á sl. fimm árum. Þessu er fylgt eftir með ákvæði um að yfirmenn stofnana og staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast og fellur undir félags- og tómstundastarf eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um hvort umsækjandi hafi fengið slíkan dóm, að fengnu samþykki umsækjandans. Í 2. mgr. 10. gr. segir, að í starfi sé starfsfólki óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Í 5. mgr. 10. gr. æskulýðslaga segir að sé staðið fyrir starfsemi sem falli undir lögin skuli „þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti“. Engar skýringar er að finna í greinargerð með frumvarpi því sem varð að æskulýðslögum um hvaða reglna er hér vísað til. Gera má ráð fyrir að það séu m.a. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og svo ákvæði um aðbúnað í öðrum lögum sem snerta börn og unglinga, t.a.m. grunnskólalögum.

Engir dómar hafa enn gengið þar sem byggt er á æskulýðslögunum. Það er þó ljóst að þessi kafli þeirra myndi skipta máli um mat á bótaskyldu þess aðila sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfsemi. Þannig gæti það talist baka æskulýðsfélagi bótaskyldu að hafa starfsmenn sem ekki uppfylla kröfur

⁸ Sjá 19. gr. laganna.

um lögræði og þekkingu eða reynslu til starfsins ef þeir hafa heldur ekki hlotið þá þjálfun sem þarf. Þar með gæti félagið sjálft skapað sér bótaskyldu með gáleysi sínu. Það væri hins vegar ekki gáleysi út af fyrir sig að vera með starfsmann undir 18 ára né heldur að þjálfna hann ekki sérstaklega til starfsins, ef starfið er þess eðlis að það megi ætla að hann hafi þá þekkingu sem þarf og þarfnist ekki frekari þjálfunar. Lykilatriðið varðandi beina ábyrgð félagsins sjálfs, eins og endranær, er hvort það hafi sýnt af sér gáleysi. Gáleysið er svo metið m.a. með hliðsjón af lögum.

Grunnskóla- og leikskólalög nr. 90/2008 og 91/2008

Í 33. gr. grunnskólalaga segir að „Í öllum grunnskólum skuli nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi“. Tómsunda- og félagsstarf geti hvort heldur er verið liður í daglegu starfi eða utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn geti enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Í 2. mgr. 33. gr. er sveitarfélögum heimilað að taka gjald fyrir lengda viðveru utan kennslutíma og tómsundastarfs. Þetta starf grunnskóla er að sjálfsögðu hluti af félags- og tómsundastarfi.

Í grunnskólalögum eru ákvæði um að foreldrum sé skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins og að foreldrar skuli hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvild í skólann og fylgi skólareglum.⁹ Þá er kveðið á um það í 12. gr. grunnskólalaga að starfsfólk grunnskóla skuli „rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skuli gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni“ og í 13. gr. að allir „nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skuli í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans“. Þessi ákvæði eru svo almenn að ólíklegt er að mikil hjálp sé í þeim við gáleysismat en þau undirstrika að börn eiga, í skólum eins og annars staðar, rétt á því að fullorðnir gæti öryggis þeirra.

Í leikskólalögum nr. 90/2008 er kveðið skýrar á um aðgæsluskyldur þeirra sem vinna með börnum, enda er þar um svo ung börn að ræða. Þar segir í 1. gr.: „Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi“ og í 2. gr. að veita skuli „börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði“. Þessi lagaákvæði hafa lítið beint gildi fyrir það efni sem hér er til skoðunar en undirstrika þó þær aðgæsluskyldur sem hvíla á þeim sem hafa umsjón með börnum og hve ríkar þær geta verið varðandi ung börn.

⁹ Sjá 1. og 3. mgr. 18. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Í grunnskóla- og leikskólalögum er einnig að finna ákvæði um aðbúnað í skólum. Þannig segir í 20. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 að „grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.“ Sömuleiðis segir í 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008: „Gerð leikskólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skuli áherslu á öruggt og rúmlegt náms- og starfsumhverfi.“

Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks.“

Reynt hefur á þessi ákvæði í dómum. Árið 2006 var Reykjavíkurborg talin skaðabótaskyld í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna tannskada sem stúlka varð fyrir er hún féll í tröppum á skólalóð, en við tröppurnar var beð sem úr barst verulegt magn af mold og sandi þannig að tröppurnar og svæðið kringum þær varð hált. Í dómnum sagði: „Hér var um að ræða leiksvæði og gönguleið barna við grunnskóla í reglulegri umsjón starfsmanna skólans sem bar að gæta að því að umbúnaður svæðisins væri forsvaranlegur. Í ljósi þeirra krafna sem gera verður til umhirðu og viðhalds umbúnaðar á skólalóð með tilliti til öryggis nemenda er það þannig álit dómara að starfsmönnum stefndu hafi mátt vera ljóst að slyshætta skapaðist af því verulega magni af sandi og mól sem barst að hinum steinsteyptu tröppum sem stefnandi féll á. Af þessum ástæðum ber stefndi skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.“¹⁰

Héraðsdómur Norðurlands sýknaði árið 2007 Akureyrarbæ af bótakröfu vegna slyss á leikskóla enda þótti aðbúnaður hafa verið í samræmi við lög og starfsmenn ekki hafa sýnt af sér saknæman eftirlitsskort og vanrækslu á umönnunarskyldu, m.ö.o. gáleysi, og Héraðsdómur Reykjavíkur komst að sömu niðurstöðu um bótaskyldu Reykjavíkurborgar vegna klemmuslyss á leikskóla, enda þótti hvorki hafa verið um vanbúnað að ræða né gáleysi af hálfu starfsmanna skólans.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6942/2005 hélt stúlka, sem hafði slasast í skíðaferðalagi, því fram, að sambærilegt ákvæði þágildandi laga um grunnskóla, nr. 66/1995, hefði gilt um skíðasvæðið, „sem valið hafi verið af kennurunum, starfsmönnum skólans, sem öruggt leiksvæði barnanna“. Þessu var hafnað af dómnum, sem sagði: „Stefnandi rökstyður þessa lagatilvísun ekki frekar og verður ekki séð á hvern hátt þessi ákvæði koma til skoðunar í þessu máli en í þeim er fjallað um skólahúsnæði og skólalóðir.“

¹⁰ Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. október 2006 í máli nr. E-6189/2005.

Það virðist mega draga þá ályktun af þessum dómi, að ákvæði grunnskólalaga um aðbúnað skóla og skólalóða, svo langt sem þau ná, taki aðeins til skólahúsnæðis og lóða en verði ekki beitt um öll svæði sem börn heimsækja á vegum skólans. Þetta skiptir líka máli varðandi félags- og tómstundastarf.

Lög nr. 46/1980

Í lögum nr. 46/1980 segir m.a., að vinnu skuli haga þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Þá segir einnig, í 42. gr., að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta og áréttað er að á vinnustaðnum skuli fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Þessi lög gilda um alla vinnustaði, sbr. 2. gr. þeirra. Í mörgum tilvikum myndi félags- og tómstundastarfsemi því falla undir þessi lög.

Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990

XI. kafli heilbrigðisreglugerðar fjallar um „skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvelli“. Í 11. ml. 1. mgr. 91. gr. heilbrigðisreglugerðarinnar segir: „Leiktæki skuli ávallt þannig gerð og við haldið að ekki hljótist af slyss við eðlilega notkun þeirra.“ Á þetta hefur reynt í dómum, þ.m.t. í dómi Héraðsdóms Norðurlands í máli E-51/2007, sem verður nánar rakinn hér á eftir.

3. Grundvallaratriði í skaðabótarétti sem máli skipta

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim grundvallarreglum í skaðabótarétti, sem máli skipta varðandi ábyrgð og öryggismál í félags- og tómstundastarfi.

a. Sakarreglan

Sakarreglan, sem er líka kölluð „almenna skaðabótareglan“ er grundvallarregla í íslenskum skaðabótarétti. Hún er oftast skilgreind svo:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögumætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.¹¹

¹¹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*. Bókaútgáfan Codex, Rvík 2005, bls. 140. Sjá líka Arnljót Björnsson: *Skaðabótaréttur – kennslubók fyrir byrjendur*. (2. útg.) Bókaútgáfa Orators, Rvík 1999, bls. 58.

Eins og sjá má er það meðal skilyrða skaðabótaskyldu samkvæmt sakarreglunni að tjóninu sé valdið með *saknæmum* og *ólögmætum* hætti. Ólögmætisskilyrðið skiptir tiltölulega mun minna máli hér heldur en saknæmisskilyrðið: Ólögmætisskilyrðið hefur sjaldnar sjálfstæða þýðingu.¹² Hér verður því fyrst og fremst fjallað um skilyrðið um saknæmi.

Skilyrðið um saknæmi er uppfyllt ef maður veldur tjóni viljandi (af ásetningi) eða af gáleysi. Hins vegar geta orðið óhöpp sem enginn á sök á og þá stofnast ekki bótaskylda. Það skiptir þess vegna mestu til að gera sér grein fyrir bótaábyrgð, hvort um er að ræða tjónvald sem olli tjóninu af ásetningi eða gáleysi eða óhappatilvik sem enginn ber ábyrgð á.

b. Gáleysi

Arnlfótur Björnsson lýsir því að mörg orð hafi svipaða merkingu og gáleysi, þeirra á meðal aðgæsluleysi, hirðuleysi, afglöp, handvömm, gleymska, hugsunarleysi, kæruleysi, mistök, óvarkárni, vanræksla og varúðarskortur.¹³ Þetta gefur hugmynd um hvað felst í gáleysi. Hefðbundna aðferðin við gáleysismat var að horfa til þess hvort tjónvaldurinn hefði sýnt af sér þá varkárni sem gegn og skynsamur maður teldi sér skylt að gæta við sömu aðstæður.¹⁴ Í reynd var þá metið hvort farið hefði verið nægilega varlega miðað við aðstæður.

Viðar Már Matthíasson lýsir því, að valdi maður tjóni „með háttsemi, sem ekki víkur að neinu marki frá venjubundinni eða fyrirmæltri háttsemi á því sviði, sem um ræðir, hafi ekki sýnt af sér vilja til að valda tjóni, né heldur kæruleysi eða tillitsleysi gagnvart þeim hagsmunum, sem skertir voru“ sé tjónið ekki bótaskyldt á grundvelli sakarreglunnar.¹⁵ Þá vísar hann í svohljóðandi skilgreiningu á gáleysi: „Tjóni er valdið af gáleysi, ef háttsemi tjónvalds hefur, vegna þess að hann hefur ekki sýnt þá varkárni, sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því, sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venju eða eftir öðrum viðmiðunum í skaðabótarétti.“¹⁶

Lög, þ.m.t. lög um æskulýðsstarfsemi og lög um aðbúnað mannvirkja, geta því haft mikil áhrif á það hvað telst gálaus hegðun; ef aðbúnaður uppfyllir t.a.m. ekki kröfur um hann þá telst tjóni sem verður af hans völdum oft hafa

¹² Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 218–219 og bls. 113–137. Arnlfótur Björnsson (1999) fjallar bara um ólögmætisskilyrðið í sambandi við hlutrænar ábyrgðarleysisástæður. Sjá Arnlfót Björnsson (1999) bls. 79.

¹³ Sjá Arnlfót Björnsson (1999) bls. 58 og áfram.

¹⁴ Sjá Arnlfót Björnsson (1999) bls. 59.

¹⁵ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 145.

¹⁶ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 147.

verið valdið af gáleysi.¹⁷ Gerð var grein fyrir helstu ákvæðum um þetta hér að framan en nánar verður fjallað um gáleysismat í sambandi við félags- og tómstundastarf í kafla 4.

c. Vinnuveitendaábyrgð

Reglan um vinnuveitendaábyrgð er ein algengasta ástæða þess að aðilar beri skaðabótaábyrgð án þess að hafa sjálfir valdið tjóni með saknæmri háttsemi. Í reglunni um vinnuveitendaábyrgð felst að vinnuveitandi ber ábyrgð á tjóni sem starfsmenn hans valda með ólögætum og saknæmum hætti.¹⁸ Þarna er því sök skilyrði bótaskyldu – en það er sök starfsmanns en ekki vinnuveitandans sjálfs sem veldur því að vinnuveitandinn verður bótaskyldur.

Eitt mikilvægasta úrlausnarefnið í sambandi við ábyrgð og öryggismál í félags- og tómstundastarfi er að afmarka hverjir séu starfsmenn þannig að umsjónaraðilar félags- og tómstundastarfs verði bótaskyldir vegna tjóns sem þeir valda. Nánar verður fjallað um það álitafni í kafla 5.

d. Hlutlæg ábyrgð

Hlutlæg ábyrgð er ábyrgð sem stofnast án sakar.¹⁹ Þannig geta menn borið skaðabótaábyrgð þótt þeir hafi ekki sýnt af sér gáleysi. Hlutlæg ábyrgð er lögfest í nokkrum tilvikum, t.a.m. í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og hefur verið beitt án settrar lagaheimildar í örfáum undantekningartilvikum.²⁰ Hlutlæg ábyrgð er hins vegar undantekning og hennar gætir lítið í sambandi við félags- og tómstundastarf.

Vegna ferða íþróttahópa á leiki og þess háttar er rétt að fjalla stuttlega um reglur þær sem gilda um ábyrgð í umferðinni. Í 1. mgr. áðurnefndrar 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir: „Sá sem ber ábyrgð á [...] ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns.“ Þetta gildir þó ekki um árekstra, sbr. hér að neðan. Í 1. mgr. 88. gr. felst að sá, sem ber ábyrgð á ökutæki – og í 90. gr. segir að það sé skráður eða skráningarskyldur eigandi þess nema ökutækið sé notað í algeru heimildarleysi – bætir það tjón sem verður á mönnum og munum sem flutt eru í farartækinu óháð því hvort hann á sök á tjóninu. Í 91. gr. sömu laga er kveðið á um skylduábyrgðartryggingu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis og í 92. gr. um skylduslysartryggingu ökumanns.

¹⁷ Sjá um gáleysismat Arnljót Björnsson (1999) bls. 59–78 og Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 141–217.

¹⁸ Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 93.

¹⁹ Sjá t.d. Arnljót Björnsson (1999) bls. 105.

²⁰ Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 105–116.

Í 89. gr. umferðarlaga er ákvæði um tjón sem verður við árekstur. Þar segir að rekist skráningarskyld ökutæki á, „skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum“. Hér er því bótagrundvöllurinn ekki hlutlægur (óháður sök) eins og samkvæmt 88. gr. Eins og áður segir er skylda að vera með ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem hlýst af ökutækjum og úr henni fást greiddar bætur sem verða vegna tjóns af völdum notkunar ökutækis, þ.m.t. áreksturs. Þess ber að geta að skv. 95. gr. umferðarlaga á váttryggingarfélag endurkröfu á hendur þeim sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Einfalt gáleysi dugir því ekki til að tryggingafélög eigi endurkröfu heldur eru gerðar kröfur um að menn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning.

Um skaðabótaeignir umferðarlaga og váttryggingar þeim tengdar vísast til *Skaðabótaréttar* eftir Viðar Má Matthíasson, bls. 431–451 en reglurnar leiða til þess að í stórum dráttum eru menn tryggðir vegna allra tjóna sem þeir verða fyrir í umferðinni. Þetta gildir óháð því hvort þeir eru í rútu, að fá far með öðrum í leik eða þess háttar.

Almennar reglur skaðabótaréttar gilda um félags- og tómsundastarf

Ofangreindar meginreglur skaðabótaréttar gilda um félags- og tómsundastarf.

Þannig verður félag eða aðili sem rekur félags- eða tómsundastarf fyrir börn bótaskyld gagnvart barni ef aðbúnaður er þannig að félagið teljist hafa sýnt af sér sök (gáleysi) með því að bæta ekki úr eða ef starfsmaður félagsins sýnir af sér gáleysi og veldur tjóni barnsins. Í kafla 4 verður fjallað nánar um sakarnat í tengslum við félags- og tómsundastarf.

Félög bera hins vegar ekki sjálfkrafa ábyrgð á öllum slysum sem börn verða fyrir í starfinu: Gáleysi einhvers starfsmanns eða ófullnægjandi aðbúnaður þarf að koma til. Aðilar sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi bera því ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem börn og ungmenni valda eða verða fyrir.

Verði starfsmaður fyrir tjóni gilda sömu meginreglur; hafi aðbúnaður verið ófullnægjandi ber vinnuveitandi skaðabótaábyrgð og sömuleiðis ef samstarfsmaður, yfirmaður eða vinnuveitandi tjónþolans hefur valdið slysinu af gáleysi.²¹

²¹ Hér má nefna hrd. nr. 57/2001, þar sem Reykjavíkurborg var talin skaðabótaskyld gagnvart starfsmanni í grunnskóla sem slasaðist er hann steig niður um opna lúgu á gólfi ræstingageymslu. Það var ekki talið sannað að aðbúnaðurinn hefði verið slíkur að það bakaði Reykjavíkurborg bótaskyldu en hins vegar hefði yfirmaður starfsmannsins, sem gekk á undan honum inn í geymsluna, átt að vara hann við. Með því að gera það ekki sýndi yfirmaðurinn af sér gáleysi, og bar því Reykjavíkurborg ábyrgð á tjóninu.

Samantekt

Af þeim dómum sem hér hafa verið raktir verður séð að lykilsurningarnar eru:

- hvort aðbúnaði hafi verið ábótavant eða
- starfsmenn sýnt af sér gáleysi, t.d. með því að vanrækja eftirlitsskyldur sínar.

Þeir sem annast börn bera m.ö.o. ekki hlutlæga ábyrgð (ábyrgð án sakar) á þeim, heldur verða þeir sem annast börnin eða standa fyrir félags- og tómstundastarfi ekki bótaskyldir nema aðbúnaður hafi verið óviðunandi eða starfsmenn sýnt af sér gáleysi. Þá er ljóst að reglum um grunnskóla verður ekki beitt án frekari skoðunar um aðra staði þar sem barna er gætt.

4. Mat á gáleysi í félags- og tómstundastarfi

Sök – ásetningur eða gáleysi – er skilyrði bótaskyldu. Við mat á gáleysi er, eins og lýst var að framan, horft til þess hvort maður hafi sýnt þá varkárni, sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venju eða eftir öðrum viðmiðunum í skaðabótarétti.²² Eins og vikið var að hér að framan skipta lög og reglur um félags- og tómstundastarf máli varðandi gáleysismatið.

Aðgæsluskyldur

Það hvílir sérstök aðgæsluskylda á foreldrum og öðrum umsjónarmönnum barna.²³ Þetta sést m.a. af ákvæðum barnalaga, barnaverndarlaga og leikskólalaga, sem rakin voru hér að ofan. Þá styðst þessi skylda við 51. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, þar sem segir: „Foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga og lögum um vernd barna og ungmenna.“

Jón Steinar Gunnlaugsson orðaði þetta svo, í álitserð sinni frá 1998, að af lögum yrði dregin sú „ályktun að foreldrum beri skylda til þess að ráða persónulegum högum barna sinna. Þess beri að gæta að börnum séu búnar viðunandi aðstæður í samræmi við aldur og þroska og veittar nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að mega komast klakklaust til vits og ára. Þeir sem taka að sér tímabundið að gæta barna taka að jafnaði yfir þessa skyldu foreldranna meðan þeir hafa umsjón barnanna.“²⁴

²² Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 147.

²³ Sjá von Eyben og Isager, *Lærebog i erstatningsret.* (6. udg.) Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2007, bls. 112 og Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 415–417.

²⁴ Sjá Jón Steinar Gunnlaugsson, Um lagalega ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og

Gáleysi starfsmanna, eða vanræksla þeirra á eftirlitsskyldum sínum, getur hvort heldur er átt þátt í því að barn verði fyrir tjóni og í því að barn nái að valda öðru barni tjóni.²⁵ Það getur því skipt miklu um bótaskyldu hversu víðtæk þessi skylda er.

Við mat á gáleysi starfsmanna skiptir aldur barnanna sem um ræðir máli.²⁶ Það liggur í hlutarins eðli að mönnun eða eftirlit, sem telst fullnægjandi gagnvart 14 ára börnum er það ekki gagnvart fimm ára börnum. Bæði þær kröfur sem gerðar verða til leiðbeinenda/starfsmanna og til þess aðila sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfi um þjálfun starfsmanna ráðast því að hluta af aldri þeirra barna eða ungmenna sem stunda starfið.

Þess má geta, í þessu sambandi, að í tveimur nýlegum dómum hefur ríkið verið sýknað af bótakröfum iðnnema sem slösuðust í kennslustundum. Í Hrd. 54/2001 og 112/2006 var talið að kennarar hefðu ekki sýnt af sér gáleysi og að nemarnir, sem voru 18 og 23 ára er slysin urðu, yrðu að bera tjón sitt sjálfir.

Ekki verður séð að ástæða sé til að gera greinarmun á aðgæsluskyldum foreldra og annarra. Í áður nefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6942/2005, sem snerti slys í skíðaferðalagi, var því haldið fram af hálfu stúlkunnar sem slasaðist, að starfsmenn skóla hennar hefðu vanrækt leiðbeiningar- og eftirlitsskyldu sína. Af hálfu stúlkunnar var vísað til þess að samkvæmt lögum, m.a. barnalögum og lögræðislögum, hvíldi „skylda á foreldrum að ráða persónulegum högum barna sinna og gæta að því að börnum séu búnað viðunandi aðstæður sem hæfi aldri og þroska. Þeir sem taki að sér tímabundið að gæta barna, eins og skólinn, yfirtaki þessar skyldur foreldranna meðan þeir hafi umsjón barnanna. Það hvíli því ríkar skyldur á skólafyrirvöldum um að ytrasta öryggis sé gætt til verndar nemendum gegn slysaþættu“. Dómurinn taldi ekkert liggja fyrir um að aðstæður hafi verið þess eðlis að ríkar skyldur hafi hvílt á umsjónarmönnunum en ella. Þá var talið að ákvörðun nemandans um að fara „hátt upp í fjallið“ þrátt fyrir að vera óvön skíðum hefði ekki verið á ábyrgð umsjónarmannanna. Loks var talið ósannað, og tekið fram að það væri óljóst hverju það hefði varðað, að umsjónarmennirnir hefðu verið of fáir og ekki haft næga skíðareynslu.

Dómurinn tekur ekki beinlínis á röksemdinni um það að umsjónarmenn eigi að koma í stað foreldranna. Hann hafnar þó bótaskyldu, og tekur fram að ákvörðun um að leigja búnað hafi verið stúlkunnar og foreldra hennar. Eina ályktunin sem hægt er að draga af þessu án nokkurs vafa, er að leiðbeinendunum bar ekki að yfirfara búnað allra barnanna. Hvort það

tómstundastarfi fyrir börn og unglínga, *Tímarit lögræðinga* 4. hefti, 49. árg., desember 1999. bls. 304.

²⁵ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 147/1996.

²⁶ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 416.

er dregið af því að leiðbeinendurnir hafi ekki sömu skyldur og foreldranir hefðu haft eða af því að foreldrum hefði ekki borið skylda til þess vitum við ekki.

Um það hve ríkar aðgæsluskyldurnar séu er annars við lítið að styðjast úr dómum.²⁷ Með hliðsjón af m.a. Hrd. 1974/356 og Hrd. 1986/780 dregur Viðar Már Matthíasson þá ályktun að „foreldrum beri að sönnu að hafa eftirlit með börnum sínum. Á hinn bóginn verði ekki gerðar kröfur um, að þau fylgist með hverju fót máli þeirra og heldur ekki, að varsla hættulegra hluta, eins og eldspýtna, geti ekki verið með eðlilegum hætti þótt börn séu á heimilinu“.²⁸

Í nýlegu máli fyrir Héraðsdómi Norðurlands, dómur í máli E-51/2007, var Akureyrarbær sýknaður af bótakröfu fimm ára gamallar stúlku, sem hafði hangið utan á leikkastala við leikskólann sinn og dottið niður eða látið sig detta og lent á timburbita og slasast. Stúlkan byggði bæði á vanrækslu á efirlitsskyldu (vegna þess að banni við klifri var ekki framfylgt í þessu tilviki) og á óforsvaranlegum aðbúnaði kastalans. Í dómnum sagði um eftirlitsskyldurnar: „Við mat á saknæmi ber að líta til skráðra háttæmisreglna ef þær er að finna. Þær er ekki að finna í þessu máli fyrir utan hið almennt orðaða ákvæði laga um leikskóla og í heilbrigðisreglugerð sem getið var um hér að framan. Í vitnisburði nefnds leikskólustjóra kom og fram að eftirlit og gæsla á leiksvæðinu daginn sem slysið varð var samkvæmt reglum og hefur stefnaandi ekki hrakið þann framburð. [/] Að framangreindu virtu er að mati dómsins ekki unnt að staðhæfa að starfsmenn leikskólans hafi sýnt af sér gáleysi í starfi sem eigi að leiða til skaðabótaskyldu.“ Fyrir lá, að starfsmaður í leikskólanum var á svæðinu en sá ekki er slysið átti sér stað. Dómurinn styður því við niðurstöðu Viðars Máss sem áður var rakin.

Hvað snertir skátafóringja o.fl. slíka þar sem börn og ungmenni leiðbeina sér yngri þátttakendum í félags- og tólmundastarfi, skiptir líka máli um beina skaðabótaskyldu félagsins sjálfs að leiðbeinendurnir hafi fengið þær leiðbeiningar og þá þjálfun sem þarf miðað við aldur þeirra sjálfra. Þannig þarf umsjónaraðili starfsins að veita 12 ára börnum, sem aðstoða við félagsstarf sex ára barna mun meiri leiðbeiningar en 18 ára ungmennum sem vinna sama starf.²⁹

²⁷ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 417–418. Eldri dómurinn varðaði slys sem varð þegar drengur var að leika sér með boga og örvar. Móðir hans hafði bannað honum að vera með bogann og var talið að hún hefði mátt treysta því að hann hlýddi. Í síðari dómnum taldist það ekki sök af hálfu foreldra að hafa skilið eftir eldspýtur á borði í stofu, sem tveir sex ára drengir notuðu svo til að leika sér með eld, sem fór úr böndunum. Það var heldur ekki talið gáleysi að drengirnir skyldu geta leikið sér með þessum hætti í 250 m fjarlægð frá heimilum sínum.

²⁸ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 418.

²⁹ Hér skal enn minnt á 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007, þar sem segir m.a. að þeir sem hafi umsjón með börnum og ungmennum skuli vera lögráða.

Aðbúnaður

Ábyrgð húseiganda³⁰ eða þess sem hefur umsjón með aðstöðu, að því er snertir aðstöðu og búnað er rík. Eru gerðar miklar kröfur um aðgæslu en menn bera ekki ábyrgð án sakar á aðstöðu eða búnaði.³¹ Viðar Már Matthíasson talar þó um að „áberandi sýnist, að vægar kröfur séu gerðar til þeirra, sem eiga eða hafa umráð yfir [...] opinberum byggingum“ en að efast megi um rökin fyrir því.³²

Að því er snertir félags- og tómstundastarf má vísa til þess að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 92/2006 krafðist drengur, sem slasaðist alvarlega við skíðastökk í skíðaferðalagi með grunnskóla, bóta úr hendi Ísafjarðarbæjar, sem rak skíðasvæðið, og heimasveitarfélags síns vegna grunnskólans. Héraðsdómur og Hæstiréttur voru sammála um að starfsmenn grunnskólans hefðu ekki sýnt af sér gáleysi, enda hefði verið eðlilegt að leyfa unglingum að fara í efri lyftu á eigin vegum. Hins vegar taldi Hæstiréttur að Ísafjarðarbær bæri ábyrgð á tjóni stefnda að hluta þar sem pallurinn, sem stokkið var af, var talinn hafa verið hættulegur, engar upplýsingar lágu fyrir um gerð hans og hversu nálægt hann var skíðaleiðum o.fl. Vegna eigin gáleysis bar drengurinn helminginn af tjóni sínu sjálfur. Þarna var einfaldlega felld bótaskylda á sveitarfélagið vegna þess gáleysis starfsmanna þess að moka upp palli sem af stafaði hætta.

Áður var vikið að því að í slysamálum á leikskólum hefur verið vísað til þess af hálfu stefnenda, að aðbúnaður hefði ekki verið nógu góður. Sjá umfjöllun um E-51/2007 og E-6008/2008 hér að framan.

5. Nánar um beitingu reglunnar um vinnuveitendaábyrgð

Hér verður fjallað nánar um skilyrði þess að vinnuveitandi beri ábyrgð á skaðaverkum manns samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Eins og áður var getið er í fyrsta lagi skilyrði að um starfsmann vinnuveitandans sé að ræða. Í öðru lagi þarf starfsmaðurinn að hafa sýnt af sér sök. Tjóninu þarf að hafa verið valdið í starfi og loks þarf vinnuveitandinn að hafa stjórnunarvald yfir starfsmanninum.

a. Starfsmenn eða sjálfstæðir verktakar?

Eins og rakið hefur verið hér á undan getur sá sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfi orðið bótaskyldur vegna tjóns sem starfsmaður hans veldur með sagnæmum hætti í starfi.

³⁰ Sjá Viðar Már Matthíasson (2005) bls. 481–500.

³¹ Sjá Amljót Björmsson (1999) bls. 112.

³² Sjá Viðar Már Matthíasson (2005) bls. 493–494 og 500.

Mun fleiri teljast starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð en í skilningi vinnuréttar. Þannig hefur verið miðað við að vinnuveitandi geti verið hver sá sem lætur „annan mann vinna fyrir sig eitthvert verk eða rækja eitthvert erindi“³³ og er sérstaklega tekið fram, að hvorki skipti máli hvort erindið er launað eða ekki né til hversu langs tíma maður er ráðinn.³⁴

Það getur valdið vanda að meta hvort menn séu starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð eða ekki. Viðar Már Matthíasson lýsir því að telja megí „víst, að launþegar, sem vinna á grundvelli ráðningarsamnings í þágu manns, sem stundar atvinnurekstur, falli alltaf undir regluna“.³⁵ Hins vegar sé reglan ekki bundin við þetta, eins og áður var getið. Spurningin sé tvíþætt: Hvort um sé að ræða viðskiptalegt „ráðningarsamband“ eða ekki – sem dæmi má nefna að foreldrar yrðu almennt ekki bótaskyldir vegna tjóns sem barn þeirra ylli við að slá grasflöt að þeirra beiðni – og svo hvort um ráðningar- eða verksamning hafi verið að ræða.³⁶ Með hliðsjón af dómum er það niðurstaða Viðars Mús að: „Sé í gildi ráðningarsamningur, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur, gildir reglan um vinnuveitendaábyrgð um tjón, sem starfsmaður veldur í starfi sínu með saknæmum hætti. Engu skiptir hvaða starfi tjónvaldur gegnir hjá vinnuveitanda. Ráðningargrundvöllur skiptir heldur ekki máli. Reglan á því við, hvort sem um er að ræða varanlega eða tímabundna skipun eða ráðningu, verkefnabundna ráðningu eða hvers konar ráðningu sem vera skal. [/] Telja verður, að ef vafi leikur á hvort um ráðningarsamning sé að ræða, beri ekki að leggja of mikið upp úr eðli réttarsambandsins, svo fremi sem tjónvaldur hafi unnið í þágu þess manns, sem skaðabótakrafan beinist gegn.“³⁷

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 381/1994 snerti ekki skaðabótarétt en snerist engu að síður um það hvort gerður hefði verið verk- eða ráðningarsamningur. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að um vinnusamning væri að ræða þrátt fyrir að hann væri nefndur verksamningur. Í dómnum sagði: „Fallast má á að niðurstaða [...] geti ekki út af fyrir sig ráðist af því, að umræddur samningur sé nefndur verksamningur [...] Fer það eftir heildarmati á efni samningsins og þeim starfa sem varnaraðili tók að sér. Varnaraðili þáði föst mánaðarlaun, átti rétt á uppsagnarfresti, og laun hans tóku breytingum eftir almennum kjarasamningum. Samningurinn [...] svo og aðstaða viðkomandi hjá fyrirtækinu hafði svip venjulegs samnings verkstjóra að flestu leyti. Með honum voru varnaraðila ekki falin ákveðin verk, er greitt væri fyrir miðað við skil á þeim, heldur tók hann að sér að sinna ákveðinni tegund verkefna og leggja til þeirra persónulega vinnu sína, er hann hafði að fullu aðalstarfi.

³³ Sjá Arnljót Björnsson (1990) bls. 11.

³⁴ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 259.

³⁵ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 259.

³⁶ Sama heimild, bls. 261.

³⁷ Sama heimild, bls. 263.

Verður að telja, að til þess að samningurinn verði virtur sem verksamningur, þurfi hann að vera það samkvæmt efni sínu.³⁸

Viðar Már Matthíasson og Arnljótur Björnsson hafa hvor um sig tekið saman, á grundvelli dómaframkvæmdar, atriði sem máli skipta um hvort samningur um að vinna verk sé ráðningarsamningur eða verksamningur. Þau eru:

- boðvald (heimildin til að gefa fyrirmæli);
- ákvörðun endurgjalds (er það háð framvindu verksins?) og hver greiðir launatengd gjöld;
- hvort greiddur er virðisaukaskattur ofan á greiðslur (einkenni á verksamningi);
- tilvísun til kjarasamninga og aðild að stéttar- eða fagfélagi;
- réttindi til uppsagnarfrests; útvegum verkfæra eða vinnutækja;
- hvort viðkomandi þarf að vinna verkið sjálfur eða getur látið aðra gera það;
- hvort þarf löggildingu eða sérstök starfsréttindi (þá er líklegra en ella að um sé að ræða verksamning); og
- ákvörðun vinnutíma.³⁹

Ýmis þessara atriða lúta að greiðslum til starfsmanns og koma því ekki að notum þegar greina á hvort t.a.m. sjálfboðaliðar eru starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð eða ekki. En flest þeirra nýtast þó við afmörkun.

Sem dæmi um beitingu þessara sjónarmiða má nefna Hrd. nr. 312/2001, sem snerti íþróttþjálfara. Í málinu byggði unglingur, sem slasaðist á tennisæfingu, á því að þjálfarinn hefði valdið slysinu af gáleysi. Meðal þess sem reyndi á í málinu var hvort fimm íþróttafélög sem sameinast höfðu um tennisæfingar bæru vinnuveitendaábyrgð á þjálfaranum. Dómurinn var byggður á því að nemendurnir eða foreldrar þeirra hefðu greitt þátttökugjöld beint til þjálfarans en ekki aðeins til íþróttafélagsins sem hann var skráður félagi í. Þá lá fyrir að þjálfarinn taldi sig ekki hafa verið launþega. Stjórnarmenn í félögunum, sem kallaðir voru fyrir dóm, voru sömu skoðunar en gátu þó ekki útilokað að þjálfarinn hefði verið launamaðurn og töldu æfingar eftir sem áður á ábyrgð félaganna. Um þetta

³⁸ Tveir dómáramur skiluðu sératkvæði og töldu að m.a. vegna virðisaukaskatts og greiðslu launatengdra gjalda hefði „starfsmanninum“ ekki tekist að sýna fram á að samningurinn væri öðruvísi en heiti hans gæfi til kynna.

³⁹ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 265–269.

sagði héraðsdómur, sem síðar var staðfestur í Hæstarétti með tilvísun til forsendna: „Vinnusamband stefnda [...] og hinna stefndu félaga virðist samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki hafa verið skýrt afmarkað. Sýnist þó fremur hafa verið litið á hann sem verktaka, hvað varðar greiðslur fyrir þjálfunina. Á hinn bóginn lögðu félögin til kostnað við vallahleigu, og að einhverju leyti lögðu þau til æfingatæki... Þá höfðu félögin einhvers konar eftirlit með framgangi æfinganna á reglulegum fundum og gerðu m.a. tillögur um, hvað betur mætti fara. Eins og fyrirkomulagi þessu var háttað, verður að fallast á með stefnanda, að hin stefndu félög hafi haft einhvers konar húsbóndavald yfir þjálfaranum og sé þeim því réttilega stefnt í málinu á grundvelli húsbóndaábyrgðar.“ Hins vegar var sýknað þar sem þjálfarinn þótti ekki hafa sýnt af sér gáleysi. Þessi dómur bendir til þess að þjálfarar yrðu oft taldir starfsmenn, jafnvel þó vinnuréttarsambandið væri mjög óljóst.

Á sumrin ber nokkuð á því að unglingar, sem eru ráðnir til vinnu hjá sveitarfélögum, í vinnuskóla, starfi fyrir félagasamtök, t.a.m. íþróttafélög, skátafélög eða önnur sambærileg félög. Þeir koma þá stundum að starfrækslu tómstundastarfs. Þarna er í raun um að ræða styrk sveitarfélagsins til viðkomandi félags: Félagið fær starfskraft en sveitarfélagið borgar laun hans. Valdi slíkur starfsmaður tjóni af gáleysi telst hann að öllum líkindum starfsmaður félagsins, því þar liggur stjórnunarvaldið þó laun hans séu greidd af sveitarfélaginu. Launagreiðslurnar einar og sér geta ekki ráðið úrslitum í þessum tilvikum. Slíkir starfsmenn myndu því að öllum líkindum teljast starfsmenn þeirra félaga sem nýta starfskrafta þeirra og stjórna vinnunni.

Liggi fyrir að tjónvaldur teljist starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð eru skilyrði bótaskyldu vinnuveitanda eftirtalin.⁴⁰

- Sök starfsmanns. Þar er þá átt við ásetning eða gáleysi sem metið er með hliðsjón af öllum aðstæðum, eins og lýst var hér að framan.
- Að tjóni sé valdið í starfi. Þetta kann að valda vanda en það hefur verið byggt á því að vinnuveitandi geti orðið bótaskyldur vegna ónauðsynlegrar hegðunar manna í starfi. Bótaskylda vinnuveitandans takmarkast sem sagt ekki við þær athafnir starfsmanns sem eru nauðsynlegar til að sinna vinnunni. Hins vegar ber vinnuveitandi ekki ábyrgð á hegðun starfsmanns sem er svo óvenjuleg að ekki er hægt að gera ráð fyrir að menn hegði sér þannig. Slagsmál milli starfsmanna, þó í gamni séu, eru í langflestum störfum t.a.m. utan þess sem eðlilegt getur talist og þess sem vinnuveitandi ber ábyrgð á.⁴¹ Viðar Már Matthíasson segir: að „Fullyrða megí eftir athugun á dómum, að ekki verði gerður áskilnaður

⁴⁰ Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 93 o.áfr.

⁴¹ Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 96.

um, að tjóni þurfi að hafa verið valdið við framkvæmd starfs. Háttsemi þarf heldur ekki að hafa lotið að þeim markmiðum, sem vinnuveitandi [...] hefur sett starfsmönnum sínum.⁴²

- Að þessum skilyrðum uppfylltum ber vinnuveitandi ábyrgð á tjóni sem starfsmaðurinn veldur, hvort heldur er börnum eða ungmennum, öðrum starfsmönnum eða öðrum.

b. Staða starfsmanna sem vinnuveitandi ber ábyrgð á skv. þessu

Í skaðabótalögum er að finna verulegar takmarkanir á bótaskyldu starfsmanns sjálfs, ef tjón verður vegna athafna hans í vinnunni. Þannig ber hann ekki ábyrgð á tjóninu ef trygging vinnuveitanda hans tekur til þess (sjá 2. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993). Sama gildir, skv. 20. gr. skaðabótalaga, um starfsmenn þeirra aðila, eins og ríkis eða stórra sveitarfélaga, sem ekki tryggja sig heldur hafa hugsanlegt tjón í eigin áhættu.

Sömuleiðis eru aðrar takmarkanir á bótaskyldu starfsmannsins í 23. gr. skaðabótalaga, sem segir að bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna sakar starfsmanns sé „aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti“. Um þetta verður ekki fjallað nánar hér en vísað á Arnljót Björnsson (1999), bls. 102–103.

c. Staða sjálfstæðra verktaka

Sé litið svo á, að maður sé ekki starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð ber vinnuveitandi hans – sá sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfi – ekki skaðabótaábyrgð ef hegðun hans leiðir til tjóns. Sá, sem fyrir tjóninu verður, þarf því að leita til verktakans beint um að fá tjón sitt bætt. Verktakinn er því í verulega lakari stöðu en starfsmaður. Vegna þessa verður að gera þær kröfur til félaga og þeirra sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi, að þeir geri verktökum sem þeir hafa í sinni þjónustu skýra grein fyrir því hver staða þeirra er. Félögin – eða þeir sem standa fyrir starfi – verða einnig að gera sér grein fyrir því að heiti samnings ræður ekki eitt og sér um það hvort maður er verktaki eða ekki; verktaki í skilningi vinnuréttar er ekki það sama og verktaki í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Það er því metið í hvert eitt sinn hvort vinnuveitandi hafi slík áhrif á framkvæmd vinnunnar að hann beri ábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur.⁴³

⁴² Sjá Viðar Mátthíasson (2005) bls. 277.

⁴³ Hér má vísa til Hrd. í máli nr. 381/1994 sem áður var rakinn.

d. Staða stjórna og stjórnenda félaga sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi

Stjórnir og stjórnendur félaga sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi eru fulltrúar þess aðila sem standa fyrir starfinu og stjórnin og æðstu stjórnendur koma fram fyrir þess hönd. Valdi þeir tjóni, er sú ábyrgð talin vera ábyrgð vegna sakar lögpersónunnar sjálfar en ekki vinnuveitendaábyrgð.⁴⁴

Eins og rakið er að ofan getur bótaskylda félaganna byggst á reglunni um vinnuveitendaábyrgð, ef starfsmenn sýna af sér gáleysi, eða á eigin sök stjórnarinnar eða félagsins.⁴⁵

Einstakir stjórnarmenn bera ekki persónulega ábyrgð á tjóni sem félagið ber ábyrgð á, nema þeir hafi sérstaklega gengist í slíka ábyrgð.

e. Sjálfbóðaliðar

Arnþjóttur Björnsson tekur fram, að reglan um vinnuveitendaábyrgð gildi ekki bara í hefðbundnum atvinnurekstri: „Vinnuveitendaábyrgð getur líka fallið á aðila, sem hefur mann í þjónustu sinni utan eiginlegs atvinnurekstrar, t.d. íþróttá- eða líknarfélag, sem hefur sjálfbóðaliða í þjónustu sinni [...]“⁴⁶ Viðar Már Matthíasson er sama sinnis.⁴⁷

Eftir sem áður verða skilyrðin sem rakin eru hér að framan að vera uppfyllt. Launin út af fyrir sig ráða ekki úrslitum heldur ræður heildarmat.

Hér verður fyrst og fremst vísað til umfjöllunar í a-lið þessa kafla um einkenni á þeim sem teljast starfsmenn í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Í reynd er erfitt að hugsa sér tilvik þar sem t.d. skátafélag eða íþróttafélag sem stendur fyrir félags- og tómsundastarfi, og hefur tekið við greiðslu fyrir þátttöku barns, gæti borið því við að þjálfari eða skátaforingi væri ekki starfsmaður félagsins í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

f. Foreldrar og forráðamenn

Hér verður fjallað um ábyrgð foreldra og forráðamanna sem taka þátt í félags- og tómsundastarfi, t.d. með því að fara með í keppnisferðir sem fylgdarmenn, aka börnum í útilegur eða þess háttar.

Hér er spurningin sú hvort foreldri sé að sinna starfi fyrir félagið eða ekki. Félagið getur þannig borið ábyrgð á tjóni sem foreldri veldur, hafi það farið með í ferð sem fararstjóri og valdi tjóninu í því starfi sínu. Hins vegar ber

⁴⁴ Sjá Arnþjótt Björnsson (1990) bls. 10.

⁴⁵ Sjá Arnþjótt Björnsson (1999) bls. 94.

⁴⁶ Sjá Arnþjótt Björnsson, „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitendaábyrgðar“ í *Kaflar úr skaðabótarétti*, Bókaútgáfa Orators 1990, bls. 12.

⁴⁷ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 259–260.

félagið ekki ábyrgð á tjóni sem foreldri veldur ef foreldrið er með í för til stuðnings sínu barni en er ekki í ferðinni á vegum félagsins. Í raun eru það ytri mörk þess hver getur talist starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, sem hér skipta máli: Ræður félagið hvað, hvernig og hvenær foreldrið er að gera? Getur það ráðið mann og sagt honum upp störfum? Eigi þessi sjónarmið ekki við að einhverju marki – sé foreldrið í hreinum einkaerindum en fari jafnvel að skipta sér af börnunum engu að síður – þá ber félagið ekki ábyrgð á því tjóni sem foreldrið veldur sínu barni eða öðrum.⁴⁸

Hér má geta þess að með tilliti til niðurstöðu Viðars Más Matthíassonar um útbreiðslu heimilis- og fjölskyldutrygginga⁴⁹ má ætla að flestir foreldrar njóti ábyrgðartryggingar vegna þeirra skaðabóta sem þeir kunna að þurfa að greiða vegna tjóns sem þeir valda utan starfs.⁵⁰ Í skilmálum a.m.k. sumra félaganna stendur þó að tryggingin bæti ekki tjón sem hinir váttryggðu valda hverjir öðrum.⁵¹ Ábyrgðartryggingin tekur þá til tjóns sem foreldri í einkaerindum veldur öðrum börnum en sínu eigin.

6. Ábyrgð aðila sem stendur fyrir félags- og tómstundastarfi vegna tjóns sem starfsmenn verða fyrir

Eins og sést af dómum þeim, sem hafa verið raktir hér á undan, ber vinnuveitandi ábyrgð á tjóni starfsmanna sinna sem einhver annar starfsmaður hefur valdið af gáleysi. Sem dæmi um þetta má nefna dóminn um lúguna í geymslugólfinu, Hrd. nr. 57/2001. Sömu leiðis verður vinnuveitandi bótaskyldur ef ófullnægjandi aðbúnaður veldur starfsmanni tjóni.

Hitt er einnig mögulegt, að starfsmenn í félags- og tómstundastarfi verði fyrir tjóni af völdum barna og ungmenna í starfinu.

Börn og ungmenni geta orðið skaðabótaskyld eftir sakarreglunni. Það er m.ö.o. enginn „lágmarksaldur“ fyrir hæfi manna til skaðabótaábyrgðar.⁵² Við gáleysismat er hins vegar horft til aldurs barnsins, þannig að gáleysismatið snýst um það hvort venjulegt barn á þeim aldri sem tjónvaldurinn er hefði skilið að hegðunin væri hættuleg.⁵³

⁴⁸ Um samsömun barns og foreldra, sem er í aðalatriðum hafnað, vísast til Viðars Más Matthíassonar, bls. 418–419.

⁴⁹ Sjá Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 412.

⁵⁰ Í skilmálum Sjóvá segir að tryggingin tryggi gegn skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan „sem einstakling, þ.e. utan atvinnurekstrar.“ Sjá grein 4. http://www.sjova.is/files/2008_12_23_Fjolskylduvernd%201.pdf

⁵¹ Sjá http://www.sjova.is/files/2008_12_23_Fjolskylduvernd%201.pdf, 5. gr.

⁵² Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 85–6.

⁵³ Sjá Arnljót Björnsson (1999) bls. 85–6 og Hrd. 1974/356. en þar var 10 og hálfis árs barn talið skaðabótaskyld.

Tveir nýlegir dómur snúast um slík tilvik. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. mars 2008 í máli nr. E-5904/2007 reyndi á skaðabótaskyldu 11 ára stúlku með Asperger-heilkenni sem hafði skellt hurð á kennara. Í málinu var deilt um það hvort hurðin hefði verið vanbúin en svo var ekki talið vera. Í dómnum sagði stúlkunni „mátti [...] vera ljóst, að sú háttsemi hennar að loka hurðinni með afli [...] væri hættuleg og hlaut hún að gera sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar sú háttsemi gat haft í för með sér [...] Að því virtu [...] ber B skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda“. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu dómsins að þessu leyti með vísan til forsendna héraðsdóms.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. mars 2006 í máli nr. E-7517/2005 var sveitarfélag sýknað af kröfu starfsmanns í skóla, sem varð fyrir tjóni er níu ára drengur sparkaði í hann. Í dómnum sagði:

Að mati dómsins hefur stefnanda ekki tekist að sýna fram á að skólafyrirvöld hafi vanrækt skyldur sínar og ekki bent á nein þau atriði sem betur hefðu mátt fara hjá þeim. Því er að mati dómsins ekki um sök að ræða hjá skólafyrirvöldum, sem leiði til bótaskyldu stefndu. Þá er ekki fallist á, að stefndu beri ábyrgð á hegðun drengsins á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar, af þeirri ástæðu að drengurinn er nemandi í skólanum en ekki starfsmaður og bera stefndu því ekki vinnuveitendaábyrgð á gerðum hans. [/] Þeirri málsástæðu stefnanda, að stefndu beri hlutlæga ábyrgð í málinu er hafnað. Hvorki er fyrir hendi lögfest né ólögfest regla er mælir fyrir um slíka bótaábyrgð stefndu. Þá er starf stuðningsfulltrúa ekki hættulegt starf í samanburði við þau störf, þar sem hlutlæg bótaábyrgð er til staðar. Í starfi stuðningsfulltrúa, svo sem í öðrum störfum í þjóðfélaginu, geta orðið slys. Að mati dómsins verður slys stefnanda ekki rakið til neins þess, er stefndu bera ábyrgð á. Skortir því að mati dómsins heimild til að taka kröfu stefnanda til greina.

Af þessum dómum má ráða, að börn bera ábyrgð á tjóni sem þau valda að uppfylltum almennum skilyrðum. Einnig að gáleysismat fer m.a. eftir aldri barnsins.

Vinnuveitendur eða þeir sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi bera því ekki hlutlæga ábyrgð eða ábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð á því tjóni sem börn eða ungmenni valda starfsmönnum eða öðrum. Það þarf m.ö.o. gáleysi félaganna eða starfsmanna þess, ofast vanræksla á aðgæslu- og eftirlitsskyldu, til að koma.

7. Bótaábyrgð eigenda og umráðamanna aðstöðu

Eins og áður er getið á vanbúnaður oft þátt í slysum. Hér vísast því fyrst og fremst til þeirra dóma, sem að ofan voru raktir. Því var lýst hér að ofan, m.a. með tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 92/2006, að eigendur og umráðamenn húsnæðis eða aðstöðu geta orðið skaðabótaskyldir vegna tjóns

sem verður vegna vanbúnaðar, óháð því hvort tekst að sýna fram á hvaða starfsmaður þeirra átti í hlut.

Eins og sást í Hrd. nr. 92/2006, kemur stundum bæði til skoðunar ábyrgð þeirra sem hafa umsjón með aðstöðu og umsjónarmanna barna eða ungmenna. Í báðum tilvikum skiptir mestu hvort um gáleysi er að ræða og við gáleysismatið er m.a. horft til reglna um aðstöðuna. Sem annað dæmi um það má nefna Hrd. 1968/356, en þá báru sveitarfélag (sem leigði skólahús) og ríki (sem var vinnuveitandi skólustjóra) óskipta ábyrgð á tjóni stúlku sem slasaðist vegna vanbúnaðar við hurð. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 154/2007 var hestamannafélag sýknað af kröfu konu sem varð fyrir slysi er hestur hljóp hana niður utan reiðskemmu félagsins en þar var hún vegna reiðnámskeiðs sem hún sótti og hafði greitt fyrir. Dómurinn gat þess að hin slasaða hefði verið komin út af námskeiðinu og því ekki lengur verið undir handleiðslu kennara. Vegna þessa og þess að ekki þótti sannað að rekja mætti „slysið til aðstæðna við reiðskemmu stefnda eða til atvika eða hegðunar starfsmanna“ hestamannafélagsins var það sýknað.

Í Hrd. nr. 276/1998 stefndi maður sveitarfélagi eftir að hafa orðið fyrir slysi við að renna með fót undir hlífðarplötu framan við rimla á vegg íþróttahúss, en það olli varanlegu tjóni á ökkla. Sveitarfélagið átti húsið en ákveðin deild íþróttafélags hafði það til afnota seinni part dags og hinn slasaði og félagar hans leigðu það af deildinni. Héraðsdómur og Hæstiréttur sýknuðu deildina af réttarfarsástæðum, þannig að skaðabótaábyrgð þess kom ekki til álita. Sveitarfélagið var svo sýknað á þeim grunni að hlífðarplatan væri lausbúnaður í húsinu sem stæði næst þjálfara að sjá til að væri í réttu horfi hverju sinni. Hinum slasaða og félögum hans hafi því borið að gæta þess að útbúnaður væri í lagi – sú aðgæsluskylda hafi hvílt á þeim en ekki sveitarfélaginu.

8. Ábyrgð og öryggismál utan venjulegra æfinga- eða fundastaða

Stundum háttar svo til að umsjónaraðili félags- og tómskundastarfs á einnig aðstöðuna sem notuð er í starfinu en stundum er það sitt hvor aðilinn sem hefur umsjón með starfinu og rekur aðstöðuna.

Að öðru leyti en því að í ferðum er ólíklegra að umsjónaraðili starfsins hafi einnig umsjón með aðstöðunni gilda sömu reglur um skaðabótaskyldu í ferðum og endranær. Þeir sem standa fyrir félags- og tómskundastarfi bera sem sagt ekki hlutlæga ábyrgð á börnum í ferð.

Hér þarf þó að geta sérreglna um ábyrgð vegna slysa í umferðinni sem gilda um börn í skipulögðum ferðum eins og aðra, en þeim var lýst stuttlega í lið 3d hér að framan. Sömuleiðis gilda reglur almannatrygginga um slysatryggingar íþróttamanna í keppnis- og æfingaferðalögum eins og endranær.

Þess var áður getið að það hvílir sérstök aðgæsluskylda á foreldrum og öðrum umsjónarmönnum barna.⁵⁴ Sú skylda tekur auðvitað yfir lengri tíma í ferðum og þess háttar – þá hvílir þessi skylda á umsjónarmönnum barnanna allan sólarhringinn – en að öðru leyti er hún sú sama og endranær á æfingum eða fundum.

9. Möguleikar á tryggingum

Ábyrgðartryggingar ábyrgjast þær skaðabætur sem váttryggingartakinn kann að þurfa að greiða. Ganga má út frá því að þeim aðilum sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi standi til boða að kaupa slíkar tryggingar. Það er þó til þess að líta að tryggingin kann að vera nokkuð dýr.

Ókosturinn við slíkar tryggingar ef horft er frá sjónarhóli barna og ungmenna, er eins og áður var getið að þær ábyrgjast eingöngu skaðabætur sem félaginu ber að greiða samkvæmt almennum skaðabótareglum. Barn sem verður fyrir tjóni vegna eigin óaðgæslu eða vegna óhappatilviks sem enginn ber skaðabótaábyrgð á fengi því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu félags. Slysaftrygging fyrir börn í æskulýðsstarfi er að því leyti heppilegri að hún tryggir börn óháð skaðabótaskyldu félaganna eða annarra. Sem stendur virðist ekki boðið upp á slysaftryggingar fyrir börn í öðru tómsundastarfi en hjá sveitarfélögum. Þó verður að geta slysaftrygginga almannaftrygginga hvað snertir íþróttafólk yfir 16 ára aldri og þess, að mörg börn eru slysaftryggð vegna heimilis- og fjölskyldutrygginga foreldra þeirra eða forsjármanna.

Sjóvá⁵⁵ býður upp á slysaftryggingu skólabarna, sem tekur til barna sem „eru skráð í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeið og á gæsluleikvelli í sveitarfélagi sem keypt hefur trygginguna. Börnin eru sjálfkrafa váttryggð, ef þessar stofnanir eru reknar af sveitarfélaginu einu eða í samvinnu við aðra“.⁵⁶ Váttryggingin tekur til slysa, sem barn verður fyrir „í eða við framangreindar stofnanir, á leið að þeim til eða frá heimili og á ferðalögum innanlands á vegum þeirra“.⁵⁷ Trygging þessi er aðeins seld sveitarfélögum. Eins og sjá má af gildissviði hennar tekur hún til ákveðins félags- og tómsundastarfs en ekki alls. Sennilegt má telja að aðrir umsjónaraðilar félags- og tómsundastarfs gætu keypt sambærilegar tryggingar.

⁵⁴ Sjá von Eyben og Isager, *Lærebog i erstatningsret* (6. udg.) Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2007, bls. 112 og Viðar Má Matthíasson (2005) bls. 415–417.

⁵⁵ Engar upplýsingar um sambærilegar tryggingar var að finna á heimasíðum hinna stóru tryggingafélaganna. Það er því ekki ljóst hvort þær eru í boði.

⁵⁶ Sjá 1. gr. í skilmálum http://sjova.is/files/2008_12_23_Slysaftrygging%20skolabarna.pdf

⁵⁷ Gr. 2.2 í áður nefndum skilmálum.

Hvað snertir váttryggingar foreldra og barna og ungmenna, þá ber að geta þess að samkvæmt rannsókn Viðars Más Matthíassonar⁵⁸ eru í skilmálum heimilis- og fjölskyldutrygginga stóru tryggingafélaganna hérlendis, ábyrgðartryggingar, sem taka til tjóns sem heimilismenn verða fyrir við að verða skaðabótaskyldir skv. almennum reglum. Ábyrgðartrygging heimilis-tryggingarinnar greiðir því, með tilteknum skilyrðum og takmörkunum, þær bætur sem fjölskyldumeðlimunum ber að greiða vegna tjóns sem þeir hafa valdið. Sjá til hliðsjónar dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-5904/2007 en þar var Tryggingamiðstöðinni einmitt stefnt til réttargæslu vegna trygginga fjölskyldu stúlkunnar.

Teljast þeir sem starfa með börnum til starfsmanna félagsins og taki trygging vinnuveitenda þeirra til tjóns sem þeir valda í starfi gildir 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en þar segir: „Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.“ Teljist umsjónarmenn eða þjálfarar hins vegar ekki starfsmenn heldur sjálfstæðir verktakar er spurning um bótaskyldu þeirra beint og þ.a.l. hvort þeir kunni að þurfa að taka ábyrgðartryggingu. Eins og áður var getið gilda ábyrgðartryggingar heimilis- og fjölskyldutrygginga ekki í atvinnurekstri.

Hvað snertir börn og ungmenni sérstaklega kemur fram í skilmálunum að félagið bæti umfram lagaskyldu tjón sem barn váttryggingartaka undir tíu ára aldri veldur.

Það er niðurstaða Viðars Más, að vegna þess hvað heimilis- og fjölskyldutryggingar eru útbreiddar séu flest börn varin af þessum tryggingum; sem sagt njóti ábyrgðartryggingar á öllu tjóni sem þau valda undir tíu ára aldri og ábyrgðartryggingar á tjóni sem þau valda með skaðabótaskyldum hætti eftir þann aldur.⁵⁹ Hann telur þetta líklega skýringu á því hve fá dómsmál snerta tjón af völdum barna og ungmenna en minnir á að ekki séu öll börn varin af slíkum tryggingum og því megi ekki láta tilvist þeirra hafa áhrif á gáleysismat.

Mörg börn eru í tómstunda- og félagsstarfi varin af frítímaslysatriggingum sem eru innifaldar í mörgum heimilis- og fjölskyldutryggingum. Útbreiðsla frítímaslysatrigginganna er þó nokkru minni en ábyrgðartrygginga heimilis- og fjölskyldutrygginga.

⁵⁸ Sjá Viðar Må Matthíasson (2005) bls. 412.

⁵⁹ Sama heimild.

10. Samantekt og niðurstaða um lagabreytingar

Hér að framan var gerð stutt grein fyrir lagarammanum um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna og þar á meðal lýst aðgæslu- og eftirlitsskyldum, sem hvíla á þeim sem hafa umsjón með börnum. Því var lýst að almennar reglur skaðabótaréttar gilda um þá sem standa að félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglínga, þ.m.t. reglurnar um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni sem starfsmaður hans veldur með saknæmum hætti og meginreglan um að sök (ásætning eða gáleysi) þurfi til að skaðabótaskylda stofnist.

Þessar reglur leiða samanlagt til þess að þeim sem standa að félags- og tómstundastarfi ber að sjá til þess að allur aðbúnaður sé forsvaranlegur og að starfsfólk uppfylli skilyrði þau sem gerð eru í lögum og hljóti þá þjálfun sem þarf til að geta sinnt eftirlits- og aðgæsluskyldum sínum. Starfsfólkinu ber að sýna þá varkárni sem ætlast má til, miðað við aðstæður og aldur barnanna. Víki það frá viðurkenndri háttsemi, að teknu tilliti til laga og reglna og annars sem kann að hafa áhrif á gáleysismatið, getur það bakað félaginu bótaskyldu.

Fjallað var sérstaklega um það hverjir gætu talist til starfsmanna í félags- og tómstundastarfi og um hlutverk foreldra í því sambandi. Þá var fjallað um möguleika á tryggingum; frítímaslysaftryggingar sem foreldrar taka fyrir börn sín (hluti af fjölskyldutryggingum); ábyrgðartryggingu þeirra sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi; frítímaslysaftryggingu barna tekna af sveitarfélögum eða hugsanlega öðrum auk þess sem vikið var að fjölskyldutryggingum foreldra en í þeim felst m.a. ábyrgðartrygging.

Við mat á því hvort ástæða sé til að óska eftir breytingum á reglum er til þess að líta að lítið hefur reynt á bótaskyldu í félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglínga fyrir dómstólum. Þetta bendir til þess að tiltölulega fá alvarleg tjón verði, það sé ekki mikill ágreiningur um bótaskyldu og fá tjón séu alveg óbætt því ella myndu menn láta reyna á skaðabótarétt sinn.

Eins og nú stendur gilda almennar reglur um bótaskyldu þeirra sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi. Þannig þarf að taka afstöðu til þess í hvert sinn hvort starfsmaður er starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitendaábyrgð eða ekki. Það hvort barn eða annar sem verður fyrir tjóni geti sótt bætur til félagsins eða aðeins til viðkomandi starfsmanns ræðst af því.

Spurningarnar varðandi lagabreytingar hljóta að vera:


- hvort menn telji ásætlanlegt hvernig börn og ungmenni sem slasast í slíku starfi fá tjón sitt bætt og
- hvort bótareglurnar eins og þær eru núna valdi því að aðilar sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi þurfi frekari laga- eða tryggingavernd.

Hvað fyrri liðinn snertir eru börn og ungmenni sem slasast í slíku starfi tryggð eins og þau eru endranær. Tjón manna er almennt ekki bætt að fullu nema einhver beri á því skaðabótaábyrgð og sama gildir á þessu sviði. Þetta leiðir til þess að einhver fjöldi barna og ungmenna slasast í félags- og tómstundastarfi án þess að fá tjón sitt bætt. Það sama myndi vissulega gilda ef þau slösuðust heima hjá sér eða á leið milli húsa. Hér gilda m.ö.o. sömu reglur og endranær. Almenn afstaða til þess hvort beri að slysatryggja börn betur en aðra hópa verður ekki tekin hér en slík slysatrygging yrði væntanlega aðeins framkvæmd í gegnum almannatryggingakerfið.

Hvað seinni spurninguna varðar verður að líta til þess að þeir sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi bera ábyrgð eins og aðrir, ekki viðari. Það virðist því óskynsamlegt að gera kröfu um skylduváttryggingu, hvort heldur er ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu, á þessu sviði en ekki t.d. í atvinnurekstri. Þá er spurning hvort það yrði til þess að þátttökugjöld barna og ungmenna myndu hækka verulega og aðgengi að félags- og tómstundastarfi því minnka.

Það sem helst kynni að eyða óvissu á þessu sviði – og styrkja stöðu þeirra sem verða fyrir tjóni – er að skýrt sé samið um það ef þjálfarar, flokksstjórar eða aðrir eiga að teljast sjálfstæðir verktakar en ekki starfsmenn. Það skiptir máli fyrir viðkomandi starfsmann að vita hvort hann þurfi sjálfur að bæta það tjón sem hann kann að valda í starfi og sömuleiðis verður þá skýrara hverjir bera ábyrgð ef barn eða annar verður fyrir tjóni. Hér verður að geta þess að meðal raka fyrir reglunni um vinnuveitendaábyrgð er bætt staða þess sem verður fyrir tjóni.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt eru ekki gerðar sérstakar tillögur um breytingar á lögum.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEFND



#Eskulyðsráð

ÖNNUR GÖGN

- *áhugaverðar heimasíður*
- *skráning íþróttamannvirkja*
- *álitsgerð um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga*

Áhugaverðar heimasíður:

Eftirfarandi eru áhugaverðar heimasíður þar sem hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar s.s. lög, reglugerðir og eyðublöð.

Alþingi Íslands	http://www.althingi.is/
Árvekni (slysavarnir barna)	http://www.arvekni.is
Brunamálastofnun	http://www.brs.is/
Geislavarnir ríkisins	http://www.gr.is/
Iðntæknistofnun	http://www.iti.is/
Landlæknir	http://www.landlaeknir.is/
Löggildingarstofa	http://www.ls.is/
Mannvirkjavefurinn	http://www.isisport.is/mannvirki/
Menntamálaráðuneytið	http://www.menntamalaraduneyti.is
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	http://www.rabygg.is
Samband íslenskra sveitafélaga	http://www.samband.is/
Skipulag ríkisins	http://www.skipulag.is/
Staðlaráð	http://www.stadlar.is
Umhverfisstofnun	http://www.ust.is/
Tryggingastofnun ríkisins	http://www.tr.is/
Vinnueftirlit ríkisins	http://www.vinnueftirlit.is/
Alþjóða staðlaráðið (ISO)	http://www.iso.ch/
Bandaríska staðlaráðið (ANSI)	http://www.ansi.org/
Evrópustaðlar (CEN)	http://www.cenorm.be/



Mannvirkjavefurinn

Samstarfsverkefni Menntamálaráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Mörg undanfarin ár hafa Menntamálaráðuneytið og Íþróttasamband Íslands (ÍSí) safnað upplýsingum um íþróttamannvirki á Íslandi. Reynt hefur verið að skrá sem ítarlegastar upplýsingar um gerð og fjölda mannvirkja, ástand þeirra og aldur og hefur mest áhersla verið lögð á að halda góða skrá yfir sundlaugar og íþróttahús.

Árið 1993 sendi ÍSí spurningalista til sveitarfélaga þar sem spurt var hvort íþróttamannvirki væru í sveitarfélaginu og þá hver. Undirtektir voru mjög misjafnar og tók drjúgan tíma að innheimta svör. Aftur var gert samskonar átak árið 1995 og náðist að bæta við nokkrum upplýsingum, þó enn vantaði töluvert á. Árið 1996 var haldið áfram að skrá það sem á vantaði, en árið 1997 var svo hafið átak til að safna þessum upplýsingum og gefin út skýrsla með niðurstöðum þeirrar skráningar.

Fyrir stofnþing Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, þann 1. nóvember 1997, var gefin út áfangaskýrsla 1 með fyrstu niðurstöðum þessarar skráningar. Þar var mannvirkjum raðað eftir sambandsaðilum ÍSí (þ.e. íþróttabandalögum og héraðssamböndum) og hafði skýrslan að geyma ítarlegar upplýsingar og töflur með þeim upplýsingum sem höfðu borist. Var markmiðið að gefa fulltrúum þessara aðila tækifæri á að sjá hvaða mannvirki væru talin innan þeirra svæðis og jafnframt að sýna þá fjölbreyttu möguleika sem gott gagnasafn býr yfir.

Þann 6. nóvember 1997, fyrir fund íþróttafulltrúa sveitarfélaganna og Menntamálaráðuneytisins, var gefin út áfangaskýrsla 2 með nánast sömu upplýsingum og í fyrstu áfangaskýrslu. Að þessu sinni var skýrslan sett upp á annan hátt, þ.e. mannvirkin voru flokkuð eftir sveitarfélögum.

Árið 1998 var gefin út skýrsla um íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1997. Í þessari skýrslu er mannvirkjum raðað eftir sveitarfélögum. Mikil áhersla er lögð á samanburð milli kjördæma, flokkun mannvirkja og fjölda þeirra. Ítarlegri upplýsingar er síðan að finna í gagnagrunni ÍSí og Menntamálaráðuneytisins um íþróttamannvirki.

Þá var einnig settur upp mannvirkjavefur sem hafði að geyma allar þær upplýsingar sem búið var að skrá í gagnagrunninn.

Nú í upphafi ársins 2002 er búið að endurbæta vefinn og bæta við fjölmörgum valmöguleikum.

- Fulltrúar sveitarfélaga og mannvirkja geta sjálfir breytt upplýsingum um sín mannvirki.
- Búið er að bæta við myndum á vefinn.
- Búið er að tengja vefinn við fréttavef isisport.is og allar þær mannvirkjafréttir sem þar eru skráðar birtast einnig á mannvirkjavefnum.
- Hægt er að nálgast fjölmargar skýrslur og upplýsingar um staðla fyrir íþróttamannvirki.
- Hægt er að finna tölfræðiupplýsingar um íþróttamannvirki á Íslandi.
- Þá er að finna tengla við aðrar heimasíður er geyma upplýsingar um íþróttamannvirki.
- Hægt er að leita að íþróttamannvirkjum í gagnagrunninum á fjölbreytilegann hátt.

Slóðin er: www.isisport.is/mannvirki